FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING

258. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FÖSTUDAGUR 25. NÓVEMBER 2022

BLACK FRIDAY

20-60%

AF ÖLLUM VÖRUM* Í ALLAN DAG

REYKJAVÍK – AKUREYRI – ÍSAFJÖRÐUR

OPIÐ TIL KL. 22.00

www.husgagnahollin.is VEFVERSLUN

SMÁVÖRUPANTANIR YFIR 9.900 KR. ERU SENDAR FRÍTT TIL JÓLA Í PÓSTBOX OG PAKKAPORT PÓSTSINS

* Gildir ekki af Skovby né sérpöntunum.

Reykjavík Bíldshöfði 20

Akureyri Dalsbraut 1

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is 558 1100

HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

VEFVERSLUN

BLACK FRIDAY

30% AFSLÁTTUR

HELGA

3ja sæta sófi með fallegu Natur áklæði. 218 x 97 x 81 cm.

181.993 kr. ~~259.990 kr.~~

35% AFSLÁTTUR

HIGH END

2ja sæta sófi með gulu áklæði. 230 x 65 x 80 cm.

246.994 kr. ~~379.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

DC 3600

Klassískur og fallegur 3ja sæta sófi. Þykkt savoy/split leður. áklæði. 202 x 80 x 80 cm.

209.993 kr. ~~299.990 kr.~~

35% AFSLÁTTUR

HORSENS

Rafdrifinn hægindastóll. Svart eða grátt leður.

175.435 kr. ~~269.900 kr.~~

35% AFSLÁTTUR

CANNES

Hægindastóll og skammel. PVC áklæði. Ýmsir litir

129.994 kr. ~~199.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

BRISTOL

Hægindastóll. Svart leður.

119.993 kr. ~~159.990 kr.~~

35% AFSLÁTTUR

GRAN

Hægindastóll. Ýmsir litir.

64.994 kr. ~~99.990 kr.~~

40% AFSLÁTTUR

CHRISTO

Borðstofuborð. Hvítolíuborin eik. Ø120 cm.

83.994 kr. ~~139.990 kr.~~

40% AFSLÁTTUR

RICHMOND

Borðstofuborð. Olíuborinn eikarspónn á borðplötu með fiskibeinamynstri. Ø120 x 75 cm.

59.994 kr. ~~99.990 kr.~~

35% AFSLÁTTUR

CONNECT

Borðstofuborð með stækkunum. Eik. 200 x 100 x 74,8 cm.

188.494 kr. ~~289.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

YORK

Borðstofustóll. Svart eða brúnt PU leður.

20.243 kr. ~~26.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

Opið til kl. 22^{00} í dag 25. nóvember

Fyrirhöfnin er svo falleg

Tímamót ➤ 36

Pussy Riot á Íslandi



Menning ➤ 42

FRÉTTABLAÐIÐ

258. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FÖSTUDAGUR 25. NÓVEMBER 2022

Stíft var fundað milli aðila vinnumarkaðarins í Karphúsinu, skrifstofum ríkissáttasemjara, í gærdag. Meðal annars var rætt um gerð skammtímakjarasamninga. SJÁ SÍÐU 4 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Munur á lífslíkum kvenna að aukast

Nýjar rannsóknir á vegum Hjartaverndar sýna að bein fylgni er á milli menntunar og lífslengdar fólks hér á landi.

ser@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Menntunarstig hefur veruleg áhrif á lífslíkur Íslendinga, einkum kvenna, að því er nýjar íslenskar rannsóknir benda til. Sérstaka athygli vekur að konur sem fengið hafa litla menntun geta almennt gert ráð fyrir styttri lífslengd en langskólagengnar konur – og fer munurinn vaxandi. Þar munar orðið mörgum árum.

„Auðvitað spyr maður af hverju þetta er svona," segir Thor Aspelund, prófessor í líftölfræði við Háskóla Íslands, sem er einn þeirra sem unnu rannsóknina að tilhlutan Hjartaverndar.

Rannsóknin tók til sex þúsund þátttakenda sem voru flokkaðir eftir menntunarstigi, „og þá kom í ljós þetta bil á milli fólks," segir Thor, sem var gestur í nýjasta þætti af Vísindunum og okkur á Hringbraut þar sem fjallað er um fræðastörf vísindamanna innan skólans.

Thor telur svarið líklega felast í lífsstíl. „Rannsóknin leiðir í ljós að það er miklu meira um hjartasjúkdóma hjá fólki með litla menntun en hjá þeim sem hafa sótt sér meiri menntun," bendir Thor á – og telur að ætla megi að hinir meira menntuðu hafi meira svigrúm í lífinu.

Rannsóknin sýni fram á mikilvægi menntunar. „Það er eitthvað í henni sjálfri sem gerir fólk sterkara og hjálpar því við að viðhalda hreysti og lengja lífið fyrir vikið," segir Thor.

> **Rannsóknin leiðir í ljós að það er miklu meira um hjartasjúkdóma hjá fólki með litla menntun.**

Thor Aspelund, prófessor í líftölfræði við Háskóla Íslands

Tölur Hagstofunnar staðfesti þessa þróun, en þar er fylgst með fylgni menntunar og lífslengdar. „Þetta sést líka í sambærilegum erlendum rannsóknum. Við erum ekkert öðruvísi en aðrir hvað þetta varðar," segir Thor og telur fulla ástæðu til að hafa áhyggjur. „Það er ekki aðeins að bilið á milli kvenna með litla menntun og langa skólagöngu er að aukast hér á landi heldur sýnist okkur að það stefni í sömu átt hjá körlum."

Samfélagið þurfi að læra af niðurstöðunum. „Þetta er auðvitað ekki sanngjarnt og fyrir vikið verðum við að leggja áherslu á að auka jöfnuð í samfélaginu," segir Thor. ■

Sögulega fáar íbúðir seldar

FASTEIGNIR Meira en fimmtungi færri íbúðir í fjölbýli voru seldar á höfuðborgarsvæðinu í síðastliðnum október samanborið við mánuðinn þar á undan. Færri fjölbýli hafa ekki verið seld í einum mánuði á suðvesturhorninu í meira en tvö ár.

„Vaxtahækkanir og óvissa bíta augljóslega," segir Ýmir Örn Finnbogason, yfirmaður viðskiptagreiningar hjá Deloitte. SJÁ SÍÐU 8

Ýmir Örn Finnbogason, yfirmaður viðskiptagreiningar hjá Deloitte



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ályktun Íslands og Þýskalands var samþykkt í gær

sbt@frettabladid.is

MANNRÉTTINDI Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti í gær ályktun Íslands og Þýskalands um að stofnuð verði sjálfstæð og óháð rannsóknarnefnd. Á hún að safna upplýsingum og gögnum sem nýst geta til að draga þá til ábyrgðar sem ofsótt hafa friðsama mótmælendur í Íran undanfarnar vikur.

„Þetta eru gríðarlega sterk skilaboð til þeirra sem eru að berjast fyrir grundvallarréttindum í Íran," segir Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir utanríkisráðherra.

Ályktunin var samþykkt með 25 atkvæðum gegn 6.

Undanfarnar vikur hafa fjölmenn mótmæli geisað í Íran þar sem konur og stúlkur hafa krafist þess að njóta grundvallarmannréttinda. Stjórnvöld hafa tekið mótmælendum af fádæma hörku og talið er að á fjórða hundrað hafi látið lífið síðan mótmælahrinan hófst. ■

Heiðursgestir í Hörpu

Mikið var um dýrðir í Hörpu í gærmorgun þegar úkraínski balletthópurinn Kyviv Grand Ballet tók lokaæfingu af Hnotubrjótnum eftir Tsjajkovskíj ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir sérstaka heiðursgesti. Flóttafólki frá Úkraínu var boðið á sýninguna en fyrsta formlega sýningin fór fram í gærkvöldi. Balletthópurinn hefur verið á tónleikaferðalagi um heiminn síðan stríðið í Úkraínu hófst. SJÁ SÍÐU 44 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lofar alvöru sveitaballastemningu

erlamaria@frettabladid.is

MENNING Stórsöngvarinn Helgi Björns lofar alvöru sveitaballastemningu í kvöld, þegar hljómsveitin SSSól stígur á stokk á stórdansleik í Kvikunni í Grindavík. Hann segist ekki muna hversu langt er síðan hljómsveitin lék síðast á sveitaballi.

„Maður er kominn á þann aldur að maður getur leyft sér að segja „ég man ekki neitt"," segir Helgi.

Tími sveitaballanna hafi verið frábær tími, sveipaður ákveðnum dýrðarljóma.

„Þetta var mjög sérstakur tími og skemmtilegur. Við vorum að spila og fólk mætti með flöskuna í strengnum, setti hana á borðið og svo var dansað út í eitt. Þetta voru alvöru „live" tónleikar. Bara íslensk bönd að spila íslensk lög og allir með, allur aldur. Ég held að það verði þannig á morgun," segir Helgi, og heldur áfram:

Hljómsveitin SSSól spilar á stórdansleik í Kvikunni í Grindavík í kvöld.

„Þetta er sjaldgæft tækifæri til að mæta á alvöru ball og vera í stuði. Og ef einhverjir kunna að skemmta sér, þá eru það Grindvíkingar." ■

Snjóleysi á landinu vekur ánægju á landsbyggðinni

Óhemju lítið hefur snjóað í vetur og lítil þörf á snjómokstri. Framkvæmdastjóri að vestan segist sáttur við snjóleysið. Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála á Akureyri segir sparnað bæjarins töluverðan.

benediktarnar@frettabladid.is

VEÐUR Öfugt við undanfarin ár hefur lítið sem ekkert snjóað á landinu það sem af er vetri. Elvar Kristinn Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Þotunnar í Bolungarvík, segir gott að geta unnið í sínum venjulegu verkefnum.

„Veturinn hefur verið æðislegur. Þú færð ekkert væl úr mér. Það er svo mikið að gera í jarðvinnu að við viljum ekki sjá snjó. Það er bara svoleiðis," segir Elvar, sem hefur sinnt vetrarþjónustu fyrir Vegagerðina á Flateyrarvegi fyrir vestan.

Undanfarin ár hefur Elvar þurft að takast á við mikinn snjó og hafa þrjár snjóblástursvélar sem hann á verið á fullu við að ryðja vegi, sem hafa orðið ófærir sökum snjós.

Elvar segist ekki verða fyrir tekjutapi þrátt fyrir að lítið sem ekkert sé að gera í snjómokstri.

„Málið er það að hérna fyrir vestan er mikil uppbygging og það eru allir á fullu. Sú vinna sem við stundum daglega, hún leggst af þegar við förum í snjómokstur. Þannig að þetta jafnast út," segir Elvar og bætir við að hann sé samt sem áður alltaf klár þegar kallið kemur.

„Ég er með þrjár vélar sem standa bara á keðjum núna og eru að bíða eftir snjó. En mér er alveg sama, af því að það er svo mikið að gera," segir Elvar.

Snjómoksturstæki hafa lítið verið kölluð út það sem af er vetri. Verktakar sem ryðja vegi eru ánægðir með snjóleysið. MYND/AÐSEND

> Veturinn hefur verið æðislegur. Þú færð ekkert væl úr mér.

Elvar Kristinn Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Þotunnar í Bolungarvík

Rut Jónsdóttir, forstöðumaður umhverfis- og sorpmála á Akureyri, segir að aðeins hafi verið kallaðir út verktakar til að moka snjó einu sinni í nóvember.

„Við höfum lítillega þurft að hálkuverja götur og gangstéttir, þannig að kostnaðurinn við snjómokstur þetta haustið er nánast enginn," segir Rut og bætir við að hreinsun gatna hafi fengið meiri athygli þetta árið en venjulega.

Rut Jónsdóttir, forstöðumaður umhverfis- og sorpmála á Akureyri

„Í staðinn höfum við náð að halda götunum hreinum. Það er aukinn kostnaður þar, en ekkert samanborið við að vera með tuttugu snjóruðningstæki úti," segir Rut.

Rut telur að verktakarnir sem eru kallaðir út til að moka snjóinn fagni því að sinna venjulegum verkefnum.

Sömuleiðis segir Rut að Akureyrarbær nái að sinna þeim verkefnum sem hefðu venjulega farið á hilluna út af snjó. „Við náum að vinna í þeim áfram vegna góðra veðurskilyrða."

Akureyringar eru þekktir fyrir heit sumur og snjómikla vetur. Rut segir samt sem áður að ekki sé hægt að spá hvort jólin verði rauð eða hvít fyrir norðan. „Viljum við ekki hvít jól og fá snjóinn?" spyr Rut. ■

BLACK FRIDAY

TILBOÐ GILDA ÚT SUNNUDAGINN 27.11

SPARIÐ ALLT AÐ 50%

VEFVERSLUN
RFL.IS
ALLTAF OPIÐ

OPIÐ TIL 22:00 Í DAG FÖSTUDAGINN 25. NÓV.
Á SMÁRATORGI, BÍLDSHÖFÐA, AKUREYRI OG SELFOSSI.
OPIÐ TIL 19:00 Í SKEIFU, GRANDA, FITJUM OG VÖRUHÚSI

SKOÐAÐU ÖLL BLACK FRIDAY TILBOÐIN!

RÚMFATA LAGERINN

87 voru sektaðir á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lögreglan sektar sem aldrei fyrr

kristinnhaukur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL 116 einstaklingar hafa verið sektaðir fyrir að nota nagladekk utan leyfilegs tíma á þessu ári. Þetta er langtum meira en sektað hefur verið undanfarin ár. Flestar sektirnar hafa verið gefnar út á höfuðborgarsvæðinu, alls 87.

Ekki er heimilt að nota nagladekk frá 15. apríl til 31. október en lögreglan hefur sýnt sveigjanleika í ljósi veðurfars í einstaka tilvikum.

Í svari Jóns Gunnarssonar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Andrésar Inga Jónssonar, þingmanns Pírata, kemur fram að 346 hafi verið sektaðir vegna nagladekkjanotkunar á undanförnum fimm árum. 53 árið 2018, 91 árið 2019, 40 árið 2020 og 46 árið 2021. ■

Gæsluvarðhald framlengt á ný

jonthor@frettabladid

LÖGREGLUMÁL Búið er að staðfesta áframhaldandi tveggja vikna gæsluvarðhald yfir báðum mönnunum í hryðjuverkamálinu. Þeir hafa nú setið í varðhaldi í samtals níu vikur. Hámarkið er tólf vikur.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður annars mannsins, hyggst kæra úrskurðinn til Landsréttar.

Einar Oddur Sigurðsson, lögmaður hins mannsins, segir héraðssaksóknara telja tvær vikur til viðbótar vera nægan tíma til að ganga frá rannsókninni og ákveða með útgáfu ákæru. ■

Konur frá Íran og Afganistan leiða Ljósagönguna

lovisa@frettabladid.is

MANNRÉTTINDI Ljósaganga UN Women fer fram klukkan 17 í dag á Alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Dagurinn markar upphaf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi, sem UN Women á Íslandi er í forsvari fyrir ásamt fjölda annarra öflugra félagasamtaka hér á landi. Gangan hefur ekki farið fram síðustu tvö ár vegna Covid-19 takmarkana.

Yfirskrift Ljósagöngunnar í ár er Konur, líf, frelsi, sem er jafnframt slagorð mótmælanna sem hafa staðið yfir í Íran í rúma þrjá mánuði. Zahra Mesbah frá Afganistan og Zohreh Aria frá Íran munu leiða gönguna í ár og jafnframt segja nokkur orð áður en gangan hefst.

Hið alþjóðlega 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi beinir kastljósinu í ár að kvenmorðum en samkvæmt tölum UN Women voru 81.100 konur myrtar árið 2021 um allan heim. Þar af voru um 45.000 þeirra myrtar af eiginmanni sínum, sambýlismanni, unnusta eða öðrum nátengdum karlmönnum. Þetta samsvarar því að kona sé myrt á heimili sínu á 11 mínútna fresti.

Ljósaganga fer fram kl. 17 í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Gangan hefst klukkan 17.00 á Arnarhóli við styttu Ingólfs Arnarsonar og gengið verður suður Lækjargötu og upp Amtmannsstíg að Bríetartorgi. Harpa verður lýst upp í appelsínugulum lit. Á Bríetartorgi verður síðan boðið upp á heitt kakó og Gradualekór Langholtskirkju mun flytja nokkur lög. ■

Vaxtahækkanir Seðlabankans sagðar mun meira mein en verðbólguáhrif

Þingmaður segir að Seðlabankinn hagi sér eins og ríki í ríkinu. Auknar líkur á skammtíma kjarasamningi. Katrín sögð klók að hafa boðað til fundar í gær.

bth@frettabladid.is

KJARAMÁL Forystufólk verkafólks ræddi í gær með baklandi sínu hugmyndir um kjarasamninga til skamms tíma fremur en að slíta viðræðum. Vaxtahækkun Seðlabankans hefur hlotið alhliða fordæmingu.

Í húsakynnum ríkissáttasemjara var fundað stíft í gær. Stefnt hafði verið að því að ljúka fundinum klukkan 18 en þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær stóðu fundarhöld enn þá yfir. „Það er enn þá samtal í gangi," sagði Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ, þegar klukkan var gengin í 21.

Sagði hann ekki augljóst hversu lengi yrði setið við en verið væri að fara yfir kostina í stöðunni. „Það er erfitt að meta hvort líkur séu á skammtímasamningi á þessari stundu," sagði hann.

Gærdagurinn hófst með því að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra boðaði helstu viðsemjendur með skömmum fyrirvara á sinn fund í Stjórnarráðinu. Það var að sögn Halldórs Benjamíns Þorbergssonar, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, klókt skref hjá forsætisráðherra. Miklu varði að stjórnvöld leggi sitt lóð á vogarskálar vegna krísunnar sem upp er komin.

Katrín bauð þó ekki upp á neinar töfralausnir og hún vildi ekki leggja mat á ákvörðun Seðlabankans.

Aðalsteinn Leifsson ríkissáttasemjari reynir að leysa hnútinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Vaxtaaðgerðir Seðlabankans eru verri en verðbólgan sjálf.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, þingmaður

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir að skoðanir séu skiptar um hvort slíta eigi viðræðum eða reyna til þrautar að semja.

„Ég get lofað þér því að mínir félagsmenn á lágstrípuðum töxtum eru ekki með sínar tær á Tenerife," sagði Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Halldór Benjamín segir að ákvörðun Seðlabankans sé mikill afleikur sem muni hafa alvarlegar afleiðingar að óbreyttu. Málið snúist um traust og orðheldni.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, þingmaður Flokks fólksins, sem situr í efnahags- og viðskiptanefnd segist ætla að reyna að taka málið upp í nefndinni. „Vaxtaaðgerðir Seðlabankans eru verri en verðbólgan sjálf," segir hún.

Þingkonan vísar í því samhengi til þess að mánaðarleg útgjöld fjögurra manna fjölskyldu höfðu í júní síðastliðnum hækkað um 82.000 krónur á einu ári. Af því voru 15.000 krónur vegna hækkunar á matvælum og eldsneyti á meðan mánaðarlegar vaxtagreiðslur af 40 milljóna króna óverðtryggðu láni höfðu hækkað um 67.000 krónur

Síðan hefur Seðlabankinn enn hækkað vexti þannig að vaxtabyrði sömu fjölskyldu óx á einu bretti um 33.333 krónur og fór upp í 100.000 krónur.

„Ég vil taka þetta mál upp, en svörin hér á þingi hafa jafnan verið: Seðlabankinn ræður," segir Ásthildur Lóa.

„Seðlabankinn er eins og ríki í ríkinu." ■

Tækifærin bíða þín

Nú tökum við Cyber Monday með trompi og bjóðum 25% afslátt af öllum námskeiðum sem pöntuð eru og greidd mánudaginn 28. nóvember á **dale.is**.

Tilboðið gildir líka af gjafakortum sem hægt er að velja fyrir hvaða upphæð sem er. Ath. hægt er að nota frístundastyrkir og niðurgreiðslur frá starfsmenntasjóðum.

25% afsláttur gildir aðeins mánudaginn 28. nóv. á dale.is

Dale Carnegie

Meira þakklæti

HAGKAUP

Tilboð gilda út 27. nóvember

Kjúklingabringur
Verð áður 2.859
2.430 kr/kg

Smash style hamborgarar 2 x 140 g
Verð áður 849
769 kr/pk

Smjörsprautað kalkúnaskip
Verð áður 4.299
3.654 kr/kg

Stefania Calugi ítalskar truffluvörur fyrir sælkera

Snowdonia margverð-launaðir Cheddar ostar frá Wales
899 kr/stk

Ítölsk parmaskinka 12, 18 og 20 mánaða
verð frá **999** kr/pk

Hafna stækkun Breiðholtsbrautar

kristinnpall@frettabladid.is

REYKJAVÍK Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna í umhverfis- og skipulagsráði, vísuðu frá tillögu Kolbrúnar Baldursdóttur, áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um breikkun Breiðholtsbrautar frá Jafnaseli að Rauðavatni sem lögð var fram fyrr á árinu. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá.

Fyrr á árinu lýsti Kolbrún stöðunni sem neyðarástandi á Breiðholtsbraut, vegna viðvarandi umferðarteppa á svæðinu. Eðlilega framkvæmdin væri að tvöfalda Breiðholtsbrautina.

Kolbrún Baldursdóttir, Flokki fólksins

Samgöngustjóri Reykjavíkurborgar, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, lagði til að breyta ljósastýringum og sagði þetta vera í vinnslu hjá samstarfshópi um umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu.

Í kjölfa frávísunarinnar lýsti Kolbrún yfir vonbrigðum með ákvörðunina í bókun sinni og sagði hvorki Reykjavíkurborg né Vegagerðina vilja skoða málið. „Varla er hægt að hrósa hér fyrir afkastagetu í vinnubrögðum," sagði Kolbrún jafnframt og vísaði til samstarfshópsins. ■

Húsavíkurvöllur að grotna niður

benediktboas@frettabladid.is

HÚSAVÍK Byggðarráð Norðurþings skorar á ríkið og Isavia að sinna viðhaldi flugstöðvarbyggingarinnar á Húsavíkurflugvelli. Í bókun ráðsins frá fundi í vikunni segir að tími sé kominn á viðhald en því hefur ekki verið sinnt í fjölda ára.

„Árið 2012 hófst flugrekstur aftur eftir hlé frá aldamótum. Nú er reglubundið flug um völlinn, í byggingunni starfar fólk og um hana fara þúsundir farþega á ársgrundvelli. Því er það eðlileg og skýlaus krafa byggðarráðs Norðurþings að viðhaldi verði sinnt," segir í bókuninni. ■

Elstu ljósmyndir af Íslandi taldar vera týndar

ser@frettabladid.is

MENNING Einhverjar elstu ljósmyndir sem teknar hafa verið hér á landi, og komu fram í Austurríki árið 2012, virðast nú vera glataðar að sögn Guðmundar J. Guðmundssonar, sagnfræðings og menntaskólakennara.

Myndirnar tók austurríski ferðalangurinn Ida Pfeiffer árið 1845 og ætlar Guðmundur að þær sýni tvö kot í Reykjavík, en óljósar myndir birtust með frétt um málið í austurrísku tímariti árið 2012.

„Það var eldra fólk sem átti myndirnar, afkomendur Idu Pfeiffer, og þær virðast bara vera horfnar af yfirborði jarðar," segir Guðmundur og bætir því við að búið sé að leita að þeim án árangurs. „Þannig að sjálfar plöturnar virðast vera glataðar," segir hann enn fremur.

Guðmundur, sem er gestur Björns Jóns Bragasonar í þættinum Saga og samfélag á Hringbraut á laugardagskvöld, þýddi ferðabók Idu Pfeiffer sem út kom á dögunum. Hann telur að mikill fengur væri að því að fá myndirnar. Reynt hafi verið að ná sambandi við afkomendur hennar en það hafi engan árangur borið. ■

> Þær virðast bara vera horfnar af yfirborði jarðar.
>
> Guðmundur J. Guðmundsson, sagnfræðingur og menntaskólakennari

Vaxtahækkunin rýrir trúverðugleika og ógnar stöðugleika á vinnumarkaði

Seðlabankinn hefur fengið harða gagnrýni frá aðilum vinnumarkaðarins, sem telja að stýrivaxtahækkun bankans í gær spilli mjög fyrir framgangi kjarasamninga sem komnir voru nokkuð á skrið. Aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins segir vaxtahækkunina draga úr trúverðugleika bankans og valda óstöðugleika.

olafur@frettabladid.is

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri og peningastefnunefnd bankans sitja nú undir harkalegri gagnrýni hagfræðinga og aðila vinnumarkaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SEÐLABANKINN Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins, segir vaxtahækkunina mjög illa tímasetta, ekki síst með tilliti til kjarasamninga. Hann segir hana auka mjög vandræði við að ná kjarasamningum á skynsamlegum nótum, sem sé ein mikilvægasta forsenda stöðugleika.

„Bankinn hefur margsinnis lýst því yfir að það verkefni að ná stöðugleika sé sameiginlegt verkefni Seðlabankans, hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins. Hafa forsvarsmenn bankans ítrekað undanfarið biðlað til aðila vinnumarkaðarins um að leggjast á árar með Seðlabankanum um að ná niður verðbólgunni. Nú er bankinn hins vegar uppvís að því að valda upplausn við gerð kjarasamninga og óstöðugleika á vinnumarkaði."

Ákvörðunin nú opinberar, að mati Ingólfs, að peningastefnunefnd sé ekki nægjanlega vel tengd við gang mála í viðræðunum eða vilji ekki hlusta á þau skilaboð sem þaðan koma. „Hvort sem er verður það að teljast alvarlegt mál þegar verkefnið að tryggja stöðugleika er, eins og forsvarsmenn bankans hafa orðað það, sameiginlegt verkefni."

> Nú er bankinn hins vegar uppvís að því að valda upplausn við gerð kjarasamninga.

Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins

Ingólfur bendir á að við kynningu á vaxtahækkuninni 5. október síðastliðinn hafi seðlabankastjóri gefið sterklega til kynna að um væri að ræða síðustu vaxtahækkun bankans í bili. Stutt sé frá því að þau orð voru látin falla og í raun rennt stoðum undir þann breytta tón sem nú sé í forsvarsmönnum bankans um þörf fyrir hækkun vaxta. „Þessi hringlandaháttur í skilaboðum dregur úr trúverðugleika bankans og verðbólgumarkmiðsins, sem er mjög slæmt. Bankinn þarf trúverðugleika til þess að verðbólgumarkmiðið sé það akkeri fyrir verðbólguvæntingar sem þarf til að tryggja lága verðbólgu."

Ingólfur segir engin rök hafa verið færð fyrir því að ekki hefði verið hægt að bíða þar til skýrar línur væru komnar í kjarasamningana.

„Það er hætta á því að glannaskapur Seðlabankans í vaxtahækkunum geti kostað hagkerfið óþarflega mikið," segir Ingólfur sem bendir á að vextir hafi hækkað hratt og óvíst sé hversu hratt þeir skili sér í lægri verðbólgu. Útlit sé fyrir að verulega dragi úr hagvexti á næsta ári og vaxtahækkunin leiki þar hlutverk.

„Peningastefnunefnd bankans hefði átt að halda vöxtum bankans óbreyttum nú og segja að hún myndi bíða og sjá til með þróunina. Skynsamlegt hefði verið fyrir bankann að bíða og sjá til hvernig þróun kjarasamninga yrði. Einnig tekur tíma fyrir vaxtahækkanir að hafa áhrif á eftirspurn og verðbólgu og skynsamlegt hefði verið fyrir bankann að bíða eftir því að skýrari línur kæmu fram um þau áhrif," segir Ingólfur Bender. ■

Segja skýrsluna standa óhaggaða

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun hafnar aðdróttunum ákveðinna fjölmiðla síðustu daga um að annarleg sjónarmið hafi ráðið för við úttektarvinnu embættisins.

Í yfirlýsingu Ríkisendurskoðunar kemur fram að við vinnslu og í umsagnarferli skýrslu embættisins voru upplýsingar og athugasemdir sem fram komu af hálfu Bankasýslu ríkisins hafðar til hliðsjónar og tekið tillit til atriða sem embættinu þótti eiga rétt á sér og vörðuðu efni skýrslunnar og afmörkun hennar.

Skýrslan stendur því óhögguð þrátt fyrir greinargerð sem Bankasýslan birti um miðjan mánuðinn. „Fullyrt hefur verið meðal annars að umfjöllun Ríkisendurskoðunar um tilboðabók söluferlisins byggi á misskilningi embættisins. Það er rangt," segir í yfirlýsingunni.

Frá fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Er bent á að í skýrslu embættisins kemur fram að svör Bankasýslu ríkisins til embættisins og Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í maí byggðu á Excel-skjali sem innihélt marga annmarka en ekki uppfærðri og villulausri útgáfu þess.

Bankasýslan áttaði sig ekki á þeirri staðreynd fyrr en í umsagnarferli úttektarinnar í október.

Segir í yfirlýsingunni að gögn málsins sýni að Bankasýslan var, líkt og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar, ekki að fullu meðvituð um rauneftirspurn fjárfesta þegar ákvörðun um leiðbeinandi lokaverð var tekin að kvöldi 22. mars. „Ekki er um neinn misskilning af hálfu Ríkisendurskoðunar að ræða," segir í yfirlýsingunni. ■

2017 2022 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
2016 2022 Framúrskarandi fyrirtæki
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF
VIÐARPARKETI, HARÐPARKETI
& VINYLPARKETI
GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG GOTT VERÐ
FÁÐU TILBOÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

Reykjanesbær. Hlutfall innflytjenda er hæst á Suðurnesjum.

Innflytjendur á Suðurnesjum nálgast þriðjung

bth@frettabladid.is

MANNFJÖLDI Innflytjendum á Íslandi fjölgar enn hlutfallslega, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Þeir eru nú 61.148 eða 16 prósent mannfjöldans.

Hlutfall innflytjenda er nokkuð mismunandi eftir landshlutum. Hæst er hlutfallið á Suðurnesjum eða um 28 prósent af fyrstu eða annarri kynslóð.

Vestfirðir eru í öðru sæti yfir þá landshluta sem skarta mestum innfluttum mannauði hlutfallslega. Þar er hlutfall innflytjenda 22,3 prósent. ■

Styrkur til rannsókna á áhrifum Covid-19

helenaros@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Rannsóknasamstarfið COVIDMENT, sem Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands er aðili að, hlaut nýverið norrænan styrk að andvirði 140 milljónir króna, til áframhaldandi rannsókna á langtímaáhrifum kórónaveirufaraldursins á lýðheilsu, með áherslu á geðheilbrigði.

Styrkurinn er til þriggja ára og hefur verkefnið nú fengið hátt 300 milljónir króna í styrki í heild, að því er fram kemur á vef Háskóla Íslands. Haft er eftir Unni Önnu Valdimarsdóttur, prófessor í faraldsfræði við Læknadeild Háskóla Íslands sem leiðir samstarfið, að styrkurinn sé mikilvægur fyrir rannsóknirnar sem eigi á endanum að draga upp mynd af heildaráhrifum og afleiðingum faraldursins á heilsu fólks. ■

Aukning í notkun rafhlaupahjóla á leið út á lífið

kristinnpall@frettabladid.is

REYKJAVÍK Í nýrri könnun Gallup um rafhlaupahjólanotkun í Reykjavík kemur fram að tæplega helmingur svarenda notar hjólin í ferðir til eða frá skemmtistöðum, veitingastöðum og börum. Það er aukning frá sambærilegri könnun í árslok 2020.

Er könnunin var rædd í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur kallaði Kolbrún Baldursdóttir, áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins, eftir fræðsluátaki um hættuna af því að ferðast á rafhlaupahjóli undir áhrifum áfengis og vímuefna.

Fólk með háskólapróf var talsvert líklegra til að nota hjólin til að fara á skemmtistaði, veitingastaði og bari, 54 prósent svöruðu játandi.

Þrjú þúsund einstaklingar voru í úrtakinu og var þátttökuhlutfallið 46,2 prósent. Tæplega 18 prósent eru með rafhlaupahjól á heimilinu og rúmlega þriðjungur notar þau að staðaldri.

Alls 43 prósent höfðu aldrei prófað rafhlaupahjól en 72 prósent 18 til 24 ára nota þau. Sjö prósent 65 ára eða eldri nota hjólin.

Tíu prósent svarenda hafa lent í óhappi á rafhlaupahjóli og 1 prósent í óhappi undir áhrifum áfengis. ■

Margir nýta sér rafhlaupahjól í skemmtanalífinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sögulega fáar íbúðir seldar í október

Vaxtahækkanir og óvissa í efnahagsmálum hafa leitt til umskipta á fasteignamarkaði sem fer nú kólnandi eftir langvarandi verðhækkanatíma.

ser@frettabladid.is

FASTEIGNIR Meira en fimmtungi færri íbúðir í fjölbýli voru seldar á höfuðborgarsvæðinu í síðastliðnum október samanborið við mánuðinn þar á undan. Ekki hafa verið seldar jafn fáar íbúðir í þessum fasteignaflokki í einum mánuði á suðvesturhorninu í meira en tvö ár.

Þetta kemur fram á fasteignamælaborði Deloitte sem er byggt á staðfestum sölutölum frá Þjóðskrá Íslands. Þar segir jafnframt að enda þótt salan hafi dregist saman til muna haldist verð á fasteignum svo til óbreytt á milli mánaða, en meðalverðið á fermetra í fjölbýli var 709 þúsund í október, tveimur þúsundum króna hærra en í september.

„Vaxtahækkanir og óvissa bíta augljóslega," segir Ýmir Örn Finnbogason, yfirmaður viðskiptagreiningar hjá Deloitte, og metur það svo að þessi þróun haldi áfram í næsta mánuði, enda viðsjár í kjara- og efnahagsmálum.

Þróunin á fasteignamarkaði er sú sama hvað einbýli og fjölbýli varðar. Færri eignir eru seldar í báðum flokkum. Hvað einbýlin varðar voru 16 prósentum færri eignir af því tagi seldar í október í samanburði við september – og í þeim flokki heldur fermetraverð áfram að lækka, fór úr 647 þúsundum króna í 624 þúsund að meðaltali.

Ef þriggja mánaða ferli er skoðað hvað sérbýli varðar, frá ágúst til október, sést að lækkunin nemur sjö prósentum sem er öndvert við nærri tveggja ára verðþróun á fasteignamarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu – og raunar víðar um land, en langvarandi verðhækkanaferli virðist nú vera að baki.

„Verð fyrir fasteignir endurspeglar kaupgetu fólks til að fjárfesta. Það sem helst hefur áhrif á þetta mengi, eftirspurnarmegin, er kostnaðurinn við peninga, sem eru vextir – og hækkun þeirra hefur augljós áhrif til kólnunar," segir Ýmir Örn.

Ef horft er yfir landið allt sést að verð á fjölbýli hefur heldur hækkað á Norður- og Austurlandi, en lækkað á Suður- og Vesturlandi, samkvæmt mælaborði Deloitte. ■

Fasteignamarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er að kólna eftir langvarandi verðhækkanatímabil.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Vaxtahækkanir og óvissa bíta augljóslega.

Ýmir Örn Finnbogason, yfirmaður viðskiptagreiningar hjá Deloitte

> Fermetraverð einbýlis lækkaði úr 647 þúsund krónum að meðaltali í 624 þúsund.

Ótækt að sláturhús fái undanþágur

kristinnhaukur@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Félag atvinnurekenda gagnrýnir harðlega drög að frumvarpi Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra um hagræðingu í sláturiðnaði. Með frumvarpinu verður afurðastöðvum í sláturiðnaði heimilað að stofna og starfrækja félög um flutning gripa, slátrun, birgðahald og frumvinnslu, til að ná fram hagræðingu.

Samkvæmt ráðuneytinu er frumvarpið lagt fram til samræmis við tillögur spretthóps vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu.

Í umsögn Ólafs Stephensen, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda, kemur fram að félagið leggist eindregið gegn frumvarpinu. Það telji málið til óþurftar, skaða íslenskt atvinnulíf og neytendur og skapa stórvarasamt fordæmi.

Bendir hann á að margir sláturleyfishafar séu í prýðilegum rekstri. Svo sem Kaupfélag Skagfirðinga sem hagnast hefur um 18,3 milljarða króna á undanförnum 4 árum, þar af 5,4 milljarða í fyrra. Þá var hagnaður Stjörnugríss 325 milljónir króna árið 2021, sem sé hækkun um 68 prósent frá árinu áður, og hagnaður Sláturfélags Suðurlands var 232 milljónir króna í fyrra.

> KS, SS og Stjörnugrís skiluðu miklum hagnaði árið 2021.

Segir í umsögninni að algjörlega ótækt sé að sérhagsmunahópar geti með þessum hætti pantað undanþágur frá samkeppnislögum frá stjórnvöldum, telji þeir rekstur sumra fyrirtækja ekki ganga nógu vel. „Slíkt skapar afar varasamt fordæmi og ryður að mati félagsins brautina fyrir heldur aumkunarverðan pilsfaldakapítalisma," segir Ólafur í bréfinu.

Víkur hann meðal annars að tollkvóta Evrópusambandsins, sem innlendir framleiðendur hafa keypt upp að stórum hluta. „Því er ósvarað hvaða áhrif lögfesting undanþágunnar, sem lögð er til í frumvarpinu, hefði á möguleika innlendra afurðastöðva á kjötmarkaði á að sölsa jafnvel undir sig allan tollkvótann fyrir kjötvörur og hindra þannig alveg samkeppni frá innflutningi." ■

SVARTUR FÖSTUDAGUR Í LYFJU

25% afsláttur

af öllum gjafakössum dagana 25. -28. nóvember í verslunum og í netverslun Lyfju.

Vellíðan er besta gjöfin

LYFJA

Höfnin í Þorlákshöfn mun taka stakkaskiptum með framkvæmdunum. MYND/AÐSEND

Stórhuga hafnarbændur í Þorlákshöfn fá ódýrt grjót

Fimm milljarða framkvæmdir eru fyrirhugaðar við höfnina í Þorlákshöfn til ársins 2026. Mest allt grjótið kemur úr námu sem varð til við landmótun lóðar fiskeldisstöðvar.

benediktboas@frettabladid.is

ÖLFUS Umfangsmiklar framkvæmdir standa nú yfir í höfninni í Þorlákshöfn. Meðal helstu verkþátta eru lenging Suðurvarargarðs um 250 metra, endurbygging Suðurvararbryggju og endurbygging Svartaskersbryggju. Í drögum að fjárhags- og framkvæmdaáætlun, sem tekin var fyrir í framkvæmda- og hafnarnefnd, er gert ráð fyrir að heildarkostnaður til ársins 2026 verði 5,6 milljarðar króna. Þar af 1,8 milljarðar á næsta ári.

„Umsvif Smyril Line í Þorlákshöfn eru mikil og hafa aukist mikið á síðustu árum. Þessar hafnarbætur eru til þess gerðar að bæta aðstöðuna fyrir fyrirtækið. Auk þess er verið að vinna að framkvæmdum við landeldisverkefni, sem munu geta framleitt allt að 130 þúsund tonn af laxi auk fleiri stórra verkefna í sveitarfélaginu. Við erum því að vinna að uppbyggingu nauðsynlegra innviða eins og stækkunar hafnarinnar," segir Eiríkur Vignir Pálsson, formaður framkvæmda- og hafnarnefndar Ölfuss.

Þær framkvæmdir sem eru þegar farnar af stað eru lenging Suðurvarargarðs og endurbygging Svartaskersbryggju. Gífurlega mikið efni þarf til að lengja Suðurvarargarð og er heildarstærð framkvæmdasvæðisins um 4,5 hektarar. Grjótmagnið sem fer í lengingu brimvarnargarðsins er áætlað um 300.000 rúmmetrar. Allt grjót nema það stærsta kemur úr námu sem varð til við landmótun lóðar fiskeldisstöðvarinnar Landeldis ehf. í Þorlákshöfn.

„Landeldi ehf. þarf að móta lóðina hjá sér til að setja upp fjöldann allan af kerjum fyrir laxeldi," segir Eiríkur og bendir á að til þess hafi fyrirtækið þurft að taka burt 300 þúsund rúmmetra af efni. „Þar sem þetta átti að gerast á sama tíma og framkvæmdirnar við höfnina var farið í að rannsaka bergið í lóð Landeldis og kom í ljós að það hentaði ágætlega."

Ölfus samdi því við forsvarsmenn Landeldis um að framkvæmdaaðilar hafnarinnar sæju um að sprengja og moka burt efninu en Landeldi myndi borga vissa upphæð á hvern fermetra. „Verktakinn fær í staðinn að hirða grjótið. Með þessu verður framkvæmdin hagstæðari fyrir Landeldi og við fáum grjót á góðum kjörum," segir Eiríkur.

Hann segir að þessar framkvæmdir séu til þess gerðar að gera Þorlákshöfn mögulegt að taka á móti 180-200 metra löngum skipum. Þá bendir hann á að framkvæmdirnar muni bæta öryggi notenda hafnarinnar því þær séu til þess gerðar að gera öldulag betra og auðveldara fyrir stór skip að athafna sig innan hafnarinnar.

> Með þessu verður framkvæmdin hagstæðari fyrir Landeldi og við fáum grjót á góðum kjörum

Eiríkur Vignir Pálsson, formaður Framkvæmda- og hafnarnefndar Ölfuss

„Áætlanir gera ráð fyrir að þegar vinnu við þessar framkvæmdir er lokið þá verði höfnin þegar orðin of lítil til að mæta þörfum atvinnulífsins. Þess vegna erum við byrjuð að undirbúa næstu skref sem liggja í frekari stækkun hafnarinnar til norðurs," segir Eiríkur. ■

Vilja endurmeta hönnun leikskóla í miðbænum svo opna megi sem fyrst

kristinnpall@frettabladid.is

REYKJAVÍK Á nýjasta fundi skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram spurningu um hvort að tímabært væri að endurskoða útboð í tengslum við Miðborgarleikskóla og fjölskyldumiðstöð að Njálsgötu 89.

Í tveimur útboðum til þessa hafi ekki tekist að ná samningum og því sé hægt að spyrja hvort breyta þurfi forsendum. „Það er mín skoðun að það þurfi eitthvað að endurmeta verkefnið, þar sem það berst ekki tilboð sem er í takt við þessa kostnaðaráætlun heldur fer langt fram úr. Þá ber að staldra við," segir Marta Guðjónsdóttir, annar fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í ráðinu.

Vorið 2020 var fyrsta skrefið tekið með því að boða til hönnunar- og framkvæmdasamkeppni um nýjan miðborgarleikskóla og fjölskyldumiðstöð sem ætti að rísa á reit sem hefur iðulega verið titlaður Njálsgötureitur.

Marta Guðjónsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í Reykjavík

Í árslok 2020 var tilkynnt hvaða hönnun varð fyrir valinu og var farið í útboð fyrr á þessu ári. Engin tilboð bárust í verkefnið í fyrra útboðinu á Evrópska efnahagssvæðinu í nýbyggingu og lóðahönnun leikskólans, en þegar verkefnið var boðið aftur út barst aðeins eitt tilboð. Það var upp á 2,6 milljarða sem er 1,1 milljarði yfir kostnaðaráætlun, 71,6 prósentustigum hærra en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

„Það eru valkostir til staðar. Hönnunin er mjög dýr, það er kannski hugmynd að endurhanna bygginguna eða framkvæma þetta í áföngum til að hægt sé að opna leikskólann sem fyrst. Það ætti að vera forgangsatriði að endurmeta þetta verkefni svo að það sé hægt að taka næsta skref.

Við erum enn með hundruð barna á biðlista eftir leikskólaplássi og það er ekki hægt að una því lengur," segir Marta og heldur áfram: „Ef áætlanir hefðu staðist værum við langt á veg komin og farið að styttast í að húsið yrði nothæft. Það þarf að bregðast við svona seinagangi strax." ■

Myrkir markaðsdagar.

lýkur á miðnætti

Allt að
-34%

Bækur
Yfir 300 titlar á lækkuðu verði

Allt að
-30%

Sjónvörp
Úrval af sjónvörpum frá 38" - 75" frá Samsung, Sony, LG, Philips og Sharp

Allt að
-40%

Talar íslensku!

Leikföng
Fjölbreytt úrval þekktra merkja Fisher Price, Barbie, Nerf, Hot Wheels, Baby born, Magnatiles Lego, Playmobil, Chicco

Allt að
-40%

Raftæki
iRobot, klakavél, uppþvottavél, heyrnartól, snjallúr, tölvuleikjavörur, hátalarar, rakvélar

Allt að
-10%

Apple
Apple vörur allt að 20% afsláttur. Airpods, iPhone, iPad, Apple Watch

Allt að
-40%

Snyrtivörur
Úrval af snyrtivörum

Allt að
-30%

Jóladagatöl
Úrval af leikfangadagatölum Hvolpasveit, Barbie, Minecraft, Lego, Play-Doh og Playmobil

Allt að
-30%

Spil og púsl
Vinsælu spilin eru hjá okkur

Allt að
-50%

Heimilistæki
Heimilistæki í miklu úrvali

heimkaup

Anniken Huitfeldt, utanríkisráðherra Noregs. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sýni að Rússum sé að mistakast

gar@frettabladid.is

ÚKRANÍA „Hversu örvæntingarfullt er árásarland orðið ef það vill frysta fólk í hel?“ spurði Anniken Huitfeldt, utanríkisráðherra Noregs, í viðtali við Verdens gang í gær.

VG segir utanríkisráðherranum augljóslega ekki standa á sama um sprengjuregn Rússa í Úkraínu undanfarna daga, þar sem þeir hafa náð að svipta 70 prósent Úkraínumanna rafmagni.

„Þett er skýr sönnun þess að Rússland nær ekki árangri á vígvellinum,“ sagði Huitfeldt við VG. ■

Pútín á fundi í Armeníu á miðvikudag.

Pútín þurfi nýja herkvaðningu

gar@frettabladid.is

RÚSSLAND Danski hernaðarsérfræðingurinn Anders Puck Nielsen telur að Vladímír Pútín, forseti Rússlands, þurfi fljótlega að kveðja fleiri menn til vopna. Frásagnir af miklu tapi á vígvellinum og hermönnum sem neiti að berjast, gætu valdið her landsins vanda.

Í samtali við Danmarks Radio segir Nielsen að agavandamál plagi her Rússa. Hermenn kvarti til dæmis undan skorti á vopnum, mat, þjálfun og tiltrú á yfirboðurum sínum. „Samanlagt er fjöldi þessara frásagna mjög mikill,“ hefur DR eftir honum. ■

Úkraínumenn að störfum eftir að Rússar létu hríð S-300 flugskeyta dynja á borginni Zaporízja í október. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Styrkja loftvarnir Evrópulanda eftir að flugskeytin tvö sprungu í Póllandi

Löndin í austurhluta Evrópu reyna nú að styrkja loftvarnir sínar sem aldrei fyrr. Þjóðverjar hafa sett af stað verkefni sem á að skapa loftvarnahjúp yfir Evrópu.

gar@frettabladid.is

EVRÓPA Flugskeytin sem rötuðu inn fyrir landamæri Póllands á dögunum og urðu þar tveimur að bana, hafa vakið áhyggjur af öryggi loftrýmisins yfir austurhluta Evrópu.

Spænska stórblaðið El País segir frá því að NATO-þjóðir í austurhlutanum hafi hert viðleitni sína til að styrkja loftvarnir sínar, til að hindra slíka atburði á meðan stríðið í Úkraínu stendur yfir.

Þjóðverjar hafa boðið Pólverjum varnarkerfi sem þeir eiga í fórum sínum til vara og byggja á bandarískum Patriot-loftvarnaflaugum, auk þess sem þeir vakta loftrýmið með orrustuþotum. Pólverjar þáðu boðið strax með þökkum, en þegar fréttir bárust af árásum Rússa síðdegis í fyrradag á innviði í Úkraínu, lagði varnarmálaráðherra Póllands, Mariusz Blaszczak, til að Patriots-flaugunum yrði frekar komið til Úkraínumanna.

„Það myndi vernda Úkraínu frá frekara mannfalli og straumrofi og tryggja landamæri okkar til austurs,“ sagði Blaszczak á Twitter. El País bendir á að slík ráðstöfun þurfi bæði samþykki Þjóðverja, sem eiga umræddar flaugar og Bandaríkjanna, þar sem flaugarnar eru framleiddar.

El País segir að Evrópulöndin sem eigi landamæri að Rússlandi og hafi árum saman varað við hættunni af útþenslu- og heimsvaldastefnu Rússa, séu í hæstu viðbragðsstöðu. Pólland og Eystrasaltslöndin verji nú þegar dágóðum hluta þjóðartekna sinna til varnarmála og í Eistlandi, til að mynda, sé rætt um að auka framlögin enn frekar í þennan málaflokk.

Atvikið í Póllandi hefur að sögn El País sett af stað viðvörunarbjöllur í Litáen, sem verið hafi meðlimur í NATO frá árinu 2004. Litáar vilja styrkja loftvarnir sínar eins fljótt og auðið sé. Þjóðaröryggisráð Litáen hafi samþykkt á mánudaginn að flýta kaupum á meðaldrægum gagnflaugum. Haft er eftir ráðgjafa Gitanas Nauseda, forseta Litáens, að þetta sé forgangsmál til að tryggja öryggi, áður en toppfundur NATO fer fram í höfuðborginni Vilníus á næsta ári.

Þjóðverjar hafa hrundið af stað verkefni sem ætlað er að skapa skjöld til að vernda loftrýmið yfir Evrópu. Fimmtán ríki eiga þegar aðild að verkefninu, sem felur í sér samhæfðar loftvarnir í samstarfi við NATO, til að bregðast við ógninni af Rússum. Pólverjar eiga ekki aðild að þessu verkefni en El País segir að líkur á þátttöku þeirra hafi aukist með fyrrnefndu samstarfi þeirra við Þjóðverja í kjölfar atviksins með flugskeytin sem sprungu á pólskri grundu.

Þótt löndin næst Rússlandi hafi fengið endurnýjaðan áhuga á loftvörnum sínum, bendir El País á að loftvarnabúnaður sem hafi verið til reiðu hafi að talsverðu leyti þegar verið sendur til Úkraínu. Afar takmarkað sé hvað standi til boða í þessum efnum. Slóvakar hafi til að mynda sent Úkraínu rússneskar S-300 loftvarnaflaugar og með því skilið eftir ákveðið gat í eigin vörnum. Svipað eigi við um önnur lönd. ■

> **Þjóðverjar hafa hrundið af stað verkefni sem ætlað er að skapa skjöld til að vernda loftrýmið yfir Evrópu.**

SUBARU

Confidence in Motion

SUBARU **FORESTER**

TILBÚINN Í ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

SUBARU e-BOXER

Nýja kynslóðin af e-BOXER vél SUBARU sameinar BOXER-vél og rafmótor fyrir sportlegan akstur í hljóðlátu og þægilegu farþegarými án óæskilegs hávaða og titrings, jafnvel þegar ekið er á ójöfnum vegum. Hann er stöðugur í beygjum, þrátt fyrir jeppahæðina, auk þess að vera vandlega þróaður til að draga úr þreytu á lengri ferðalögum til að allir geti notið ánægjulegrar akstursupplifunar. Komdu og reynsluaktu nýjum Forester e-BOXER í dag.

Til afhendingar strax!

SUBARU FORESTER e-BOXER, 4x4, SJÁLFSKIPTUR

Verð frá: 7.490.000 kr.

FLEX leiguverð frá: 180.390 kr. á mánuði.
Miðað við 36 mánuði og 18 þ.km. á ári. Nánar á flex.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ*

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.subaru.is

EyeSight
Driver Assist Technology

ENNEMM / SÍA / NM012527

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

TAX FREE

Seríur og jólaskraut

Skreytingarefni • Jólastyttur
Servíettur • Jólaskraut
Kerti • Jólaljós • Jólaseríur
Jólapappír • Gervijólatré

Opið sunnudag um land allt
Sjá nánar á husa.is

Tax Free tilboð jafngildir 19,35% afslætti

40%

eta since 1943

Loftsteikingarpottur
5,2 ltr, stillanlegt hitastig 80-200°C. Snerti stjórnborð. **1851561**
14.814kr
~~24.690 kr~~

40%

eta since 1943

Ryksuguvélmenni
Moppar og ryksugar, beygir frá stigum og hindrunum. **1852100**
29.394kr
~~46.990 kr~~

35%

eta since 1943

Ryksuguvélmenni
Ryksugar gólfið og þurrkar, beygir frá stigum og hindrunum. **1852102**
42.240kr
~~64.990 kr~~

BerlingerHaus

Pottur og panna
I-Rose.
2003127
6.054kr
~~10.090 kr~~

40%

BerlingerHaus

Pottasett
Rosewood, 4 stk. **2001833**
6.169kr
~~9.490 kr~~

35%

40%

BerlingerHaus

Hnífasett
Black Rose á segulstandi, 6 stk. **2001828**
4.267kr
~~7.112 kr~~

40%

BerlingerHaus

Hnífapör
Mirror, 24 stk.
2003195
6.894kr
~~11.490 kr~~

Flísar
35% afsláttur



Parket
30% afsláttur

Bökunarvörur
30% afsláttur

Hreinsiefni og áhöld
30% afsláttur

HÚSASMIÐJAN

20-80%

KOL
SVÖRT VIKA

Tilboð sem þú gleymir aldrei

Aðeins **40** stk.

28%

Þú sparar **60.000** kr.

SAMSUNG
Snjallsjónvarp QLED
4 QLED, 20W, árgerð 2022.
1860816
149.900 kr
~~205.900~~ kr

31%

SAMSUNG
Snjallsjónvarp QLED
4 QLED, 75", árgerð 2022.
1860818
219.900 kr
~~319.900~~ kr

Aðeins **40** stk.

41%

eta since 1943

Þvottavél
1400 sn., með kolalausum mótor, tekur 8 kg. 1853100
49.990 kr
~~84.990~~ kr

25%

Milwaukee

Sett
18V sett, höggvél 60Nm, hersluvél 1/4". 5255842
51.360 kr
~~68.490~~ kr

Aðeins **40** stk.

35%

HiKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

Borvél, 18V
Með 100 fylgihlutum.
5247088
32.495 kr
~~49.395~~ kr

80%

damixa™
Eldhús-blöndunar-tæki
Elara. 8000214
4.290 kr
~~21.590~~ kr

80%

damixa™
Sturtusett
Rowan með sápuskál. 8000237
4.290 kr
~~21.590~~ kr

Skoðaðu öll tilboðin

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar".

Forseti undirbúningsnefndarinnar með lukkudýr Parísarleikanna.

Kostnaðurinn við ÓL í París hækkar

kristinnpall@frettabladid.is

ÓLYMPÍULEIKAR Skipuleggjendur Sumarólympíuleikanna í París 2024 búast við því að hækka kostnaðaráætlunina um tíu prósent vegna áhrifa verðbólgunnar á undirbúning keppninnar. Með því hækkar undirbúningskostnaðurinn úr 4 milljörðum evra í 4,4 milljarða evra og fer heildarkostnaður leikanna yfir 8 milljarða evra, eða í tæplega 1,2 billjarða íslenskra króna.

Að sögn skipulagsnefndarinnar ber verðbólgan mesta ábyrgð á hækkun kostnaðaráætlunarinnar en einnig aukinn kostnaður við opnunarhátíðina og ýmis örygigsatriði.

Á sama tíma tilkynntu skipuleggjendur að það væri búið að tryggja tæplega milljarð í auglýsingatekjur ásamt því að gera ráð fyrir meiri tekjum í miðasölu en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. ■

Álagið er mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Pestir herja á bandarísk börn

odduraevar@frettabladid.is

BANDARÍKIN Umgangspestir eins og inflúensa og RSV-vírus herja á bandarísk börn sem aldrei fyrr, að því er The Atlantic greinir frá. Hið sama er upp á teningnum þar og hér heima, en í vikunni sagði yfirlæknir á Barnaspítala Hringsins að álagið væri mikið.

Bandarískt miðillinn ræðir við barnalækna sem segja ástandið þar vestanhafs það versta í rúm tuttugu ár. Í síðustu viku hvöttu samtök bandarískra barnalækna ríkisstjórn Joes Biden til að lýsa yfir neyðarástandi vegna hinnar miklu útbreiðslu RSV-vírussins. ■

Uppfærir kæru gegn Trump

helenaros@frettabladid.is

BANDARÍKIN Blaðakonan E. Jean Carroll hefur uppfært kæru sína gegn Donald Trump, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna.

Ný lög tóku nýverið í gildi í New York sem gerðu Carroll kleift að kæra Trump fyrir kynferðisbrot sem á að hafa átt sér stað í mátunarklefa verslunar um miðjan tíunda áratug síðustu aldar. Hún greindi frá brotinu fyrst árið 2019.

Carroll fer fram á skaðabætur og refsingu fyrir þjáningar sínar, líkamlegar og andlegar. ■

Talsmenn NASA segja að við séum að taka okkar fyrstu skref í langtíma geimrannsóknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Búseta á tunglinu möguleg fljótlega

Artemis-áætlun NASA hófst formlega í síðustu viku þegar öflugustu eldflaug allra tíma var skotið á loft frá Kennedy -geimferðamiðstöðinni á Canaveralhöfða í Flórída. Talsmaður NASA segist vona að geimfarar muni geta dvalið á tunglinu til lengri tíma innan tíu ára.

helgisteinar@frettabladid.is

GEIMVÍSINDI Fyrsta tilraunaflug Artemis-áætlunarinnar hófst fyrir sex dögum síðan og skömmu eftir hádegi í gær var ómannaða Óríon-geimhylkið komið 130 kílómetra frá yfirborði tunglsins. Tilraunaflugið er fyrsti leggur af þremur sem áætlaðir eru til að koma mannaðri áhöfn til tunglsins í fyrsta sinn í hálfa öld.

Um borð í Óríon eru þrjár gínur sem hafa það verkefni að skynja og mæla lífsmörk fyrir framtíðargeimfara. Geimfarið er einnig búið ýmsum skynjurum sem mæla titring, hröðun og geislun innanborðs. Óríon mun svo snúa aftur til jarðar þann 11. desember, þegar það lendir í Kyrrahafinu skammt frá San Diego.

Howard Hu, áætlunarstjóri Óríons, sagði í samtali við fréttastofuna BBC að verið væri að taka fyrstu skrefin í langtíma geimrannsóknum og að þetta væri mikill áfangi, ekki aðeins fyrir Bandaríkin, heldur heiminn allan. Hann bætir við að ef allt fari samkvæmt áætlun þá sé vonin sú að mannfólk geti búið á tunglinu innan áratugar.

„Við munum senda fólk niður á yfirborð tunglsins, sem mun dvelja þar og gera vísindatilraunir. Það er mikilvægt fyrir okkur að læra hvað býr fyrir utan sporbraut jarðar og síðan munum við taka risastórt skref þegar við förum til Mars," segir Howard.

Það liggur einnig önnur mikilvæg ástæða að baki þeirri ákvörðun að snúa aftur til tunglsins. Howard Hu segir að geimfarar muni kanna hvort það finnist vatn við suðurpól tunglsins. Ef svo er þá væri mögulega hægt að breyta því í eldsneyti fyrir geimfar sem myndi fara lengra út í geim.

Artemis-áætlunin markar einnig tímamót í fjölbreytileika og munu konur gegna mun stærra hlutverki en fyrr. Charlie Blackwell-Thomson er fyrsta konan sem fer fyrir þeirri deild NASA sem stýrir geimskotunum og um borð í Artemis-3 verður kvenkyns geimfari sem mun verða fyrsta konan til að ganga á tunglinu. Allir tólf geimfarar sem gengið hafa á tunglinu hafa hingað til verið karlmenn og þegar Apollo 11 var skotið á loft árið 1969 sat ein kona í stjórnarherberginu á meðal 450 karlmanna.

Ef allt gengur vel upp í þessari ferð þá mun NASA byrja að undirbúa Artemis-2 sem mun senda mannaða áhöfn til að fljúga um sporbraut tunglsins árið 2024. Skyldi sú ferð einnig heppnast verður Artemis-3 skotið á loft árið 2025 og mun það verða í fyrsta skipti sem gengið verður á tunglinu síðan 1972. ■

Heimildir: NASA, Space.com, Stratfor Myndir: NASA © GRAPHIC NEWS

> Við munum senda fólk niður á yfirborð tunglsins sem mun dvelja þar og gera vísindatilraunir.
>
> Howard Hu, áætlunarstjóri Óríons

> Um borð í Artemis-3 verður kvenkyns geimfari sem mun verða fyrsta konan til að ganga á tunglinu.

Rafmögnuð hönnun.
Frábær bíll verður enn betri.

Byltingin heldur áfram. Tæknilega fullkominn Hyundai Tucson Plug-in Hybrid setur ný viðmið í hagkvæmni, þægindum og glæsilegri hönnun. Tucson er hlaðinn spennandi tækni og sjaldan hefur boðist jafn vel búinn og glæsilegur borgarjeppi á jafn hagstæðu verði. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu.

Hyundai Tucson PHEV. Verð frá: 6.690.000 kr.

FLEX leiguverð frá: 173.290 kr. á mánuði.
Miðað við 36 mánuði og 18 þ.km. á ári. Nánar á flex.is

www.hyundai.is.

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

7 ÁRA Ábyrgð
Framtíðin er örugg

8 ÁRA Rafhlöðu
ábyrgðartrygging

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kaupandi greiðir fyrir reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is.

ENNEMM / SÍA / NM012526

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall
@frettabladid.is

Samuel Bankman-Fried var um tíma andlit rafmynta og meðal ríkustu manna heims áður en fór að fjara undan viðskiptaveldinu og það hrundi hratt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Heimur rafmynta er oft grjótharður

Á nokkrum dögum fór rafmyntakauphöllin FTX úr því að vera verðmetin á tugi milljarða dala, í gjaldþrot. Hugmyndin á bak við rafmyntir á að vera aukið gagnsæi fyrir notendur, en eigandi FTX, sem er um leið eitt af andlitum rafmynta, virðist hafa sótt í sjóði fyrirtækisins fyrir eigin hagsmuni.

„Einfaldasta leiðin til að útskýra hvað fór úrskeiðis er að stofnandinn virðist hafa tekið innistæður fólks sem hann á ekkert eignarhald yfir og notað í eitthvað annað, sem hann á ekki að gera. Hann virðist hafa lánað peningana til fjárfestingafélags sem er stýrt af kærustu hans, sem tapar peningunum í fjárfestingum. Þetta virðist vera svona kjarni þess hvað fór úrskeiðis og klassískt dæmi um hrun fjármálafyrirtækis og ekki eitthvað sem einskorðast við rafmyntir," segir Gunnlaugur Jónsson, framkvæmdastjóri Fjártækniklasans, þegar hann var beðinn um að útskýra fall rafmyntakauphallarinnar FTX á stuttan máta.

Á dögunum óskaði Samuel Bankman-Fried, stofnandi FTX, eftir greiðslustöðvun, eftir að viðræður við Binance, aðra rafmyntakauphöll, um yfirtöku á FTX, sigldu í strand. Með því varð ljóst að FTX væri verðlaust, en nokkrum dögum áður var fyrirtækið verðmetið á tugi milljarða dala.

„Ég hef aldrei séð jafn misheppnaða tilraun í stjórnarháttum innan fyrirtækis og það virðist enginn hafa haft yfirsýn yfir fjármál þess," kom fram í yfirlýsingu frá John J. Ray, skiptastjóra þrotabús FTX, sem sagði ástand fyrirtækisins mun verra en þegar hann tók þrotabú orkurisans Enron í gjaldþrotaskipti fyrir tuttugu árum síðan.

Á að auka gagnsæi

Nokkrum dögum eftir að fyrirtækið óskaði eftir greiðslustöðvun, heyrðust sögur af því að Bankman-Fried sem er aðeins þrítugur og var meðal ríkustu manna heims um tíma fyrr á þessu ári, hefði tekist að koma undan peningum frá notendum FTX áður en hann lýsti fyrirtækið gjaldþrota. Samkvæmt heimildum Reuters nýtti FTX fjármunina til að greiða fyrir 19 íbúðir á Bahamaeyjum og borgaði 121 milljón dala fyrir það, eða um 17,3 milljarða íslenskra króna.

> Þetta er ekki í fyrsta sinn sem eitthvað áfall verður, en alltaf lærir rafmyntaheimurinn og heldur áfram.
>
> Gunnlaugur Jónsson, framkvæmdastjóri Fjártækniklasans

„Hugmyndin um bálkakeðjutækni (e. Blockchain) á að bjóða upp á aukið gagnsæi um hvar peningur notenda liggur, þannig að möguleikinn á stuldi á ekki að vera til staðar. Innistæður sumra kauphallanna eru hins vegar ekki þannig. Þær liggja á peningum notendanna og geta dregið fé til sín og notað það í hluti sem þau eiga ekki að vera að nota þá í," segir Gunnlaugur og segir ákveðna kaldhæðni í því.

„Það er ákveðin kaldhæðni í því að fyrirtæki sem er í bálkakeðjutækni skuli hafa farið svona, því ef tæknin er notuð á réttan hátt er hægt að skapa gagnsæi sem gerir þetta ómögulegt."

Rafmyntamarkaðurinn harður

Til að setja hlutina í samhengi var fyrirtækið stofnað árið 2019 og í ársbyrjun 2021 gerði FTX 135 milljón dala samning um nafnaréttinn á heimavelli Miami Heat í NBA-deildinni í körfubolta í Bandaríkjunum. Þá var fyrirtækið með um 150 sekúndna auglýsingu í SuperBowl fyrr á þessu ári, en auglýsingaplássið eitt og sér kostaði 35 milljónir dala, um fimm milljarða íslenskra króna. Það má því segja að fyrirtækið hafi skotist fram á sjónarsviðið með látum, en um leið sé fallið afar hart.

„Sviptingar hafa verið miklar á rafmyntamörkuðum, enda eru þeir harðir, menn komast síður upp með vitleysu. Ég man eftir því þegar Mt. Gox var hökkuð og menn drógu sinn lærdóm af því. Það hafa átt sér stað miklar framfarir í öryggismálum á árunum sjö sem hafa liðið, og ég held að lærdómurinn sem menn taki úr þessu sé að auka gagnsæi. Að eigandi fjármunanna sjái betur hvar þeir liggi, því bálkakeðjan býður upp á það," segir Gunnlaugur og nefnir annað sambærilegt dæmi úr hefðbundnu bankakerfi.

„Wirecard hneykslið árið 2020 er annað en svipað dæmi. Fjártæknifyrirtæki í gamla heiminum sem falsaði reikninga og þóttist eiga pening sem þeir áttu ekki. Þeir voru með endurskoðanda frá einu af stærstu endurskoðunarfyrirtækjum heims, sem var grunlaus þangað til fjölmiðlar fóru að fjalla um málið og hann fór í að framkvæma sjálfstæða athugun hjá banka í Filippseyjum. Fram að því fékk hann bankayfirlit sent frá Wirecard, sem fullyrti að það væru innistæður upp á tvo milljarða evra í Filippseyjum, en bankinn kannaðist ekkert við þetta fyrirtæki. Wirecard var orðið stórt fyrirtæki í Þýskalandi og orðrómur kominn um að þau myndu taka yfir stærstu bankana, en þá var þetta einfaldlega svindl. Þetta hefði verið auðveldara að sannreyna ef peningarnir hefðu verið á bálkakeðjum, þannig að bálkakeðjutæknin hefur burði til að minnka líkur á svindli."

Rafmyntaheimurinn lærir

Gunnlaugur segir fall FTX dæmi um hinn harða heim rafmynta, þar sem sannleikurinn hefur tilhneigingu til að koma fram og neyða menn til umbóta.

„Það er margt búið að breytast. Áður fyrr var rafmynt iðulega tengd við peningaþvott, en nýleg könnun sýnir að það sé aðeins brotabrot af notkun rafmyntarinnar í dag. Menn læra og gera hlutina betur, þótt að þetta sé grjótharður og miskunnarlaus heimur. Einföld mistök geta farið illa með menn og það er hörð svipa á fólk að bæta sig og gera betur," segir Gunnlaugur, sem segir að það sé von á lagaramma utan um slíka starfsemi.

„Yfirvöld í Evrópu hafa verið að vinna að lagaramma utan um þennan rafmyntaheim af hálfu Evrópusambandsins, sem Ísland mun eflaust taka upp. Það heitir MICA (e. Markets in Crypto-Assets (MiCA) Regulation) og nær til rafmynta og býr til regluverk sem eiga að tryggja öryggi á bak við innistæðurnar. Einhverjir segja að það sé óþarfi því að fólk geti lært af reynslunni og neytendur og fjármagnseigendur

> Það er ákveðin kaldhæðni í því að fyrirtæki sem er í bálkakeðjutækni skuli hafa farið svona, því ef tæknin er notuð á réttan hátt er hægt að skapa gagnsæi sem gerir þetta ómögulegt.

Gunnlaugur Jónsson, framkvæmdastjóri Fjártækniklasans

eigi að geta sýnt fulla ábyrgð sjálfir með því að sannreyna hlutina."

Aðspurður hvort að þetta dragi úr trúverðugleika rafmynta segist Gunnlaugur ekki vera viss.

„Þetta getur dregið úr trúverðugleika rafmynta hjá þeim sem vita ekki hvernig þær virka. Þær eru tækni sem er miklu stærri og merkilegri en einstakir leikendur. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem eitthvað áfall verður, en alltaf lærir rafmyntaheimurinn og heldur áfram. Þessi maður, Bankman-Fried, hefur kannski verið andlit rafmynta í einhvers huga og fólk vill gjarnan tengja andlit við ákveðinn málstað. Á sama tíma er það ljóst að svindlið hans heppnaðist með því að sleppa því að beita bálkakeðju og það er grunnur þess að koma í veg fyrir að þetta komi upp aftur að nota bálkakeðjur til að skapa gagnsæi og traust." ■

KONTOR REYKJAVÍK

Farmers Market

ICELAND

VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK: FARMERS & FRIENDS

Laugavegur 37



Hólmaslóð 2 / Grandi

WWW.FARMERSMARKET.IS

Staðið upp og klappað eftir vel lukkaða tónleika í Búdapest. MYNDIR/AÐSENDAR

Þeir félagar Óskar, Stefán Stefánsson og Alexander Örn Númason hoppa af kæti í Vínarborg eftir vel lukkaða tónleika.

Fóru í gegnum þrjá bíla á sjö vikna tónleikaferðalagi

Rokkhljómsveitin The Vintage Caravan er komin heim til Íslands eftir sjö vikna ferðalag um Evrópu. Drengirnir spiluðu víða og lentu í alls konar ævintýrum. Þeir blása til tónleika í Hörpu í kvöld en fara eftir það í langþráð frí.

benediktboas@frettabladid.is

Stund milli stríða í Þýskalandi með stóra krús af öli.

„Við ákváðum að spara aðeins og vera á einhvers konar camper-bíl en fólk reyndar skildi ekkert í að við værum að ferðast um alla Evrópu á þessum bíl.

Það voru sjö kojur í bílnum, smá setustofa og hress pólskur bílstjóri með græjurnar okkar í eftirdragi. En það fór vel um okkur og allt í góðu," segir Óskar Logi Ágústsson, söngvari hljómsveitarinnar The Vintage Caravan, sem er nýkomin heim eftir sjö vikna ferðalag um Evrópu.

Hljómsveitin hitaði fyrst upp fyrir sænsku málmsveitina Opeth í tvær vikur en tók svo fimm vikna túr þar sem hún var aðalnúmerið og hljómsveitin Volcanova tók að sér að hita upp. Farið var um Spán, Frakkland, Þýskaland og flest öll lönd í Austur-Evrópu. Meira að segja Armeníu þar sem þeir spiluðu á Starmus-hátíðinni, þar sem margt af gáfaðasta fólki heims kom saman.

„Þetta var alveg grillað en stórskemmtilegt," segir Óskar en hátíðin snýst um geiminn og vísindi. Brian May, gítarleikari Queen, hefur lengi mætt á hátíðina og teymi frá NASA heldur fyrirlestra auk Evrópsku geimferðastofnunarinnar.

Myglaður bíll

„Skyndilega vorum við farnir að hanga með fólki sem vinnur fyrir NASA og fólki sem hefur farið út í geim. Einn Nóbelsverðlaunahafi vildi selfí með okkur. Sagðist vera aðdáandi sem var skemmtilegt. Svona hálf súrrealískt," segir Óskar. Fleiri tónlistarmenn létu sjá sig eins og Serj Tankian, söngvari System of a Down, og trommuleikarinn Simon Phillips.

Eftir að hafa fengið VIP-meðferð í Armeníu var haldið út á vegi Evrópu á þessum litla camper-bíl. „Margir bílar hafa staðið síðan Covid-bylgjan skall á. Fyrst fengum við vitlausan bíl og notuðum einn frídag til að sækja þann rétta. En hann var eiginlega bara myglaður. Við urðum bara leiðir við að fara inn í bílinn. Það var allt skítugt og myglublettir í loftræstikerfinu. Hann líka bilaði í vegkanti tveimur tímum síðar þannig að það var bara fínt. Bílstjórinn fór í að bjarga málunum og talaði við allt og alla og snéri svo að okkur og sagði að góðu fréttirnar væru að hjálpin myndi koma. En hún myndi ekki koma fyrr en eftir tólf klukkutíma," segir Óskar og hlær.

Eftir sjö vikur á ferðalagi er komið að lokahnykk ársins. Stórtónleikum í Hörpu. Hann segir að það sé aðeins öðruvísi að spila hér heima en erlendis. „Það er ekkert óþægilegt þegar mamma eða pabbi mæta því pabbi hefur fylgt okkur lengi. Pabbi var alltaf að róta fyrir okkur því við byrjum bara þrettán ára að spila á pöbbum í borginni. Það er alltaf voða skemmtilegt að spila fyrir pabba.

En auðvitað er það skrýtið að renna sér á hnjánum og hlaða í eitthvert gítarsóló og litli frændi minn sem er orðinn stór situr skyndilega beint fyrir framan mig. Og maður einhvern veginn bara, halló! En svo heldur maður bara áfram," segir Óskar.

Hann lofar góðri og gleðilegri sýningu í Hörpu. „Ég held að við höfum aldrei verið betri. Við erum í frábæru spilaformi og höfum aldrei fengið svona góð viðbrögð og á þessum túr. Þetta toppaði allt. Fólk var að ferðast langt að til að koma og sjá okkur. Það var til dæmis fólk að fljúga frá Tyrklandi til Amsterdam til að sjá okkur. Nokkrir voru komnir með tattú af hljómsveitinni og það fór allt upp um mörg þrep." ■

Morgunskokk í París fyrir tónleika á Backstage By the Mill-staðnum.

Billinn sem bilaði í Tékklandi og úr varð tólf tíma bið eftir viðgerð.

Fótóbombaðir af Eivøru

„Við vorum í Hamborg og stoppuðum fyrir utan einhverja kynlífstækjaverslun alveg í banastuði. Nema að það labbaði manneskja inn í rammann þegar ég var að taka mynd. Fótóbombaði hana. Og við fórum bara að hlæja að því en fannst þetta grunsamlegt því okkur fannst við kannast við manneskjuna," segir Óskar.

„Og þá var þetta Eivør Pálsdóttir. Við fórum að kalla á eftir henni en hún svaraði því ekkert. Áttuðum okkur svo á því að við værum átta karlar að kalla á eftir henni við einhverja kynlífstækjabúð. Ég hafði samband við hana og baðst afsökunar sem hún tók vel í en ég meina, hverjar eru líkurnar?" bætir hann við.

> „Einn Nóbelsverðlaunahafi vildi selfí með okkur. Sagðist vera aðdáandi."
>
> Óskar Logi Ágústsson, söngvari The Vintage Caravan

TÓNLISTAR & KVIKMYNDASPIL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Skannaðu mig

20% AFSLÁTTUR MEÐ KÓÐANUM "SVARTUR"

LEITINADSTJORNUNNI.IS
S. 771-7171

LEITIN AÐ STJÖRNUNNI

Ekkert réttlæti

Lovísa Arnardóttir
lovisaa
@frettabladid.is

Ef fangelsin í landinu fá ekki aukið fjármagn er gert ráð fyrir því að á næsta ári verði fangelsinu að Sogni lokað og einni deild á Litla-Hrauni. Það þýðir að fangelsisplássum fækkar um 44.

Í minnisblaði dómsmálaráðherra til fjárlaganefndar Alþingis í vikunni, kom fram að til þess að geta rekið fangelsin á næsta ári þurfi 250 milljónir króna aukalega í fjárheimildir næsta árs og 150 milljónir króna aukalega í fjárheimildir þessa árs.

Þar er tekið fram að ef það fjármagn fáist þá verði hægt að tryggja „ásættanlega mönnun“ auk þess sem hægt verður að tryggja endurbætur á húsnæði og öryggiskerfi.

Eins og stendur bíða um þrjú hundruð einstaklingar þess að afplána og hafa margir þeirra beðið í fjölda ára. Árið 2021 fyrndust vegna þess refsingar 28 einstaklinga og árið þar á undan fyrndust refsingar 22 einstaklinga.

Fáist ekki aukin fjárheimild mun, á sama tíma og fangelsisplássum fækkar, þeim fjölga sem bíða afplánunar og einnig dómum sem fyrnast. Í kjölfarið á því mun draga verulega úr sérstökum varnaðaráhrifum refsinga.

Þessi staða er því afar óheppileg. Ekki bara fyrir þann sem bíður afplánunar heldur einnig fyrir þolendur.

Inn í útreikning dómsmálaráðherra var nefnilega ekki tekinn sá kostnaður sem fylgir því fyrir samfélagið að fjöldi fólks, hundruð jafnvel, bíði þess að sjá gerendur sína afplána fyrir það sem þau gerðu þeim. Því að baki flestra glæpa eru þolendur. Einn eða fleiri jafnvel.

Á meðan gerendur bíða, bíða þolendur líka. Sem hafa að öllum líkindum beðið í þónokkurn tíma, miðað við að meðalmálsferðartími innan dómskerfisins geti verið nokkur ár, og þá á eftir að telja þann tíma sem lögregla tekur til rannsóknar mála. Það getur tekið á, líkamlega og andlega, og því fylgir sannarlega kostnaður fyrir samfélagið.

Þolendur treysta á það að þegar brotið sé á þeim þá verði einhverjum refsað, en einnig að gerendur þeirra fái tækifæri til betrunar og brjóti þannig ekki á fleirum.

Staðan í fangelsunum er þannig, fyrir utan að það eigi að fækka plássum, að Fangavarðafélag Íslands segir hvorki hægt að tryggja öryggi fanga né fangavarða og ekki hægt að tryggja að nokkur betrun fari fram.

Hvaða réttlæti er falið í því? ■

> Á meðan gerendur bíða, bíða þolendur líka.

Halldór

Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Ofrausn
Alveg er það dæmigert á vogskorna klakanum úti í miðju Atlantshafi að þar skuli hlaupa verðbólga í svartan föstudag, svo til um sama leyti og hann er að festa sig í sessi í verslunarsögu eyjarskeggja. Það dugði þeim sumsé ekki að halda daginn stakan í búðarápi sínu, heldur varð að breiða úr honum yfir heila viku. Og minna má það ekki vera á Íslandi: svört vika. En þetta er væntanlega vegna þess að Frónbúann vantar alltaf eitthvað, ef ekki nýjan töfrasprota, þá alveg örugglega nýjan airfryer, af því að sá síðasti, keyptur fyrir ári, er ekki nógu móðins lengur.

Annar í öllu
Á Íslandi er annar í öllu. Ef gamla nýlenduþjóðin veit af einhverjum hátíðisdegi finnur hún sig knúna til að bæta við aukafrídegi: annar í jólum, annar í páskum, annar í hvítasunnu – og núna er vitaskuld kominn annar í svörtum, og enn aðrir á undan honum. Og hér er auðvitað komið sóknarfæri fyrir samninganefndir verkalýðsfélaganna í yfirstandandi kjaraviðræðum, en á Íslandi vantar enn þá annan í 17. júní og annan í frídegi verslunarmanna. Það má ekkert minna vera ef þjóðin ætlar að vera samkvæm sjálfri sér. ■

Fagleg úrræði

Jódís Skúladóttir
þingmaður vinstri grænna

> Það hentar ekki brotnum ungum stúlkum að vera í blönduðum úrræðum með eldri mönnum með ofbeldissögu og dóma.

Fólk með fíknivanda þarf fjölbreytt og fagleg úrræði. Mörg leita sér meðferðar við vandanum í þau úrræði sem boðið er upp á á Íslandi. Að meðferð lokinni getur verið flókið að fara beint inn í fyrri aðstæður og fólk þarf jafnan lengri stuðning til að viðhalda meðferð og bata.

Mörg eru einnig í húsnæðisvanda og jafnvel á götunni, en það er ein af afleiðingum langvarandi neyslu. Þá er mörgum ráðlagt að leita til áfangaheimila.

Fíknivandinn er gríðarlega flókið fyrirbæri. Þetta er ekki einsleitur hópur. Það hentar ekki öllum að leggjast inn í sjúkrahúsmeðferð í tíu daga. Það hentar enn síður öllum að fara í eitthvert annað úrræði þar sem fyrirbænir eiga að takast á við veikindin. Það hentar ekki brotnum ungum stúlkum að vera í blönduðum úrræðum með eldri mönnum með ofbeldissögu og dóma.

Í núgildandi lagaumhverfi er ekki kveðið sérstaklega á um leyfisskyldu eða eftirlit með rekstri og umsjón áfangaheimila. Þá eru engin lagaákvæði sem kveða á um heimild ráðherra til að setja eftirlit með þeim í reglugerð.

Okkar viðkvæmustu bræðrum og systrum ber að sýna virðingu og fagmennsku í þeirri hjálp sem veitt er. Dæmin sanna að víða er pottur brotinn í meðferðar- og áfangaheimilaúrræðum.

Grundvallaratriði er að fá lagalega skilgreiningu á hugtakinu áfangaheimili sem allra fyrst. Þannig getur í raun hver sem er rekið ýmsa starfsemi undir þessu heiti, enda hugtakið ekki bundið við tiltekna starfsemi.

Við höfum orðið vitni að skelfilegum afleiðingum þess að eftirliti með meðferðar- og eða áfangaheimilum sé ábótavant. Eftir situr fólk í sárum sem litlar forsendur hefur til að leita sér aðstoðar í því kerfi sem brugðist hefur.

Hér var sett af stað af þáverandi heilbrigðisráðherra vinna við heildarúttekt heilbrigðisþjónustu við einstaklinga með vímuefnasjúkdóma, en ég hef ekki frétt af henni síðan eftir kosningar og hef þó tvisvar spurt um hana í þingsal. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Að greiða atkvæði með iðrunum

Í dag

Karl Th. Birgisson

Umræður um að hunza HM í fótbolta í Katar eru eins skiljanlegar og þær eru fyrirsjáanlegar.

Stefna yfirvalda þar í mannréttindamálum er viðurstyggileg. Hún á rætur í trúarbrögðum, eins og flest annað slæmt í mannlífinu

Þeim er beitt til þess að tryggja völd og forréttindi karla, í samræmi við öll trúarbrögð úr ranni Abrahams.

Hvað um hina?

Svipuð viðhorf komu upp fyrir Ólympíuleikana í Kína 2008. Kína er næstversta alræðisríki heims, eins og vonandi þarf ekki að rekja.

Aftur varð slík umræða fyrir HM í Rússlandi 2018, þar sem nýjasti keisarinn lætur myrða þá pólitísku andstæðinga sem hann sendir ekki í fangabúðir. Ef hann er þá ekki upptekinn við að leggja undir sig nágrannaríkin.

Í báðum tilvikum var samt rétt að taka þátt, fremur en að hunza.

Ekki bara af því að án þess hefði Ísland ekki fengið gott silfur, gulli betra, í handbolta og Hannes ekki varið víti frá Messi.

Heldur af því að samskipti eru alltaf betri en einangrun. Að því leyti hefur Vanda Sigurgeirsdóttir nákvæmlega rétt fyrir sér.

Þetta er ekki „what-about-ismi“ eða svo bætt eitt böl, að benda á eitthvað annað.

> Þetta eru dýrustu og um leið misheppnuðustu ímyndarkaup sögunnar.

Mér sýnast fréttir frá Katar styðja þessa skoðun. Upp úr hverjum fjölmiðlinum af öðrum renna lýsingar á absúrdismanum í Katar, sem hefðu ekki verið fluttar ef enginn hefði mætt.

Því má endilega bæta við, að Edda Sif Ríkisútvarpsins hefur staðið sig einkar vel, en Heimir Hallgrímsson mætti stilla sig í arabafurstablætinu.

Íþróttaþvættið

Þegar þetta er skrifað er mótið rétt nýhafið, en það er bullandi pólitík út um allt.

Fyrir utan fréttir af fáránleika feðraveldisins í Katar og aðkeypta stuðningsmenn til að fylla stúkurnar, þá neitaði landslið Írans að syngja þjóðsönginn til stuðnings við réttindi kvenna þar.

Mér er hálfvegis til efs að fyrirliðinn þori að snúa aftur heim, eins og hann talaði á fréttafundum. Vonandi fær hann hæli í Hollandi, þar sem hann spilar, en reynir ekki að eiga við Jón Gunnarsson á Íslandi.

Þýzka landsliðið sýndi karakter með því að halda fyrir munn sér í hópmyndatöku fyrir leik í fyrradag.

Að óbreyttu bendir ekkert til þess að Katar græði neitt á íþróttaþvættinu, sumsé betri ímynd sem það ætlaði að kaupa sér með því að eyða mörg þúsund milljörðum í að halda HM í fótbolta.

Og drepa 6.500 farandverkamenn í leiðinni.

Þvert á móti. Ég kann ekki arabísku, mandarín eða hindí, en þeir miðlar sem ég les hafa langflestir sömu sögu að segja: Þetta eru dýrustu og um leið misheppnuðustu ímyndarkaup sögunnar.

Hvers vegna? Vegna þess að fjölmiðlar eru á staðnum og segja frá því innihaldsleysi sem blasir við.

Og mótið er rétt að byrja.

Dyggðaskreytingin

Samfélagsmiðlar bjóða upp alveg sérstakan vinkil á málinu.

Hann er frá þeim sem segjast ekki ætla að horfa á beztu fótboltamenn og -þjóðir heims spila – af því að mótið er í Katar.

Þeim sem segjast ætla að slökkva á sjónvarpinu í mótmælaskyni.

Sumir hæðast að þessu fólki fyrir að básúna opinberlega hversu það sé réttsýnt og vel innréttað.

Eins og margt annað í lífinu er þetta bæði rétt og ósanngjarnt.

Eflaust reyna margir að prýða sig upplognum mannkostum með slíkum yfirlýsingum, en við hljótum að vilja skilja hina, sem er raunverulega og réttilega misboðið. Ef ekki vegna Katar, þá hyskisins sem virðist stýra FIFA.

Athöfnin sjálf, eða athafnaleysið, að kveikja ekki eða slökkva á sjónvarpinu, er samt merkingarlaus.

Hún kann að láta einhverjum líða betur í iðrunum yfir því að hafa gert eitthvað rétt þann daginn, en út fyrir ristilinn nær hún ekki.

Það breytir engu um mannréttindi í Katar hvort við horfum á fótboltaleiki þar eða ekki. Það breytir heldur engu um að leikirnir verða sýndir, og auglýsingar eru fyrir löngu framleiddar og seldar.

Ef áhrifin eru einhver, sem er mjög vafasamt, væru þau helzt að draga ofurlítið úr tekjum fjölmiðlanna, sem segja okkur einmitt núna fréttir af þessu misheppnaða peningabruðli í Katar.

Við hin dyggðum prýddu mættum hafa það í huga.

Sjálfur hyggst ég horfa á sem flesta leiki og halda með Bandaríkjunum og Íran. Eins og alltaf. ■

Á myndinni eru Erling Haaland sem líklega er öflugasti framherji í knattspyrnu karla í dag og Galaxy S22 Ultra sem líklega er öflugasti farsími sem hægt er að fá fyrir jólin 2022. Erling skilur norsku en S22 línan skilur íslensku.

Við verðum að hjálpa þolendum kynferðisofbeldis í Úkraínu

Marija Pejčinović Burić
framkvæmdastjóri Evrópuráðsins

Nú þegar sléttir níu mánuðir eru liðnir frá upphafi stríðsins í Úkraínu sjáum við sífellt fleiri frásagnir af meintum stríðsglæpum, þar á meðal af kynferðisofbeldi gagnvart konum og stúlkum. Sagan endurtekur sig, því miður. Nauðganir og annað kynferðisofbeldi af völdum hermanna meðan á vopnuðum átökum stendur hafa ætíð fylgt stríðsátökum.

Andrúmsloftið er því þungbúið á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi þetta árið. Sá gríðarmikli stuðningur sem mörg aðildarríki Evrópuráðsins hafa boðið þeim milljónum manna sem neyðst hafa til að yfirgefa heimili sín vekur okkur hins vegar von. Ríkulegur stuðningur frá ríkisstjórnum, sveitarstjórnum og almennum borgurum er hughreystandi.

Konur, stúlkur og börn eru 90% þeirra sjö milljóna sem hafa þegar flúið stríðsátökin. Þetta er hópur sem er afar berskjaldaður fyrir bæði kynferðisofbeldi og mansali. Þolendur slíkra glæpa þurfa nú á stóraukinni aðstoð okkar að halda en við þurfum einnig að vera til staðar til framtíðar.

Þolendur standa frammi fyrir víðtækum afleiðingum ofbeldis, allt frá óæskilegri þungun og kynsjúkdómum til andlegra áfalla og líkamlegra áverka. Þörf er á samstilltum aðgerðum ólíkra stofnana þannig að heilbrigðisstarfsfólk hafi þekkingu og getu til að sinna þolendum kynferðisofbeldis, framkvæma læknisskoðanir og réttarfræðilegar skoðanir, sem og að veita tafarlausa áfallahjálp auk sálfræðilegrar aðstoðar til lengri tíma. Flóttafólk sem hefur orðið fyrir kynbundnu ofbeldi þarf jafnframt að hafa aðgang að stuðningi og ráðgjöf á tungumáli sem það skilur og á auðvelt með að nota.

Sérhæfð aðstoð er nauðsynleg til að takast á við varanleg áföll til að draga úr upplifun þolenda á skömm og áfallastreituröskun sem getur tekið sig upp síðar. Þetta hafa fyrri átök kennt okkur. Reyndar hefur kynferðisofbeldi á átakasvæðum í för með sér bæði afleiðingar til skamms tíma og langtímaáhrif hjá þolendum, eins og má lesa um í skýrslum sem komu út í þessum mánuði frá GREVIO, eftirlitsnefnd Evrópuráðsins með samningi um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi, sem er einnig þekktur sem Istanbúl-samningurinn.

Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna standa konur, stúlkur og börn á flótta frammi fyrir hættu á mansali. Þetta hefur verið staðfest af félagasamtökum sem vinna beint með flóttafólki á átakasvæðum.

Sérstakur fulltrúi Evrópuráðsins um fólksflutninga og flóttafólk hefur heimsótt þau lönd sem hafa orðið fyrir mestum áhrifum af hinu gríðarmikla streymi fólks frá Úkraínu. Í skýrslum sínum hefur fulltrúinn lagt áherslu á nauðsyn þess að finna fólk í viðkvæmri stöðu, einkum konur og börn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Fulltrúinn hefur einnig hvatt til aukins stuðnings við flóttafólk sem orðið hefur fyrir kynferðisofbeldi, einkum með því að koma á fót sérhæfðum miðstöðvum með sérfræðingum sem veita læknisþjónustu og áfallahjálp. Þá er fulltrúinn að fylgja skýrslunum eftir með því að skipuleggja aðgerðir til að styðja aðildarríkin í því að takast á við þessar margvíslegu áskoranir.

Loks þarf að refsa gerendunum. Í skýrslu skoðanahóps háttsettra embættismanna á vegum Evrópuráðsins sem út kom í síðasta mánuði eru tilmæli þess efnis að fylgjast ætti með vernd mannréttinda á átakasvæðum með því að koma á fót skrifstofu sem tryggi að stofnunin hafi ávallt nýjustu upplýsingar um mannréttindamál. Þetta getur meðal annars náð til upplýsinga um tilkynningar um kynferðisofbeldi gagnvart konum og stúlkum í innrásarstríði Rússlands í Úkraínu. Í þessu samhengi vil ég hrósa þeirri ákvörðun úkraínskra yfirvalda

> **Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna standa konur, stúlkur og börn á flótta frammi fyrir hættu á mansali.**

að fullgilda Istanbúl-samninginn þrátt fyrir afar erfiðar aðstæður. Það sýnir fram á staðfestu þeirra, ekki bara gagnvart því að tryggja vernd og stuðning fyrir þolendur, heldur einnig til að tryggja nauðsynlega ábyrgðarskyldu gerenda.

Dæmin sýna að kynferðisofbeldi á átakasvæðum er hnattræn áskorun, líkt og fram kemur í nýjum skýrslum sem sýna að kvenkyns mótmælendum í Íran hefur verið hótað með nauðgun. Istanbúl-samningur Evrópuráðsins er opinn öllum löndum og í honum er viðurkennt að þetta ofbeldi er brot gegn grundvallarmannréttindum jafnframt því að vera ein af birtingarmyndum mismununar gagnvart konum. Með því að bjóða upp á leiðbeiningar um vernd þolenda og refsingu gerenda, þar með talið á stríðstímum, er Istanbúl-samningurinn orðinn mikilvægari en nokkru sinni fyrr og ég hvet lönd um heim allan til að gerast aðilar að honum. ■

Orkufyrirtæki þjóðarinnar aldrei verið öflugra

Rafnar Lárusson
framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni hjá Landsvirkjun

Íslendingar eru lánsöm þjóð er kemur að náttúruauðlindum. Með nýtingu þeirra höfum við byggt upp samfélag í aldanna rás sem vex og dafnar. Ein af þeim auðlindum sem gerir þjóðina öfundsverða er endurnýjanleg umhverfisvæn orka. Landsvirkjun er treyst fyrir því bæði að beisla hana í dag og þróa fyrir komandi kynslóðir. Orkufyrirtækið er í eigu íslensku þjóðarinnar og ábati af rekstri félagsins því samofinn samfélaginu. Saga hagvaxtar og þróunar er nátengd uppbyggingu virkjana til að mæta nýjum iðnaði í landinu, þar með ýta undir atvinnustig og styðja við orkuþörf heimila. Eftir uppbyggingartíma er komið að uppskeru og tími kominn til að huga að nýjum græðlingum til framtíðar.

Landsvirkjun hefur aldrei í tæpri 60 ára sögu sinni staðið betur fjárhagslega. Er það vitnisburður um þann trausta grunn sem félagið byggir á með 18 vatnsafls- og jarðgufustöðvum og tveimur vindmyllum. Aldrei hefur verið slakað á viðhaldi og endurbótum, jafnvel eftir stóráföll í efnahagslífinu, enda er þá tjaldað til einnar nætur. Elsta aflstöðin í eigu Landsvirkjunar er Ljósafossstöð frá árinu 1937 og er hún ásamt þeim sem á eftir komu skýr vitnisburður um þá ábyrgð sem starfsfólk Landsvirkjunar hafa alla tíð sýnt því trausti sem þjóðin ber til félagsins að ganga vel um auðlindina.

Hærra verð til stórnotenda

En þetta gerðist ekki af sjálfu sér. Þegar samningar við stórnotendur voru fyrst undirritaðir var ávallt



Nettó skuldir / EBITDA

2008 2009 2010 2011 2012 2013 2014 2015 2016 2017 2018 2019 2020 2021 sep 2022

Hagnaður f. óinnleysta fjármagnsliði



stefnt að því fyrir hönd Landsvirkjunar að sækja jafnari skiptingu þegar kom að endursamningum. Samningarnir við stórnotendur eru einhverjir stærstu viðskiptasamningar sem gerðir eru á Íslandi og því er tekist á þegar viðræður standa yfir, stundum þannig að það gustar um. En þegar lausn næst, eins og í öllum góðum viðskiptasamböndum, þá takast aðilar í hendur og horfa fram á veginn. Einmitt þar er að finna eina helstu ástæðu bættrar afkomu Landsvirkjunar í dag, hærra verð frá stórnotendum en áður hefur fengist. Verðið þar er nú að flestu leyti komið til jafns við þau lönd sem við miðum okkur við.

Landsvirkjun selur ekki raforku beint til heimila eða smærri fyrirtækja, heldur selur inn á svokallaðan heildsölumarkað þar sem raforkusölufyrirtæki geta keypt og selt áfram. Verð frá Landsvirkjun hefur síðustu ár nær staðið í stað að raunvirði. Íslensk heimili og smærri fyrirtæki hafa ekki þurft að glíma við snarhækkandi raforkureikninga eins og víða í Evrópu.

Hálfur spítali í handbæru fé

Skýr rekstrarmarkmið og aðhald í rekstri gera það síðan að verkum að hagnaður Landsvirkjunar hefur farið hækkandi. Eftir fyrstu 9 mánuði þessa árs er hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði hærri en hann hefur verið frá upphafsdegi jafnvel þótt viðmiðið sé á ársgrundvelli (Sjá súlurit).

Af því leiðir einnig að sjóðstreymi Landsvirkjunar er með miklum ágætum. Í 9 mánaða uppgjöri félagsins er handbært fé frá rekstri, þegar búið er að greiða alla reikninga og laun, 51 milljarður króna. Þekki ég ekki til annars rekstrarfélags á Íslandi sem hefur skilað viðlíka upphæð jafnvel þótt yfir heilt ár væri litið. Til samanburðar nemur þessi upphæð, sem skilað hefur sér inn á bankabók Landsvirkjunar á aðeins fyrstu 9 mánuðum þessa árs, rúmlega helmingi þess sem áætlað er að nýr Landspítali kosti.

Til að mæta kostnaði við uppbyggingu virkjana hefur Landsvirkjun sótt sér lánsfé og um tíma verið skuldsett félag á ýmsa fjárhagsmælikvarða. Staðan í dag er aftur á móti sú að Landsvirkjun hefur aldrei í sögu félagsins verið eins lítið skuldsett og er í raun komin í þá stöðu að lækkun skulda er ekki lengur forgangsmál eins og verið hefur síðustu ár. Það eru merkileg tímamót því að sama skapi hefur eign íslensku þjóðarinnar í félaginu aldrei verið verðmeiri (Sjá línurit).

Forgangsröðum grænu orkunni

Það eru forréttindi fyrir Íslendinga að geta byggt upp áframhaldandi hagvöxt og tækifæri fyrir framtíðina með endurnýjanlegri orku. En nú er svo komið að orkukerfi Landsvirkjunar er fulllestað bæði er viðkemur orku og afli. Unnið er að öflun leyfa til þess að byggja enn frekar undir vatnsafl og jarðgufuvirkjanir, en einnig að stíga traustum sporum í átt að nýtingu vindorku. Raunin er samt sú að eftirspurn eftir endurnýjanlegri

> **Landsvirkjun hefur aldrei í sögu félagsins verið eins lítið skuldsett og er í raun komin í þá stöðu að lækkun skulda er ekki lengur forgangsmál eins og verið hefur síðustu ár.**

umhverfisvænni orku er langt umfram það sem við getum mætt. Því þurfum við að forgangsraða í hvað græna orkan fer. Landsvirkjun hefur sett sér þau viðmið að styðja í fyrsta lagi við aukna almenna notkun og innlend orkuskipti, í öðru lagi við stafræna vegferð, nýsköpun og fjölnýtingu og í þriðja lagi við framþróun núverandi viðskiptavina. Með því er Landsvirkjun að styðja við markmið Íslands um kolefnishlutleysi, stuðla að framþróun og styðja núverandi viðskiptavini í alþjóðlegri samkeppni.

Á þeim tímamótum sem Landsvirkjun stendur nú á, þar sem fjárhagsstaðan hefur aldrei verið betri og öfundsverð tækifæri framundan, þá gleymum við því aldrei að þjóðin hefur treyst félaginu fyrir hluta af auðlindum sínum. Því trausti bregst Landsvirkjun ekki. ■

Ofur föstudagur

Úrval upplifana í jólapakkann

Gisting fyrir 2 í Superior herbergi með morgunverði, fordrykk, Spa og 2ja rétt...

Gisting, morgunmatur og aðgangur að Spa á Landhótel

Snjósleðaferð á Langjökli fyrir tvo

Íshella- og jöklaskoðun fyrir tvo með Sleipnir Tours

Þriggja rétta lúxus fyrir 2 á Nauthól

Gjafabréf í sex rétta matarupplifun fyrir tvo á Mat & Drykk







- Gisting
- Matur
- Vínsmökkun
- Snyrting og dekur
- Ferðalög

... skoðaðu allt úrvalið á aha.is

Útprentuð eða rafræn gjafabréf

aha.is

Meiri tími fyrir þig...

Download on the App Store

SÆKJA FRÁ Google Play

Að koma fótunum undir íslenskt efnahagslíf

Jakob Frímann Magnússon
oddviti Flokks fólksins í NA kjördæmi

Landnámskonur helguðu sér land með því að teyma kú milli staða frá sólarupprás til sólseturs. Búfé var helsta eign og gjaldmiðill formæðra okkar og forfeðra og hlaut þannig merkinguna peningar. Norrænar krónur mörkuðu síðan verðgildi hlutanna. Danska krónan varð okkar viðmið þar til íslenska krónan leysti hana af hólmi. FÉ er eftir sem áður orðið sem við notum í hinu fjárhagslega samhengi.

Önnur mælistika, sem við erfðum frá okkar gömlu herraþjóð Dönum, var gullfóturinn. Hann vísaði í tiltekinn gullforða að baki hverri krónu og stemmdi þannig stigu við óhóflegri útgáfu seðla eða myntar.

Í dag tíðkast í stað gullfótar svokallaður „pappírsfótur“ sem byggist á trausti á fjármála- og peningastefnu tiltekins ríks. Þar skiptir miklu trúin á að stjórnvöld standist þá freistingu að prenta nýja seðla til að mæta hagsveiflum. Gengisfelling heitir þessi freisting. Á Íslandi hélt forysta sjávarútvegsins áratugum saman um skjálfandi hönd fjármálaráðherra þegar krafan var að fella gengið – í þágu útgerðarinnar en á kostnað almennings.

Verðtrygging var neyðarráðstöfun

Galskapurinn í okkar litla efnahagskerfi leiddi til þess að Íslandi mátti líkja við bananalýðveldi. Yfir 130% verðbólga mældist á 3 mánaða tímabili 1983 og verðskyn Íslendinga hrundi. Sparifé þeirra gufaði upp og loks var gripið til þeirrar neyðarráðstöfunar að koma á verðtryggingu sem tók til launa fólks, lána og innistæðna. Í fyrstu töldu flestir að um tímabundna ráðstöfun yrði að ræða. Sumir líta þannig enn á málin en aðrir telja verðtryggða krónu skárri gjaldmiðil en óstöðuga örkrónu.

Hin „tímabundna“ verðtrygging neyðarástandsins er enn í fullu gildi með sínum bólgukenndu hliðarverkunum og okuráhrifum. Líklega býr einungis Chile við slíka „verðtryggingu“ auk Íslands. Nágrannaþjóðir okkar undrar að við sem auðug þjóð höfum ekki löngu sagt skilið við þetta þriðja heims neyðarlagafyrirkomulag, komið okkur upp stöðugum gjaldmiðli og bundið endi á öll þessi undarlegheit. Til dæmis er algerlega óviðunandi að ungt fólk þurfi að greiða kaupverð íbúða sinna þrisvar til fjórum sinnum á 30-40 ára lánstíma á meðan jafnaldrar í öðrum löndum greiða lága vexti og borga kaupverð sinna íbúða rúmlega einu sinni.

Okkur ber skylda til að verja íslenskan almenning gegn heimatilbúnu okri. Þar má sérstaklega benda á sligandi verðtryggingu neytendalána á tímum mikillar verðbólgu og verðhækkana á nauðsynjavörum og húsnæði. Við blasir að það hentar fjármagnseigendum aldeilis prýðilega að halda óbreyttu fyrirkomulagi, sem þjóðarskömm er að.

Stærsta áskorun íslenskra stjórnmála

Stærsta áskorun íslenskra stjórnmála er að koma hagkerfi okkar á heilbrigðan grunn stöðugleika sem almenningur nýtur góðs af. Efla þarf traust á innviðum landsins, afurðum, alþjóðaviðskiptum, stækkandi efnahag og pólitískum stöðugleika.

Margt hefur vissulega gengið okkur að sólu undanfarinn áratug og ábatasamt atvinnulíf hefur eflt hag þjóðarinnar, að frátöldum þeim landsmönnum sem skildir hafa verið eftir utan gátta og við fátækramörk. Lífsgæði eiga ekki að vera einkaréttur útvalinna. Hér verður að gilda það lögmál að öflugra atvinnu- og efnahagslíf, byggt á auðlindum þjóðarinnar, verði nýtt sem kjölfesta alvöru velferðar, sem tekjulágar barnafjölskyldur, öryrkjar og sá hluti eldra fólks sem býr við sára fátækt njóti líka góðs af!

Hinn litauðgi Þjóðarsauður

Sóknarfærin eru víða. Græn orka, mun senn leysa af hólmi svarta gullið, olíuna, sem orkugjafi. Af græna gullinu eigum við nóg og tækifærin til að laða hingað til lands vistvæn nýsköpunarfyrirtæki á tímum orkukreppu í Evrópu eru gríðarleg. Á komandi árum mun Ísland að óbreyttu færast enn ofar á lista OECD yfir auðugustu þjóðir heims. Sú staða færir okkur aukin færi til sóknar í betra og heilbrigðara efnahags- og myntumhverfi. Hugum nú enn að fé voru (sjá mynd).

Sem hlutfall af útflutningi

	2017	2018	2019	2020	2021
Útflutningur sjávarafurða	16%	18%	19%	27%	24%
Útflutningur iðnaðarvara	23%	24%	23%	29%	32%
- Þar af útflutningur áls og álafurða	17%	17%	16%	21%	23%
Tekjur af erlendum ferðamönnum	41%	39%	35%	11%	16%
Annað	19%	18%	23%	32%	28%
Hugverk og sérfræðiþjónusta	8%	8%	10%	17%	13%
Annað (án hugverka og sérfræðiþjónustu)	11%	11%	13%	15%	15%



Þjóðarsauðurinn væni stendur traustum fótum á fjórum meginstoðum, gulum, rauðum, grænum og bláum. Við sjáum Gulfót hugverka og skapandi greina, Grænfót grænnar orku og auðlinda jarðar, Bláfót sjávarútvegsins og Rauðfót, stöndugan, sístækkandi fót ferðamannageirans. Verslun, þjónusta og fjölmargar velmegunarskapandi greinar mynda svo líkamann sem tengir ganglimina saman.

Vaxtarfærin blasa alls staðar við, í fiskveiðum, fiskeldi, ferðaþjónustu, nýsköpun, skapandi greinum, hugverkaiðnaði og vistvænni matvælaframleiðslu, að ekki sé minnst á spurn eftir grænu orkunni sem knýja mun hagkerfi framtíðarinnar. En hvers konar samfélag viljum við skapa afkomendum okkar til langrar framtíðar, hver verður arfleifð okkar? Þar með talinn fjárhagslegur stöðugleiki, undirstaða lífsgæða, öryggis og almennrar velferðar.

Að þora að horfast í augu við tækifærin

Í nýrri og stórmerkri ævisögu Dr. Jóhannesar Nordal kemur fram að meginverkefni hans í hartnær fjóra áratugi sem seðlabankastjóri var stríðið við vindmyllur verðbólgu, vaxta og launa. Það var vonlaust stríð, því að ekki mátti ráðast að rótum vandans, heldur afleiðingum hans. Nú, 40 árum síðar, erum við enn að glíma við sama verðbólgudrauginn án þess að hafa náð þeim stöðugleika sem við sækjumst öll eftir. Við þurfum að læra af öðrum þjóðum.

> Hvers vegna eiga Íslendingar að sætta sig við það einir nágrannaþjóða að lifa í spilavíti, þar sem við vitum aldrei frá degi til dags, hvaða refsivexti morgundagurinn dæmir okkur til að greiða?

Við verðum að þora að horfast í augu við tækifærin engu síður en vandann. Vera víðsýn. Við erum ekki á leið í ESB en verðum að leita raunhæfra leiða til að tryggja að gjaldmiðill okkar njóti trausts í alþjóðaviðskiptum. Þar koma nokkrar leiðir til álita. Við verðum að tryggja íslenskri þjóð alvöru stöðugleika og betra samkeppnisumhverfi m.a. á hinum smávöxnu íslensku fjármála- og tryggingamörkuðum, en höfum jafnframt hugfast að traust á gjaldmiðli ræðst ekki við skrifborð heldur á markaði.

Lokaorð

Aðalatriðið er þetta: Við í Flokki fólksins viljum að almenningur á Íslandi, einstaklingar, fjölskyldur og fyrirtæki, fái notið þeirra mannréttinda að geta treyst því að tekin lán og lánskostnaður, vextirnir, sem um er samið í upphafi, standist. Punktur og basta!

Hvers vegna eiga Íslendingar að sætta sig við það einir nágrannaþjóða að lifa í spilavíti, þar sem við vitum aldrei frá degi til dags, hvaða refsivexti morgundagurinn dæmir okkur til að greiða? Oftar en ekki í ævilangt skuldafangelsi. Hvers konar rugl er það?

Við erum rík þjóð. Allar aðrar ríkar þjóðir hafa fyrir löngu leyst þetta eilífðarvandamál lýðveldisins til frambúðar. Eigum við ekki að sameinast um að fara að þeirra fordæmi? Óhjákvæmilegt mun að brjóta múra sérhagsmuna til að bæta kjör almennings! ■

Breyting á lögreglulögum – Aðgerðir til að koma í veg fyrir brot

Jón Gunnarsson
dómsmálaráðherra

Fyrir liggur frumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á lögreglulögum, sem snýr einkum að því að skýra heimildir lögreglu til að grípa til aðgerða í þágu afbrotavarna þegar mál tengjast hryðjuverkaógn eða skipulagðri brotastarfsemi og styrkja eftirlit með starfsemi lögreglu. Skipulögð brotastarfsemi og hryðjuverkaógn kallar á mun nánari samvinnu og samstarf lögreglu milli landa með tilheyrandi miðlun upplýsinga og annarra ráðstafana. Slík starfsemi er alþjóðleg og virðir hvorki landamæri né lögsagnarumdæmi. Frumvarpið er nauðsynlegt svo hægt sé að gæta öryggis borgaranna og spyrna við fæti gagnvart sívaxandi ógn af þessari brotastarfsemi. Mikilvægt í þeirri viðleitni er samvinna við erlend lögregluyfirvöld og miðlun upplýsinga en gildandi lög gerir það þyngra og erfiðara.

Viljandi eða vegna misskilnings hefur umræða um frumvarpið, bæði hjá stjórnmálamönnum og fjölmiðlum, ekki verið um það sem í því er heldur það sem ekki er þar að finna. Látið er í veðri vaka og jafnvel fullyrt að með frumvarpinu, verði það að lögum, sé lögreglu heimilt að hafa eftirlit með hverjum sem er og hlera og hlusta að vild. Þar sem umræðan hefur verið afvegaleidd tel ég nauðsynlegt að upplýsa almenning um helstu atriði frumvarpsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérstök lögreglurannsóknar- og greiningardeild fari með hlutverk þegar kemur að fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir brot gegn öryggi ríkisins. Þá er verið að afmarka og skýra heimildir lögreglu til eftirlits á almannafæri sem er þáttur í almennu afbrotavarnahlutverki hennar og eftirlit með einstaklingum sem grunur er að hafi tengsl við skipulögð brotasamtök og síðan eftirlit með einstaklingum sem lögregla hefur upplýsingar um að af stafi sérgreind hætta fyrir öryggi ríkisins eða almennings. Auknar heimildir lögreglu í frumvarpinu snúa því eingöngu að eftirliti með einstaklingum sem grunur er um að hafi tengsl við skipulagða brotastarfsemi eða sem lögregla hefur upplýsingar um að af kunni að stafa sérgreind hætta fyrir öryggi ríkisins eða almennings (hryðjuverkaógn).

Í eftirliti lögreglu felst að afla upplýsinga, þar á meðal persónuupplýsinga, hjá öðrum stjórnvöldum, stofnunum og opinberum hlutafélögum ef upplýsingar eru nauðsynlegar og til þess fallnar að hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi hennar í tengslum við að rannsaka eða afstýra brotum gegn X. og XI. kafla almennra hegningarlaga. Þá verður lögreglu heimilt að nýta greiningar og allar upplýsingar sem hún býr yfir eða aflar við framkvæmd almennra löggæslustarfa og frumkvæðisverkefna, þar á meðal samskipti við uppljóstrara, eftirlit á almannafæri og vöktun vefsíðna sem opnar eru fyrir almenningi. Auk þess að afla upplýsinga um viðkomandi á almannafæri eða öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að. Slíkar ákvarðanir verða aðeins teknar af lögreglustjórum eða öðrum yfirmanni samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra. Eftirlit skal ekki haft lengur en nauðsynlegt er og leiði eftirlit til gruns um afbrot skal rannsókn fara fram eftir lögum um meðferð sakamála. Rétt er að undirstrika að heimildir lögreglu til hlerana eða annarra þvingunarúrræða er ekki útvíkkaðar í frumvarpinu.

Þegar rætt er um auknar heimildir í þágu afbrotavarna togast á tvö mikilvæg sjónarmið, annars vegar nauðsyn þess að lögregla geti rækt starf sitt með fullnægjandi hætti og hins vegar grundvallar mannréttindi eins og persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Nú er engum blöðum um það að fletta að ógn vegna skipulagðrar brotastarfsemi og hryðjuverka er alvarleg og meiri en áður. Hér eru því augljósir almannahagsmunir fyrir þessum heimildum lögreglu til eftirlits. Skerðing á friðhelgi einkalífs er mjög lítil enda gert ráð fyrir að eftirlit með einstaklingum verði ekki nema grunur eða upplýsingar eru um að viðkomandi tengist skipulagðri brotastarfsemi eða sérgreind hætta fyrir öryggi ríkisins eða almennings kunni að stafa af honum.

Auknum heimildum verður að fylgja aukin ábyrgð og eftirlit með störfum lögreglu. Því er gert ráð fyrir í frumvarpinu að styrkja eftirlit með störfum lögreglu, skerpt á ábyrgð og eftirfylgni innan lögreglu og gagnvart ríkissaksóknara. Í frumvarpinu er tilkynningarskylda um aðgerðir lögreglu til eftirlitsnefndar lögreglu þegar eftirliti er hætt og nefndin efld og valdsvið hennar víkkað. Það er eðlilegt og rökrétt þegar lögreglu er veittar auknar heimildir til eftirlits með einstaklingum. ■

FELDUR

VERKSTÆÐI

25.11–27.11

20% afsláttur af fylgihlutum
5% af öðrum vörum

VERSLUN — SNORRABRAUT 56 — FELDUR.IS — INFO@FELDUR.IS — 588 0488

Konur – líf – frelsi

Stella Samúelsdóttir
framkvæmdastýra UN Women á Íslandi

Ljósaganga UN Women á Íslandi fer fram í dag, föstudaginn 25. nóvember kl. 17.00 á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Dagurinn markar upphaf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem UN Women á Íslandi er í forsvari fyrir ásamt fjölda annarra öflugra félagasamtaka hér á landi. Af þessu tilefni verður Harpa lýst upp í appelsínugulum lit.

Yfirskrift Ljósagöngunnar í ár er Konur, líf, frelsi eða Zan, Zendegi, Azadi sem, eins og þekkt er orðið, er slagorð mótmælanna sem hafa staðið yfir í Íran í tæpa 3 mánuði. Í ár beinir 16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi kastljósinu að kvenmorðum (e. Femicide) um allan heim. En samkvæmt tölum frá UN Women voru 81.000 konur um allan heim myrtar árið 2020. 58% þeirra voru myrtar af maka eða öðrum nákomnum aðila. Það samsvarar því að ein kona sé myrt á heimili sínu á 11 mínútna fresti. Kvennmorð er hatursglæpur sem beinist að konum og stúlkum fyrir það eitt að vera kvenkyns og eru því gróf brot á grunnmannréttindum kvenna og rétti þeirra til lífs, frelsis og öryggis.

Áratuga barátta fyrir kvenfrelsi gufar upp

Við höfum vafalaust flest fylgst agndofa með baráttuþreki og hugrekki íranskra kvenna á síðastliðnum mánuðum. Sem berjast nú fyrir kvenréttindum, lífi sínu og frelsi. Í tilfelli landa á borð við Afganistan og Íran, eru kvenmorð gjarnan framin af ógnarstjórn ríkjanna. Meðal annars fyrir brot á harðneskjulegum lögum sem takmarka verulega mannréttindi þeirra og frelsi.

Í síðustu viku bárust fregnir af því að Talibanastjórnin hefði skipað dómstólum í landinu að koma á fullum sjaríalögum þar í landi. Ljóst er að slík breyting er gífurlega hættulegt pólitískt tæki til að sporna gegn útbreiðslu á lýðræði og mannréttindum. Með þessu sýna talíbanar að þeim er fúlasta alvara með að afnema að fullu þau réttindi sem konum í Afganistan áskotnuðust á síðustu áratugum. Þær framfarir sem höfðu orðið hverfa með einu pennastriki. Ári eftir valdatöku Talibana í Afganistan geta konur unnið að takmörkuðu leyti og þurfa að vera í fylgd karlmanna ef þær þurfa að ferðast langar vegalengdir, aðgengi þeirra að samfélaginu hefur í raun og veru verið þrengt gífurlega. Þær mega til að mynda ekki lengur koma í líkamsræktarstöðvar, baðhús eða almenningsgarða og er skylt að hylja höfuð með slæðum þegar þær fara úr húsi.

Jina (Masha) Amini – nafnið sem ekki gleymist

Í Íran hafa staðið yfir mótmæli til stuðnings Jina (Masha) Amini, sem lét lífið í haldi lögreglu um miðjan september eftir að hafa verið handtekin af velsæmislögreglu í Teheran. Hún var aðeins 22 ára þegar hún var myrt en nafn hennar mun aldrei gleymast. Mótmælin hafa verið leidd af hugrökkum konum sem gera sér grein fyrir þeirri hættu sem þær eru í, fyrir það eitt að tjá sig og óhlýðnast yfirvöldum. En velja að gera það samt. Á hverjum degi flykkist fólk út á götur og stræti og hrópar slagorð gegn kúgunarstjórn Íran. Mótmælendur í Íran hafa verið dæmdir til dauða fyrir vikið og er ríkur vilji hjá írönskum þingmönnum að refsa mótmælendum harðlega. Óttast mannréttindasamtök víða um heim að fjöldaaftökur gætu verið yfirvofandi í landinu.

Með því að taka þátt í Ljósagöngunni í ár, sýnum við táknræna samstöðu með þeim hugrökku konum sem leggja líf sitt í hættu á hverjum degi með vonarneista um betri og frjálsari heim þar sem mannréttindi þeirra eru virt. Ljósberar sem leiða gönguna í ár eru Íranir og Afganir sem búsettir eru á Íslandi. Þau eiga það sammerkt að hafa notað rödd sína hérlendis til að vekja athygli á stöðu mála í heimalöndum sínum og berjast úr fjarlægð með fólkinu sínu sem trúir og berst fyrir frjálslyndari gildum en þeim sem ríkjandi eru í heimalöndum þeirra. Við hvetjum ykkur öll til að gera slíkt hið sama og mæta á Arnarhól í dag klukkan 17.00 og sýna þannig stuðning við baráttu þeirra og að mannréttindi allra séu virt alls staðar. ■

Carbfix í stærra samhengi

Edda Aradóttir
framkvæmdastýra Carbfix

Tíu ár eru frá því að Carbfix hóf tilraunir með að binda CO2 í jarðlögum á Hellisheiði, eða á einföldu máli: að breyta því í stein neðanjarðar. Síðan þá höfum við bundið yfir 80 þúsund tonn af CO2 úr útblæstri Hellisheiðarvirkjunar. Frá því í fyrra höfum við einnig bundið CO2 sem svissneska fyrirtækið Climeworks fangar úr andrúmsloftinu. Aðferð okkar til bindingar er umhverfisvæn, varanleg og ein sú hagkvæmasta sem þekkist.

Við vinnum nú að því í samstarfi við Orku náttúrunnar að þrefalda bindingu á CO2 útblæstri Hellisheiðarvirkjunar. Til þess fengum við um 600 milljóna króna styrk frá Nýsköpunarsjóði Evrópu, en hann er fjármagnaður með tekjum af sölu losunarkvóta í samevrópska ETS-kerfinu til iðnfyrirtækja sem valda næstum helmingi af allri losun álfunnar. Einnig er í undirbúningi að binda útblástur frá Nesjavöllum í samvinnu við ON og Þeistareykjavirkjun í samvinnu við Landsvirkjun.

Stærsta loftslagsverkefnið

Til viðbótar eigum við í samstarfi við stóriðjuna á Íslandi um að leita leiða til að binda útblástur frá fyrirtækjum þeirra. Í Straumsvík ætlar Carbfix að reisa stóra móttöku- og förgunarstöð fyrir CO2, Coda Terminal, með bindigetu upp á 3 milljónir tonna á ári. Það er um 50% meira af CO2 en allur iðnaður á Íslandi losar samanlagt. Því mun bróðurpartur starfseminnar felast í að taka á móti CO2 frá iðnaði í Evrópu, en Rio Tinto mun einnig freista þess að fanga útblástur frá álverinu sem Coda Terminal gæti bundið. Annar íslenskur iðnaður, meðal annars á svæðinu, gæti auðvitað gert hið sama.

Þess vegna Ísland

Sum spyrja hvers vegna binda ætti CO2 frá öðrum löndum á Íslandi og finnst jafnvel að það sé okkur óviðkomandi. Svörin við þessu eru margvísleg og höfða ábyggilega missterkt til fólks eftir gildismati og forgangsröðun hvers og eins.

Í fyrsta lagi eru hér kjöraðstæður hvað varðar jarðlög og fleira til að nýta íslenskt hugvit til stórfelldrar bindingar á magni sem er langt umfram innanlandsframboð á CO2.

Hvað varðar samhengið við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum þá eru þær að verulegu leyti samevrópskar skuldbindingar, ekki síst hvað varðar ETS-kerfið, þannig að okkar markmið eru hluti af markmiðum Evrópu í stærra samhengi. Það er einmitt ein af forsendum þess að Nýsköpunarsjóður Evrópu, sem er fjármagnaður af ETS-kerfinu eins og áður segir, ákvað að styrkja Coda Terminal verkefnið um 16 milljarða króna.

Efnahagslegur ávinningur er verulegur: tugmilljarða uppbygging innviða og hugverkaiðnaðar og síðan störf, gjaldeyristekjur, hagvöxtur og skatttekjur.

Ísland markar sér verðmæta sérstöðu á alþjóðavettvangi með því að vera í fararbroddi grænnar nýsköpunar í þágu einnar stærstu áskorunar mannkyns. Og vandinn stendur okkur nærri því norðurheimskautið hlýnar hraðar en heimurinn að meðaltali, með tilheyrandi áhrifum á lífríki og náttúru.

Þá má auðvitað segja að loftslagsverkefni af þessari stærðargráðu sé í eðli sínu fagnaðarefni nema í ljós komi að það hafi einhver óþekkt neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, sem ekkert bendir til. (Þess má geta að sjónræn áhrif af verkefninu verða tiltölulega lítil).

Loks er í siðferðilegu samhengi ekki fráleitt að horfa á kolefnisspor Íslands frá neyslusjónarmiði, fremur en framleiðslusjónarmiði eins og gert er í hefðbundnu loftslagsbókhaldi. Framleiðslan á því gífurlega magni af vörum sem við flytjum inn frá útlöndum er hvergi skráð á ábyrgð Íslands, þó að vörurnar séu sannarlega framleiddar í okkar þágu og fyrir okkur. Þessa staðreynd má hafa í huga þegar við veltum fyrir okkur hvað við getum gert til að stemma stigu við loftslagsvandanum.

> Ísland markar sér verðmæta sérstöðu á alþjóðavettvangi með því að vera í fararbroddi grænnar nýsköpunar í þágu einnar stærstu áskorunar mannkyns.

Byrjað á heimavelli

Fræðileg bindigeta jarðlaga á Íslandi með Carbfix-aðferðinni skiptir þúsundum milljörðum tonna af CO2. Ekki stendur hins vegar til að nýta nema agnarlítið brot af því. Hvorki Carbfix né Ísland munu leysa loftslagsvanda heimsins. En við viljum gera eins mikið og við mögulega getum, fyrst hér á Íslandi, á heimavellinum sem við þekkjum best, og síðan með því að hasla Carbfix-tækninni völl í öðrum löndum, þar sem er svo sannarlega mikill áhugi á henni. Við Íslendingar njótum góðs af alls kyns erlendum tæknilausnum í okkar loftslagsaðgerðum, en við höfum líka margt að bjóða öðrum.

Það er vissulega klisja að segja að við séum öll í sama báti. Og núningurinn á milli heimshluta sem einkenndi nýafstaðna loftslagsráðstefnu S.Þ. sýnir að við erum það ekki að öllu leyti. En gróðurhúsalofttegundir í andrúmsloftinu virða engin landamæri og því eru það á endanum sameiginlegir hagsmunir allra að það takist að hemja hlýnun þess. Samstarf þvert á landamæri er algjör forsenda þess.

Markmiðið um að takmarka hlýnun við 1,5 gráður hangir nú á bláþræði og mun ekki nást án þess að lagst verði á árarnar með öllum raunhæfum lausnum.

Áframhaldandi þróun og innleiðing Carbfix-aðferðarinnar er eitt af tækifærum Íslands til að vera þar í fararbroddi. ■

Opnum faðminn

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
forseti borgarstjórnar og oddviti Viðreisnar

Ég hef aldrei verið á flótta. Ég skil hins vegar vel hvað það hefur mikil áhrif þegar fótunum er kippt undan manni og framtíð fjölskyldunnar er í uppnámi. Forfeður mínir flúðu vosbúð, fátækt og takmörkuð tækifæri á Ísland yfir til Kanada. Ég á fjölskyldu frá Ekvador sem hefur flúið heimalandið yfir til Bandaríkjanna af sömu ástæðu og margir flýja nú Venesúela. Á sitthvorri öldinni flúðu þessir hópar til landa sem tóku þeim með opnum faðmi, sköpuðu þeim tækifæri og gáfu þeim nýtt tungumál.

Flóttafólk er frábært fólk, rétt eins og við

Hér búum við á þessari friðsælu og fallegu eyju, með nóg af endurnýjanlegri orku til að halda á okkur hita og lýsa okkur leið. Strjálbýlið hefur reynst okkur áskorun og áratuga umræða hefur verið um byggðaþróun. Nú stöndum við frammi fyrir nýjum veruleika, stríði í Evrópu og fjöldi flóttafólks sem vill koma til Íslands og taka hér þátt í samfélaginu aldrei verið fleiri. Flóttafólk er upp til hópa alveg frábært fólk, fólk sem hefur bjargir og getu til að fara af stað. Fólk sem treystir sér til að aðlagast nýjum tungumálum, siðum og venjum. Þessu fólki eigum við að taka opnum örmum því í þeirra löngun til að verða partur af íslenskri þjóð felst okkar framtíðarauður.

Stefnulaus þjóð

Í öllu þessu ölduróti dregst skýrt fram að við erum ekki með stefnu í innflytjendamálum. Við búum okkur til lög og reglur sem við þrefum stöðugt um en erum ekki með grundvallarstefnu sem lýsir okkur leið. Nú er sannarlega komin tími til að vinna langtímastefnu um hvernig íslensk þjóð ætlar að stækka og þróast á næstu áratugum. Stefnu sem þjóðin kemur að því að semja. Stefnuvinnu þar sem við horfumst í augu við ólík sjónarmið sem með okkur bærast, stefnu sem byggir á sannreyndum gögnum, rannsóknum og lærdómi frá nágrannalöndum okkar til vesturs og austurs.

> Flóttafólk er fólk sem treystir sér til að aðlagast nýjum tungumálum, siðum og venjum. Þessu fólki eigum við að taka opnum örmum.

Reykjavík opnar faðminn

Reykjavíkurborg mun nú í samstarfi við ríkið taka á móti allt að 1.500 flóttamönnum fram til desember 2023. Markmiðið er að tryggja flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur. Við viljum tryggja nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og að tækifæri séu til staðar til þátttöku í samfélaginu. Við í Reykjavík sjáum það alla daga hvað fjölbreytileiki og mannréttindi hafa mikið að segja við þróun borgar og þess vegna opnum við faðminn. ■

„... í einu orði sagt meistarastykki ... ber höfuð og herðar yfir hérlenda höfunda glæpasagna og þó víðar væri leitað.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Arnaldur er frábær rithöfundur ..“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Arnaldur er sá glæpasagnahöfundur okkar sem skrifar langbest.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN





Vægðarlaus glæpasaga um óupplýst illvirki og heitar tilfinningar.

Meistaralega fléttuð bók frá langvinsælasta höfundi þjóðarinnar.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | www.forlagid.is

Turnarnir tveir til sölu

Tvö stærstu knattspyrnufélög Englands, Manchester United og Liverpool, eru til sölu. Þessi stórtíðindi bárust með skömmu millibili á dögunum. Framtíðin er óljós og stuðningsmenn beggja félaga bíða óþreyjufullir eftir tíðindum af framtíð þeirra.

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Fyrr í vikunni var greint frá því að eigendur enska knattspyrnufélagsins Manchester United, Glazer-fjölskyldan, væru tilbúnir að hlusta á tilboð í félagið. Fóru þeir þar með í flokk með eigendum Liverpool, Fenway Sports Group, sem einnig hefur verið sett á sölu.

Fréttablaðið fékk Jóhann Má Helgason, knattspyrnusérfræðing sem þekkir vel til viðskiptahliðar íþróttarinnar, til að fara yfir hvað tíðindin þýða fyrir félögin og hvað framtíðin gæti borið í skauti sér.

Jóhann bendir á að eigendur Liverpool, með John W. Henry í fararbroddi, hafi keypt félagið er það var í miklum fjárhagskröggum fyrir tólf árum síðan. Þeir hafi búist við því að reglur í kringum kaup og sölu á leikmönnum (Financial Fair Play) yrðu strangari með tímanum og að refsingar fyrir að brjóta þær yrðu harðari. Eigendurnir voru til að mynda verulega óánægðir þegar CAS áfrýjunardómstóllinn ógilti dóm evrópska knattspyrnusambandsins um að Manchester City færi í bann frá Meistaradeild Evrópu fyrir sín brot á reglunum.

„Sú þróun sem er að verða á fótboltanum, að lið eins og Newcastle verði ofurrík undir eignarhaldi sádí-arabíska ríkisins, gerir það að verkum að bardaginn verður alltaf flóknari og erfiðari fyrir lið eins og Liverpool, sem vill reka félagið réttu megin við núllið og dæla ekki peningum í liðið," segir Jóhann.

Hann telur að kaup Bandaríkjamannsins Todd Boehly á Chelsea í sumar, hafi einnig haft áhrif.

„Þar kepptust fjárfestingahópar um að kaupa liðið og fékk Rainebankinn, sem annaðist söluna á Chelsea, yfir 150 fyrirspurnir og yfir fimmtán fullgild tilboð. Áhuginn á svona fjárfestingu var því mikill. Liverpool er þekktara vörumerki en Chelsea, þeir eru búnir að fjárfesta töluvert í Anfield og geta því hugsanlega fengið tilboð upp á fjóra milljarða punda, sem er rúmlega þrettánföldun á upprunalegu fjárfestingunni – þeir myndu ganga afar sáttir frá borði."

Engin ástríða í eignarhaldinu

Staðan er aðeins öðruvísi hjá United. Áhuginn ætti þó að verða mikill á félaginu. Glazer-fjölskyldan keypti félagið á tæplega 800 milljónir punda árið 2005. Um leið skuldsetti hún félagið þó verulega.

„Hún setti ekkert fjármagn inn í félagið, sem hefur farið óskaplega í taugarnar á stuðningsmönnum United. Það þarf að hafa í huga að félagið er eitt þekktasta vörumerki heims og eitt stærsta knattspyrnufélag heims, samkvæmt öllum fjárhagslegum mælikvörðum. Glazer-fjölskyldan vill fá um fimm milljarða punda, eitthvað sem ég tel ekki ólíklegt að muni eiga sér stað."

Eins og Jóhann segir er mikil óánægja á meðal stuðningsmanna með eigendur United.

„Stuðningsmenn United eru búnir að vera ósáttir við Glazer-fjölskylduna því hún hefur ekkert fjárfest í klúbbnum, en greiðir sér reglulega út arð. Hvorki Carrington-æfingasvæðið né Old Trafford hafa fengið neina upplyftingu – félagið er allt að staðna. Glazer-fjölskyldan skiptir sér líka ekkert af United, það er tilfinnanlega engin ástríða í þessu eignarhaldi þeirra á klúbbnum – þau líta bara á félagið sem gróðamaskínu."

Viðhorf stuðningsmanna Liverpool til sinna eigenda er öllu jákvæðara.

„Þeir hafa gert vel fyrir Liverpool og reynt eftir fremsta megni að styðja við Jürgen Klopp. En það kom samt í ljós pirringur núna í sumar þegar félagið gat ekki keypt miðjumann, þrátt fyrir að það hafi blasað við allra augum að slík fjárfesting væri nauðsynleg."

Jóhann var spurður út í það hverja hann telji líklegasta til að kaupa United.

„Samkvæmt fréttum mun Sir Jim Ratcliffe reyna að kaupa félagið. Það mun gleðja stuðningsmennina mikið, því þegar hann reyndi að kaupa Chelsea í vor þá gaf hann það út að hann hefði engan áhuga á að græða peninga í kringum United. Hann mun þvert á móti setja peninga inn í félagið og örugglega lofa endurbótum á Old Trafford. Hann mun samt pottþétt fá samkeppni og það er hávær orðrómur um að viðskiptajöfur frá Dúbaí ætli einnig að gera tilboð í félagið."

Jóhann segir öllu erfiðara að spá fyrir um hver kaupir Liverpool.

„Mér þætti ekki ólíklegt að þar kæmu inn samsettir viðskiptahópar, ekki ósvipað og var í tilfelli Chelsea, þar sem Todd Boehly og Clearlake Capital keyptu liðið saman," segir Jóhann Már Helgason knattspyrnusérfræðingur. ■

Á mun betri stað nú

Fenway Sports Group keypti Liverpool árið 2010, en þar hefur John W. Henry verið fremstur í flokki. Liðið var í fjárhagskröggum á þeim tíma. Undanfarin ár hefur liðið náð frábærum árangri. Það varð Englandsmeistari árið 2020 og Evrópumeistari árið áður. Þá sigraði Liverpool báðar bikarkeppnirnar á Englandi á síðustu leiktíð. Nú eru hins vegar breyttir tímar fram undan í knattspyrnuheiminum og FSG leitast við að selja Liverpool.

Knattspyrnuheimurinn er breyttur frá því Fenway Sports Group keypti Liverpool. Líklegt er að aðrir eigendur leiði félagið inn í nýja tíma.

Aldrei verið vinsæl

Glazer-fjölskyldan, með Avram Glazer í fararbroddi, hefur átt Manchester United síðan 2005. Strax frá upphafi komu fram gagnrýnisraddir í garð Bandaríkjamannanna. Eigendurnir hafa tekið mun hærri fjárhæðir út úr klúbbnum heldur en þeir hafa fjárfest í honum á tíma sínum þar. Þetta hafa stuðningsmenn alla tíð verið ósáttir við. Þrátt fyrir það sem á hefur gengið hefur United fimm sinnum orðið Englandsmeistari undir eignarhaldi Glazer-fjölskyldunnar. Þá varð liðið Evrópumeistari 2008, svo eitthvað sé nefnt.

Stuðningsmenn Manchester United eru sáttir við að félagið hafi verið sett á sölu. Óánægja hefur verið með Glazer-fjölskylduna um langa hríð.

SVARTUR SAUÐUR

25% af öllu fyrir vini Icewear

Föstudag – Mánudags

Í verslunum og vefverslun Icewear

ICEWEAR ICELAND

icewear.is

Tvö ár án guðs í Argentínu

Diego Maradona lést á þessum degi fyrir tveimur árum, aðeins sextugur að aldri. Maradona er í margra augum besti knattspyrnumaður sögunnar. Hann var hluti af liði Argentínu sem vann Heimsmeistaramótið árið 1986 en síðan þá hefur argentínska þjóðin ekki upplifað slíkt augnablik aftur.

hoddi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Eftir erfið ár hjá Diego Armando Maradona lést hann á heimili sínu í Búenos Aíres þann 25. nóvember árið 2020. Þjóðarsorg ríkti í Argentínu, enda var og er Maradona guð í augum fólks þar í landi. Hann færði fólkinu sem lifir fyrir fótbolta heimsmeistaratitilinn árið 1986. Maradona tók þátt í fjórum heimsmeistarakeppnum en sú síðasta var árið 1994. Maradona var þá rekinn heim af HM í Bandaríkjunum eftir að ólögleg efni fundust í blóði hans.

Maradona tók þátt í sínu fyrsta Heimsmeistaramóti árið 1982, þá aðeins 21 árs gamall, og hann lauk keppni á HM 33 ára. Maradona lék 91 landsleik fyrir Argentínu en fjórðungur þeirra var í lokakeppni stórmótsins sem alla dreymir um að spila á.

Maradona lék í heildina 21 leik á lokamóti HM, en Lionel Messi getur jafnað það met um helgina, en hann lék sinn 20. landsleik á HM í óvæntu tapi gegn Sádí-Arabíu á þriðjudag.

Tók yfir sviðið 1986:
Maradona varð að stærstu stjörnu fótboltans árið 1986 þegar hann var allt í öllu í sigri Argentínu. Hann kom að tíu mörkum í mótinu, skoraði fimm og lagði upp fimm fyrir samherja sína. Allt þetta gerði Maradona í aðeins sjö leikjum.

Í átta liða úrslitum mætti Argentína sterku liði Englands þar sem Maradona stal sviðsljósinu, fyrirliði Argentínu skoraði þá tvö af frægustu mörkum fótboltans. Annað þeirra var með hendi og hitt markið kom eftir ótrúlegan einleik Maradona, þar sem hann sólaði fimm enska leikmenn og skoraði. Franska blaðið L'Équipe lýsti Maradona sem hálfum engli og hálfum djöfli í blaði sínu eftir leikinn.

Maradona var hvergi nærri hættur, því í undanúrslitum skoraði hann bæði mörk liðsins í 2–0 sigri á Belgíu. Í úrslitaleiknum var það svo sigur á Vestur-Þýskalandi og Maradona komst í guðatölu í heimalandinu.

Hallaði undan fæti:
Maradona náði aldrei að upplifa sömu hápunkta á ferli sínum eftir 1986. Árið 1991 fór svo að halla undan fæti þegar hann var settur í 15 mánaða bann frá knattspyrnuiðkun, kókaín fannst í blóði hans, en hann var á þessum tíma leikmaður Napoli. Eftir fíaskóið í Bandaríkjunum árið 1994 þar sem Maradona var sendur heim af HM, var þessi litríki karakter reglulega í vandræðum.

Líf hans utan vallar var mikið í fréttum og undir það síðasta var heilsa hans slæm. Hann lifir í hjörtum fólksins í Argentínu og skuggi hans svífur yfir landsliðinu sem nú er í Katar, argentínska þjóðin á sér þann draum að upplifa sömu tilfinningar og Maradona færði henni árið 1986. ■

152
Fjöldi brota sem Maradona fiskaði á fjórum Heimsmeistaramótum.

7
Fjöldi aukaspyrna sem hann fiskaði að meðaltali í leik á HM.

12
Gulu spjöldin sem andstæðingar Maradona fengu fyrir að brjóta á honum á HM.

30
Fjöldi skota sem hann átti að marki á HM 1986.

8
Fjöldi marka sem Maradona skoraði í heildina á Heimsmeistaramótunum.

5
Mörkin sem Maradona skoraði á HM 1986.

5
Mörkin sem hann lagði upp á HM 1986.

21
Fjöldi leikja sem hann spilaði á Heimsmeistaramótinu.

53
Skiptin sem Maradona sólaði andstæðinga sína á HM 1986.

51
Metrarnir sem Maradona fór með boltann til að skora seinna markið gegn Englandi árið 1986.

1
Fjöldi af rauðum spjöldum sem Maradona fékk á HM.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 25. nóvember 2022

Bræðurnir Kertasníkir og Hurðaskellir eru komnir í hátíðarskap. Þeir mæta í banastuði í Kópavoginn á morgun, laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aðventan í Kópavogi

Það verður mikið um dýrðir á laugardaginn þegar aðventuhátíð verður haldin í menningarhúsunum í Kópavogi, en með hátíðinni má segja að aðventan gangi í garð í Kópavogi. Á meðal gesta verða bræðurnir Kertasníkir og Hurðaskellir Grýlu- og Leppalúðasynir. 2

Kvennakór Kópavogs tekur nokkur vel valin jólalög.



Fjölskyldan getur átt notalega stund yfir jólaperli á Bókasafni Kópavogs.

Skólahljómsveit Kópavogs leikur lauflétt jólalög.

Ljósin verða tendruð á jólatré Kópavogsbæjar en við það tilefni munu jólasveinar stíga á stokk og taka lagið með Sölku Sól og dansa kringum jólatréð.

Salka Sól verður kynnir á Aðventuhátíð í Kópavogi á morgun, laugardag, og tekur lagið með Hurðaskelli og Kertasníki.

Flautukór úr Tónlistarskólanum í Kópavogi kemur fram á Aðventuhátíð.

Kertasníkir og Hurðaskellir eru komnir í hátíðarskap og verða í banastuði í Kópavogi á morgun, laugardag. „Við erum mjög peppaðir fyrir laugardeginum," segir Hurðaskellir, hress í bragði. „Við höfum nokkrum sinnum áður verið á aðventuhátíð í Kópavogi, síðast árið 2019 og það var alveg meiri háttar að hitta alla krakkana og syngja og dansa með þeim."

Kertasníkir tekur undir með bróður sínum og bætir við að þeir séu fegnir að núna megi halda aðventuhátíð. „Undanfarin jól hafa verið óttalega skrýtin hjá okkur jólasveinunum út af þessari glötuðu veiru. Engin jólaböll og voða lítið um að vera. Við vorum alltaf bara úti að labba með jólaköttinn og fórum svo reyndar allir í bað í fyrra. Það gerðum við því Grýla, mamma okkar, er með hreinlætisæði og pínir okkur í bað á fimmtán ára fresti."

Hlakka til að hitta alla krakkana og syngja með Sölku Sól

Þeir Hurðaskellir og Kertasníkir mæta því tandurhreinir og fínir í Kópavoginn klukkan 16 á laugardaginn; taka lagið með Sölku Sól og dansa í kringum jólatréð með nýtendruð ljósin. Skólahljómsveit Kópavogs og Kór Hörðuvallaskóla munu líka flytja tónlist. „Þetta verður alveg geggjað og við vonum að sem flestir krakkar mæti," segja þeir bræður einum rómi.

Aðventuskúlptúrar og pólskt jólaföndur

Frá klukkan 13 á laugardaginn verður boðið upp á jóladagskrá fyrir alla fjölskylduna í menningarhúsunum. Hægt verður að móta sinn eigin aðventuskúlptúr með listamannateyminu Gorklín á Náttúrufræðistofu, búa til pólskt jólaföndur í Gerðarsafni og eiga notalega stund yfir jólaperli á Bókasafninu.

Sögustundir helgaðar hinum ógurlega jólaketti fara fram nokkrum sinnum yfir daginn og kórar og tónlistarhópar koma fram og flytja aðventutóna. Í fordyri Salarins verður hægt að kaupa jólagjafir og aðventukrásir og í Gerðarsafni er hægt að njóta sýninganna Geómetría og För eftir ferð, en þar verður einnig opið á Reykjavík Roasters og í safnbúðinni.

Á Aðventuhátíð verður enn fremur hægt að taka þátt í listaverki í mótun, en fyrir Vetrarhátíð 2023 mun Þóranna Björnsdóttir gera verk sem varpað verður á Kópavogskirkju. Verkið byggir Þóranna á myndbandsupptökum af augnaráði og munu gestir á Aðventuhátíð geta ljáð verkinu auga en upptökur fara fram inn af fordyri Salarins.

Jólalegur Kópavogur

Á laugardaginn verður aðventudagskrá víðar í Kópavogi en í menningarhúsunum, má þar nefna að í Auðbrekku 6 munu listamenn opna vinnustofur sínar og í Guðmundarlundi mun Leikhópurinn Lotta bjóða upp á Ævintýri í Jólaskógi en sýningar á þessu bráðskemmtilega jólaævintýri munu standa yfir út desember. Í Gjábakka, félagsheimili eldri borgara, verður hinn árvissi laufabrauðsdagur, en þar munu einnig koma fram tónlistarhópar og flytja jólatónlist. Fram undan eru svo fjölmargir aðventutónleikar og jólalegir viðburðir um allan Kópavog, en hægt er að kynna sér það sem fram undan er inni á vefnum meko.is. ■

Dagskrá Aðventuhátíðar frá klukkan **13- 17**

Bókasafn Kópavogs og Náttúrufræðistofa Kópavogs
Gjafapoka- og merkimiðasmiðja
Jólaperl og jólagjafainnpökkun
Aðventuskúlptúrar
Sögu- og fróðleiksstundir helgaðar jólakettinum

Gerðarsafn
Pólskt jólaföndur

Fordyri Salarins
Jólamarkaður. Tau frá Togo, Silli kokkur, Ás styrktarfélag, Möndluvagninn
Gefðu okkur auga. Þátttökuverk fyrir Vetrarhátíð 2023

Lifandi tónlistarflutningur
Kl. 13.30 Samkór Kópavogs - í Gerðarsafni
Kl. 14.00 Barnakór Smáraskóla - í fordyri Salarins
Kl. 14.30 Kvennakór Kópavogs - í fordyri Salarins
Kl. 15.00 Flautukór Tónlistarskólans í Kópavogi - í Gerðarsafni
Kl. 15.15 Kammerkórinn - í fordyri Salarins

Jólatrésskemmtun frá kl. 15.45
Fram koma Skólahljómsveit Kópavogs og Kór Hörðuvallaskóla, Salka Sól og jólasveinar

> **Þetta verður alveg geggjað og við vonum að sem flestir krakkar mæti.**
>
> Hurðaskellir og Kertasníkir

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

SVARTUR FÖSTUDAGUR

...og líka laugardagur

30% afsláttur

af flestum vörum

Opnunartími í dag kl. 10:30 - 18
Opnunartími laugardags kl. 11 - 16
Afslættir verða virkir í vefverslun alla helgina

Smiðjuvegur 8, 200 Kóp. Græn Gata | 571 1020 | ggsport.is

GG SPORT

sherpa ADVENTURE GEAR · OSPREY · icebreaker Move to natural · MOUNTAIN EQUIPMENT · KEEN

Friminútur

friminutur@frettabladid.is

Þjóðminjasafnið

Þjóðminjasafnið verður með glæsilega dagskrá á aðventunni sem endranær. Flestir Reykvíkingar eiga minningu um að hitta gömlu jólasveinana á safninu og taka þeir glaðir á móti börnunum eftir að þeir koma til byggða. Áður en þeir líta við verður þó ýmislegt skemmtilegt. Núna á sunnudag, fyrsta sunnudag í aðventu, mun jólakötturinn fela sig á safninu. Þá verða einnig til sýnis jólatré safnsins og lítill jólatorfbær, Jólageirsstaðir.

Sunnudag í næstu viku, annan sunnudag í aðventu, kemur Grýla fram á safninu ásamt týnda tröllabarninu Svavari Knúti. Leppalúði lætur einnig sjá sig, en hann er örlítið feimnari og hræddari við sviðsljósið en spúsa hans.

Jólasveinarnir koma svo einn af öðrum klukkan 11, morguninn eftir að þeir koma til byggða. Stekkjarstaur sér því um skemmtunina 12. desember og svo koll af kolli. Jóladagskrá og -sýningum safnsins lýkur svo á þrettándanum. Tilboð verður á heitu kakói og kleinu eða súkkulaðiköku yfir aðventu og jól. ■

Dansgarðurinn

Dansgarðurinn mun bjóða upp á skapandi smiðjur fyrir fjölskyldur í Breiðholti og aðra áhugasama í nóvember og desember sem tilbreytingu í aðventudagskrána. Smiðjurnar eru ætlaðar foreldrum með börn á aldrinum 6–10 ára. Í smiðjunum sem eru alltaf á sunnudögum klukkan 14.00 munu reyndir listamenn bjóða upp á námskeið í mismunandi listgreinum í tengslum við dans: Sirkus-, tónlistar- og teikninga-smiðjur. Að loknum vinnustofum verður boðið upp á kaffi, kakó og kex svo þátttakendur fái tækifæri til að eiga óformlegt spjall og kynnast.

Smiðjurnar fara fram í Stúdíói Klassíska listdansskólans í Mjódd sem er á þriðju hæð og er inngangurinn við hliðina á Subway.

Takmarkað pláss er í smiðjurnar og fólk er beðið að skrá sig með tölvupósti: dansgardurinn@gmail.com.

Dagskráin er eftirfarandi:

- **27. nóvember kl. 14.00:** Dans og teikning með Katrínu Gunnarsdóttur og Rán Flygenring.
- **4. desember kl. 14.00:** Dans og tónlist með Völu Rúnarsdóttur og Hermigervli.
- **11. desember kl. 14.00:** Dans, sirkus og akróbatík með Hringleik. ■

Hvað er að gerast um helgina?

25. nóv Föstudagur

Ilm-útgáfuhóf kl. 16.00
Fichersund 3
Nýjasti ilmur ilmvatnsfjölskyldunnar í Fichersundi lítur dagsins ljós: Fichersund no. 101.

Drekktu betur #954 kl. 18.00
Ölstofa Kormáks og Skjaldar
Hin goðsagnakennda barsvarskeppni siglir áfram. Alvöru nördakeppni sem lætur engan ósnortinn. Spyrill er Heiða Dögg Liljudóttir.

Tónleikar með Sigur Rós kl. 19.00
Laugardalshöll
Lokatónleikar viðamikils heimstónleikaferðalags.

Jóli Hólm kl. 19.30
Bæjarbíó
Sóli er mikill aðventudrengur og því fáir betur til þess fallnir að koma fólki í jólaskap.

19.30 Þakkargjörðarhátíð
Midgard Basecamp
Alvöru þakkargjörðarmáltíð með safaríkum kalkúni og girnilegu meðlæti.

26. nóv Laugardagur

Aðventuhátíð í Kópavogi kl. 13.00
Víðs vegar í Kópavogi
Kynnir á jólatrésskemmtun er Salka Sól. Jólasveinar bregða sér í bæinn og dansa í kringum jólatréð. Skólahljómsveit Kópavogs og Kór Hörðuvallaskóla flytja jólatónlist. Frá klukkan 13.00 verður boðið upp á fjölbreytta jóladagskrá fyrir alla fjölskylduna á. Ljósin á jólatrénu verða tendruð klukkan 16.00.

Roller Derby kl. 13.00
Hertz höllin, Seltjarnarnesi
Fyrst taka Ragnarök á móti danska liðinu Copenhagen Ladybugs og eftir þann leik verður blandaður vinaleikur þar sem blandað verður í lið úr bæði Ragnarökum og Copenhagen Ladybugs.

Aðventuhátíð í Garðabæ kl. 13.00
Víðs vegar í Garðabæ
Aðventuhátíð um víðan völl. Fram koma allan daginn: Barnakór Vídalínskirkju, Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar og Tónafljóð. Einnig verður jólaball og föndursmiðjur.

Jólasnúningur Dropans, Matbars og Dragon Dim Sum kl. 18.30
Geirsgötu 3
Óhefðbundinn jólamatur og draglistafólk. Jólahefðum snúið á hvolf á einstöku kvöldi.

Ég býð mig fram 4: Nýr heimur kl. 20.30
Tjarnarbíó
Örverkaveisla Unnar Elísabetar sem hefur fengið frábæra dóma.

Heima um jólin kl. 20:.30
Salurinn, Kópavogi
Friðrik Ómar tekur á móti frábærum gestum á aðventunni líkt og undanfarin ár í Salnum. Fastir gestir eru Jógvan Hansen og Margrét Eir en einnig verða leynigestir.

Sycamore Tree kl. 21.00
Græni hatturinn
Sycamore Tree fagnar útgáfu plötunnar Colors.

27. nóv Sunnudagur

Hringrásarjól kl. 13.00
Norræna húsið
Komið með gamlar flíkur, stuttermaboli eða annan textíl, og glæðið nýju lífi með Prent og vinum – sem bjóða gestum og gangandi að gera sitt eigið silkiprent. Þátttakendur geta einnig prentað á pappír, til dæmis með því að koma með gamla pappírspoka og gera jólakort eða jólamerkimiða úr þeim. Einnig verður jólaskiptimarkaður. Sónó Matseljur verða með sérstakan jólamatseðil og jóladrykki í boði.

Jólasnjókorn kl. 13.30
Borgarbókasafnið, Gröfinni
Lærum að klippa út einstök og falleg snjókorn með listakonunni Kristínu Arngrímsdóttur. Snjókornin eru tilvalið skraut í glugga, á veggi, pakka, sem borðskraut eða hvað sem okkur dettur í hug.

Jólaljósin tendruð á Oslóartrénu kl. 16.00
Austurvöllur
Lúðrasveit Reykjavíkur mun leika aðventu- og jólalög frá klukkan 15.30. Fyrir athöfnina mun Tröllið Tufti mæta á Austurvöll og gleðja gesti. Sigríður Thorlacius og Valdimar flytja falleg jólalög ásamt hljómsveit. Einnig munu jólasveinar stelast í bæinn og syngja og skemmta kátum krökkum. Kynnir er Katla Margrét Þorgeirsdóttir og verður dagskráin túlkuð á táknmáli.

Kveikt á jólatrénu á Djúpavogi kl. 17.00
Djúpivogur
Alfreð Örn Finnsson sóknarprestur mun halda stutta tölu og í kjölfarið mun nemandi Djúpavogsskóla kveikja á trénu. Þá verður tónlist, sungið og dansað í kringum jólatré og jólasveinar verða á stjái.

Moses Hightower: Önnur Mósebók 10 ára kl. 21.00
Græni hatturinn
Hljóðgervlagaldrakarlinn Magnús Jóhann Ragnarsson og blásararnir sem blésu á plötunni sjálfri: Kjartan Hákonarson, Óskar Guðjónsson og Samúel Jón Samúelsson leika með hljómsveitinni. Platan í heild og aðrir smellir leiknir af Moses í sparifötunum!

Viktor Þór Viktorsson heldur sýningu í Núllinu. MYND/AÐSEND

Ekki sturta niður

Ekki sturta mér niður er nafnið á fyrstu listasýningu Viktors Þórs Viktorssonar eftir útskrift hans úr myndlistarnámi við Institute of Arts hjá Háskólanum í Cumbria, Bretlandi. Sýningin fer fram í Núllinu, litlu en sjarmerandi galleríi við Bankastræti, gegnt Pönksafninu. Áður var galleríið almenningssalerni, sem verður að teljast viðeigandi í ljósi þema verkanna og titils sýningarinnar.

> Ég var bara búinn að vera með stíflu síðan ég útskrifaðist svo ég ákvað að reyna að hreinsa niðurföllin mín með þessari sýningu.

Á meðan sveitarfélög biðla til almennings um að sturta ekki niður blautþurrkum og olíu í niðurföllin biðlar Viktor Þór til listunnenda að sturta ekki niður listinni.

Þrjú verk eru til sýnis í Núllinu, þar á meðal veggskúlptúr af pípulögnum þar sem listin hefur hreinlega stíflað niðurföllin. „Ég var bara búinn að vera með stíflu síðan ég útskrifaðist svo ég ákvað að reyna að hreinsa niðurföllin mín með þessari sýningu," segir Viktor.

Í verkum Viktors má finna mörg lagskipt smáatriði og óregluleg form en sjálfur gefur Viktor lítið fyrir slíkar lýsingar. „Þetta er hálfgerður pervertismi, mjög dekoratívur stíll. Sumir kalla þetta að vera nostrari en ég meina, hvað kallarðu manneskju sem málar skip í flöskum annað en pervert?" segir Viktor.

Sýningin stendur yfir í stuttan tíma. Hún var opnuð í gær og stendur yfir til klukkan 16.00 á sunnudag. Fullkomið jafnvægi á móti jólaljósum og aðventu. ■

Uppskriftin

Vanilluhringir eins og amma gerði þá

Þessi klassíska uppskrift kemur úr smiðju Helgu Sigurðardóttur sem gaf út bókina Matur og drykkur.

Vanilluhringir
um 100 stykki

500 g hveiti
375 g smjör
250 g sykur
1 egg
½ tsk. hjartarsalt
Vanilla eða 2 tsk. vanilludropar

Vanilluhringir voru alltaf bakaðir fyrir jólin hér áður fyrr.

Hveitinu og hjartarsaltinu er sáldrað á borðið. Smjörlíkið mulið með höndunum. Vanillu og sykrinum blandað saman við. Vætt í með egginu.

Hnoðið deigið uns það verður jafnt og engar eggjarákir eru í því. Hveiti sáldrað á bretti og deigið látið á það. Látið bíða á köldum stað í um það bil klukkustund eða þangað til það er orðið stíft. Einnig er hægt að hnoða deigið í hrærivél ef það hentar ykkur betur.

Mótið lengjur úr deiginu, auðveldast er að nota smákökuframlengingu á Kitchen Aid-hrærivél, og búið til hringi.

Ef þið eigið blikkmótin gömlu, sem til þess eru ætluð, og söxunarvél, þá getið þið saxað deigið og þá kemur bárótt lengja sem er skorin í sundur og búnir eru til hæfilegar stórir hringir.

Setjið á ofnplötu með smjörpappír og bakið við 250°C í um tíu mínútur eða þar til hringirnir fara að taka á sig ljósbrúnan lit. ■

Svartur föstudagur

FÖSTUDAGUR
25. nóvember 2022

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fremstu vefverslunarlausnir í heimi

Koikoi sérhæfir sig í vefverslunum og stafrænni markaðssetningu. Koikoi hefur sett upp vefverslanir fyrir mörg fremstu fyrirtækin á Íslandi. Markmið Koikoi er að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun viðskiptavina sinna.

Koikoi er alþjóðlegt teymi sérfræðinga í uppsetningu og þróun vefverslana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Koikoi er alþjóðlegt teymi sérfræðinga í uppsetningu og þróun vefverslana með yfir 20 ára reynslu. Vöruúrvalið hjá Koikoi er fjölbreytt, en fyrirtækið aðstoðar við stafræna vegferð fyrirtækja, markaðssetningu, bestun eigin miðla, fram- og bakendaforritun, gögn og greiningar og notenda- og viðmótshönnun (UX & UI).

„Í dag eru til vefstofur og auglýsingastofur, en við erum þar mitt á milli. Við erum fyrsta sérhæfða vefverslunarstofan (e. Ecommerce Agency), á Íslandi," útskýrir Einar Thor Garðarsson, framkvæmdastjóri Koikoi, sem fagnar fimm ára afmæli um þessar mundir.

„Markmið okkar er að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun viðskiptavina okkar með stefnumótandi söluráðgjöf. Eftir að hafa unnið í smásölu síðan ég var 17 ára, unnið á auglýsingastofum og sinnt stafrænni þróun hjá smásölufyrirtækinu Festi, varð mér ljóst að eitthvað var brotið í ferlinu þegar kom að kaupum á vinnu hjá hefðbundnum vefstofum varðandi vefverslanir. Það voru engin sölu- eða þjónustumarkmið og ferlið snerist að miklu leyti um útlit en minna um virkni og tilgang. Markmiðið var að afhenda þér vöru, en svo varstu á eigin vegum eftir það og þurftir að finna tól og tæki til að besta vefverslunina þína og stuðla að eigin þróun. Okkar hlutverk er að hjálpa nútímafyrirtækjum að skapa aukið virði fyrir sig og viðskiptavini sína."

Meginstoðir stafrænnar markaðssetningar

Innan stafrænnar markaðssetningar þurfa fyrirtæki að setja áherslu á þrjár meginstoðir, að sögn Einars Thors. Þær eru auglýsingar (e. paid media), áunnin umfjöllun (e. earned media) og eigin miðlar (e. owned media).

„Okkar sérhæfing liggur í eigin miðlum fyrirtækja en það geta verið vefsíður, vefverslun, öpp, CRM-kerfi, gagnagreiningar og markaðssetning í gegnum tölvupóst, sms eða vildarkerfi, svo við tökum dæmi," segir Einar Thor.

„Það hefur aldrei verið meira úrval af tækjum og tólum fyrir vefverslanir og því mikilvægt að vanda valið þegar kemur að vali á vefverslunarkerfum og markaðs- og tæknistakki."

Fyrstir á Íslandi til að sérhæfa sig í Klaviyo

„Við höfum fundið fyrir miklum meðbyr og áhuga á CRM-kerfum fyrir vefverslanir og höfum við sett upp slík kerfi fyrir yfir fimmtíu vefverslanir. Við sjáum að jafnaði góða söluaukningu hjá viðskiptavinum okkar. Við fengum nýverið Platinum-viðurkenningu frá Klaviyo og við sinnum verkefnum úti um allan heim í þeim málum," segir Einar Thor.

Hvað eiga fremstu vefverslanir í heimi sameiginlegt?

„Ef við hugsum um heildarsölu í vefverslun, þá er það merki um heilbrigða vefverslun ef 33,3% af heildarveltu skila sér gegnum tól á borð við CRM-kerfi, sem aðstoðar við greiningu viðskiptavina og sjálfvirkni í markaðssetningu, 33,3% í gegnum keyptar auglýsingar og restin skilar sér á náttúrlegan hátt," segir Einar Thor.

Hann nefnir fimm atriði sem fremstu vefverslanir í heiminum eiga sameiginleg. Þau eru:

- Framúrskarandi þjónusta á netinu.
- Persónulegra efni og skilaboð til viðskiptavina.
- Notendaupplifun sem auðveldar viðskiptavinum að finna réttu hlutina á réttum tíma.
- Mörkun. Hver einasti snertiflötur skiptir máli og ætti að endurspegla vörumerkið alla leið frá vörusíðum til afhendingar.
- Vel úthugsuð kynningarstefna í vefverslun, sem leiðir viðskiptavini í endurtekin kaup ásamt því að hækka meðalkörfuna, eru lykilatriði.

Val á vefverslunarkerfum og lausnum

Einar Thor segir að ástæðan fyrir því að Koikoi sérhæfir sig ekki einungis í einni vefverslunarlausn heldur þremur stærstu og vinsælustu lausnunum, sé einföld.

„Þarfir viðskiptavina eru ólíkar og lausnin þarf að geta vaxið með fyrirtækjum til næstu ára. Það er ekki þar með sagt að fyrirtæki eigi að veðja á of flóknar lausnir ef það er ekki mannauður til að starfrækja vefverslunina, því getur borgað sig að veðja á einfaldar lausnir til að byrja með. Okkar markmið er að greina þarfir viðskiptavina og beina þeim að réttu lausninni fyrir þeirra starfsemi og framtíðaráætlanir. Smásölufyrirtæki eru ekki tæknifyrirtæki og eiga að setja áherslu á kjarnastarfsemi sína."

Vefverslunarlausnir Koikoi

- **Shopify**
  Býður upp á framúrskarandi SaaS-vefsölukerfi með yfir milljón notendur. Frábær innbyggð markaðs-og sölutól eru í boði í Shopify-umhverfinu sem auðvelt er að setja upp og nota. Hentar vel fyrir lítil til meðalstór fyrirtæki sem ætla sér hratt á markað, að sækja á erlenda markaði og vilja nýta sér tilbúnar lausnir.

> **Það hefur aldrei verið meira úrval af tækjum og tólum fyrir vefverslanir og því mikilvægt að vanda valið.**
>
> Einar Thor Garðarsson

- **BigCommerce**
  Býður upp á fjölþætta vefverslunarlausn sem hentar vel fyrir B2B og B2C og er opin SaaS-lausn, sem býður upp á allt það besta frá Shopify, en með meiri möguleika á aðlögun og skalanleika.
- **Adobe Commerce – Magento Headless**
  Magento er leiðandi þegar kemur að bæði B2B og B2C vefverslunum, lausnum fyrir meðalstór og stærri fyrirtæki, það er heildstæður og opinn hugbúnaður (open-source) sem getur vaxið með fyrirtækjum. Magento hefur ítrekað verið kallað besta kerfið þegar kemur að lausnum sem þurfa að virka á breiðum grunni, vera sveigjanlegar og hægt er að aðlaga sérþörfum viðskiptavina.

Leiðandi fyrir meðalstór og stærri fyrirtæki

Samkvæmt Gartner er Magento frá Adobe leiðandi í stafrænni verslun og Forrester hefur sett Magento í fyrsta sæti yfir kerfi sem söluaðilar á vefnum geta nýtt. Meðalstór og stór fyrirtæki kjósa Magento helst, enda er vefverslunarlausnin gagnreynd og þekkt fyrir stöðugleika, úrval tilbúinna lausna og möguleika á aðlögunum.

Ein uppsetning – margar birtingarmyndir

Magento vefverslunarlausnin er vel úthugsuð fyrir þróun, þróunarumhverfið er mjög sveigjanlegt og auðvelt er að laga það að ólíkum þörfum viðskiptavina. Ein uppsetning getur þjónað mörgum mismunandi vefverslunum fyrirtækja og þannig geta þau samnýtt allar lausnir og lágmarkað viðhald. Með þessum eiginleikum er ávinningur Magento skýr.

2022 Gartner – Magic Quadrant. Kvarði fyrir vefverslanir.

Headless aðferðafræðin

Sífellt fleiri fyrirtæki hafa fært sig yfir í headless aðferðafræði, bæði fyrir almennar veflausnir og vefverslanir og eru ástæðurnar fjölmargar, að sögn Einars Thors. Þær eru meðal annars eftirfarandi:

- Auðveldari, sveigjanlegri og hraðari þróun.
- Hámarksöryggi.
- Telst almennt besti arkitektúrinn í dag.
- Hraði vefja og vefverslana sá mesti sem hægt er að ná.
- Auðveldur skalanleiki sem hentar mjög vel í cloud-hýsingu.
- Fullkomið fyrir omnichannel-notkun.
- Auðveldar samskipti milli kerfa eða samleiðir mörg kerfi.
- Eftirsótt umhverfi fyrir forritara til að vinna í.
- Skalar sig að breyttum þörfum viðskiptavina.

Tilbúið fyrir Business Central

„Okkar lausn miðast við að nota Headless Magento sem vefverslunarkerfi með tengingum við ERP-kerfi viðskiptavina á borð við Business Central. Í öllum tilvikum reynum við að endurnýta þá viðskiptalógík sem er þegar til staðar í innri kerfum fyrirtækja," segir Einar Thor.

„Til viðbótar er notast við DatoCMS fyrir CMS-virkni á almennu efni vefjanna og lendingarsíðum. Bæði kerfin eru headless og því að fullu tilbúin í omnichannel-notkun sem gerir uppsetningar að miklu leyti future proof. Koikoi er í stöðugri þróun á viðbótarlausnum á borð við notendastýringu, B2B-eiginleikum, og greiðslu- og sendingarmátum, til að mæta öllum kröfum viðskiptavina á íslenskum markaði."

Í lok þessa árs mun Koikoi hafa opnað níu vefverslanir í Adobe Commerce – Magento Headless lausn sinni og Einar Thor segir ljóst að fyrirtæki séu að uppfæra núverandi lausnir og kerfi til að mæta framtíðarþörfum. ■

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson | **Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | **Veffang:** frettabladid.is

vfs.is

Milwaukee

ALVÖRU VERKFÆRI
SVÖRT VIKA
ALVÖRU TILBOÐ

FRÁBÆRIR KAUPAUKAR

M12

Borvél 30 Nm

+ *Ein 2,0 Ah rafhlaða, hleðslutæki og taska*

Fjarstýrður torfærubíll fylgir 50 fyrstu kaupunum

TILBOÐ 22.900 KR.

Vnr. MW 4933479439

M18

Öflug borvél
60Nm með höggi

+ *Tvær 2,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska*

Fjarstýrður torfærubíll fylgir 50 fyrstu kaupunum

TILBOÐ 41.900 KR.

Vnr. MW 4933464320

M18

Öflug borvél
60Nm með höggi
+ Höggskrúfvél

+ *Tvær 4,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska*

Fjarstýrður torfærubíll fylgir 50 fyrstu kaupunum

TILBOÐ 54.900 KR.

Vnr. MW 4933464536

M18

Borvél 135 Nm
+ Höggskrúfvél
+ Stingsög
+ Fjölnotavél

+ *Tvær 5,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska*

Fjarstýrður torfærubíll fylgir 50 fyrstu kaupunum

TILBOÐ 139.900 KR.

Vnr. MW 4933471208

17.990 KR.

VELDU ÞÉR M12 TÆKI
27.900 KR.

26.900 KR.

VELDU ÞÉR M18 TÆKI
33.900 KR.

- A **Sverðsög** *MW 4933411925*
- B **Fjölnotavél** *MW 4933427180*
- C **Flöskufræs** *MW 4933427183*
- D **Vinkilborvél** *MW 4933416900*
- E **Borvél m/höggi** *MW 4933441950*
- F **Loftdæla** *MW 4933464124*
- G **Rafhlöðusett** *MW 4933459209*
- H **Borvél m/höggi** *MW 4933459822*
- I **Höggborvél SDS+** *MW 4933431355*
- J **Stingsög** *MW 4933431305*
- K **Höggskrúfvél** *MW 4933459822*
- L **Herslulykill** *MW 4933464615*
- M **Hjólsög** *MW 4933448225*
- N **Ljós á standi** *MW 4933464823*
- O **Blásari** *MW 4933472214*
- P **Koppafeitisspr.** *MW 4933440435*
- Q **Heftibyssa** *MW 4933459634*
- R **Kíttisgrind** *MW 4933441783*

Kauptu þrjú eða fleiri verkfæri og þá fylgir 4.0Ah M12 rafhlaða

Kauptu þrjú eða fleiri verkfæri og þá fylgir 5.0Ah M18 rafhlaða

- A **Ljós 2200 lm** *MW 4933464134*
- B **Borvél m/höggi** *MW 4933443500*
- C **Vinkilborvél** *MW 4933427189*
- D **Höggskrúfvél** *MW 4933464476*
- E **Herslulykill** *MW 4933443590*
- F **Handryksuga** *MW 4933459204*
- G **Fjölnotavél** *MW 4933446203*
- H **Rafhlöðusett** *MW 4933459213*
- I **Hjólsög** *MW 4933419134*
- J **Stingsög** *MW 4933451391*
- K **Slípirokkur** *MW 4933451439*
- L **Ljós** *MW 4933478118*
- M **Loftdæla** *MW 4933478706*
- N **Rapid hleðslutæki** *MW 4932472073*
- O **Sverðsög** *MW 4933447275*
- P **Útvarp** *MW 4933451250*
- Q **Rafhlöðusett** *MW 4933459215*

AUKAHLUTIR

Höfuðljós og pennaljós
8.900 KR.
MW 4933492103

Shockwave bitasett 32stk
2.990 KR.
MW 4932464240

Aukahlutasett impact borar, bitar o.fl.
15.900 KR.
MW 4932479971

Bitasett 40stk FastBack hnífur
8.990 KR.
MW 4932459763

Bitasett 39stk m/borum og bitum
6.490 KR.
MW 4932479853

Fjölnotablaðasett í við og málm 5stk
8.990 KR.
MW 48906115

Bitasett á lyklakippu 10stk
1.590 KR.
MW 4932480941

Málband, hallamál og merkipenni
6.990 KR.
MW 4932480552

Smíðavinkill Rafter Square
2.990 KR.
MW 4932472124

15 stk. rykgrímur FFP2 samanbrjótanl.
6.990 KR.
MW 4932478801

Skrúfjárnasett VDE í tösku 12stk
9.990 KR.
MW 4932479095

Hallamál slim box Levels 3pc
10.990 KR.
MW 4932459618

Kauptu Milwaukee aukahluti fyrir 19.900 kr. eða meira og þá fylgir fjarstýrður torfærubíll

VERKFÆRA SALAN

vfs.is
Öll tilboðin eru á netinu og í verslunum okkar

Gilda til sunnudag á meðan birgðir endast

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

Birna María Þorbjörnsdóttir fyrir miðju ásamt ferðafélögum sínum og fyrrverandi vinnufélögum, Margréti Jónsdóttur Njarðvík og Herði Tryggvasyni. **MYNDIR/AÐSENDAR**

Svolítið galin stemning í Boston

Birna María Þorbjörnsdóttir eyddi svörtum föstudegi í Boston fyrir nokkrum árum. Þótt hún hafi ekki eytt miklum fjárhæðum sjálf, var dagurinn skemmtileg upplifun.

starri@frettabladid.is

Einn þeirra fjölmörgu Íslendinga sem hafa kynnst stemningunni kringum svartan föstudag í Bandaríkjunum er Birna María Þorbjörnsdóttir. Hún heimsótti Boston fyrir nokkrum árum í nokkurs konar vinnu- og árshátíðarferð. „Á þessum tíma var ég að vinna hjá ferðaskrifstofunni Mundo. Við vorum svo heppin að vera samferða nokkrum stelpum, eiginkonum starfsmanna Vivaldi, og fengum inni í æðislegu húsi í Magnolia, rétt fyrir utan Boston, sem er í eigu Jóns Stephensonar von Tetzchner, eiganda Vivaldi. Vivaldi-stelpurnar höfðu farið áður á þessum tíma og við fengum að njóta leiðsagnar þeirra um mollin og verslunarþorpin. Við elduðum líka og borðuðum risastóra þakkargjörðarmáltíð í sömu ferð.“

Góð tilboð í gangi

Stemningin í Boston var bæði skemmtileg og öðruvísi en hún átti að venjast heima. „Að rölta um í búðunum og verslanamiðstöðvunum var svolítið eins og jólastemning en svo voru líka haustlegar Thanksgiving-skreytingar úti um allt. Eftir því sem leið á svarta föstudaginn sjálfan jókst fólksfjöldinn í búðunum og stressið varð meira hjá fólki. Ég heyrði sagt að stundum kæmi meira að segja fyrir að fólk færi að slást yfir síðustu flíkinni á einhverju góðu tilboði.“

Þótt Birna hafi ekki keypt mikið sjálf sá hún vel hversu góð tilboð voru í gangi víða. „Það var alveg hægt að gera mjög góð kaup á fatnaði. Það var aðallega það sem hópurinn okkar var að skoða, föt og skór. Það litla sem ég keypti hefði kostað margfalt meira hérna heima.

Birna eyddi svörtum föstudegi í verslunarmiðstöðvum í úthverfi Boston og því var stemningin aðeins rólegri en annars staðar í borginni þennan daginn.

> **Það litla sem ég keypti hefði kostað margfalt meira hérna heima.**
>
> Birna María Þorbjörnsdóttir

Hluti af flíkunum sem fóru í mjúku pakkana hjá bræðrabörnunum.

Bræðrabörn mín nutu reyndar góðs af þessu og fengu stóra mjúka pakka þau jólin. Ferðafélagar mínir voru mun duglegri, en þær voru flestar búnar að fara áður og kunnu því einstaklega vel á svæðið. Sumar þeirra voru meðal annars búnar að kaupa helling á netinu og láta senda á staðinn sem við dvöldum á.“

Þakkargjörðardagurinn var haldinn hátíðlegur degi á undan svörtum föstudegi.

Skemmtileg upplifun

Þrátt fyrir allt var skemmtilegt að upplifa þennan dag í Boston. „Það sem var kannski eftirminnilegast við þennan dag var hvað þetta var í raun svolítið galin stemning. Við vorum samt í svona úthverfaverslunarmiðstöðvum og því var frekar „rólegt“ þar miðað við aðra verslunarkjarna í borginni.“

Þótt minningarnar séu góðar er Birna lítið spennt fyrir því að upplifa fleiri svarta föstudaga erlendis. „Ég væri miklu meira til í krúttlegan jólamarkað með glögg og ristuðum möndlum einhvers staðar í Danmörku eða Þýskalandi, eða eyða tíma á prúttmarkaði í Thamel-hverfinu í Katmandú í Nepal.“ ■

-50%
SVARTUR
FÖSTUDAGUR
OPNUM KL. 08:00 Í DAG

-50% AF ERGOMOTION STILLANLEGU HEILSURÚMUNUM.
5 fyrstu viðskiptavinirnir sem kaupa Ergomotion fá þau með **50% afslætti**

-50% AF WIZZ HÆGINDASTÓLNUM
5 fyrstu viðskiptavinirnir sem kaupa Wizz fá hann með **50% afslætti**

OPIÐ TIL KL 20:00 Í DAG
20:00
OPIÐ TIL KL 20:00 Í DAG

50% AFSLÁTTUR
af June sófunum, 5 fyrstu viðskiptavinirnir sem kaupa June fá þá með **50% afslætti.**

KOMDU STRAX Í DAG OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
HÚSGÖGN, RÚM, HÆGINDASTÓLAR OG STILLANLEG RÚM Á 30% AFSLÆTTI Í ALLAN DAG.
ÖLL TILBOÐIN ER AÐ FINNA Á VEFVERSLUN OKKAR VOGUE.IS

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

-50%
SVARTUR
FÖSTUDAGUR
OPNUM KL. 08:00 Í DAG

-30%
AF SÓFUM Í DAG.

-50% AF SÓFUM FRÁ PRIMAVERA
5 fyrstu viðskiptavinirnir sem kaupa sófa frá Primavera fá þá með **50% afslætti**

-30%
AF STÓLUM Í DAG.

-50% AFSLÁTTUR AF CLIFF
5 fyrstu viðskiptavinirnir sem kaupa stólinn Cliff fá hann með **50% afslætti**

OPIÐ TIL KL 20:00 Í DAG
20:00
OPIÐ TIL KL 20:00 Í DAG

-30%
AF RÚMUM Í DAG.

-50% AF ÍSLENSKU HEILSURÚMUNUM DÍS
5 fyrstu viðskiptavinirnir sem kaupa Dís heilsurúmin fá þau með **50% afslætti**

KOMDU STRAX Í DAG OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
HÚSGÖGN, RÚM, HÆGINDASTÓLAR OG STILLANLEG RÚM Á 30% AFSLÆTTI Í ALLAN DAG.

ÖLL TILBOÐIN ER AÐ FINNA Á VEFVERSLUN OKKAR VOGUE.IS

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

-20%

SVARTUR
FÖSTUDAGUR

ÖLL GJAFAVARA Á 20% AFSLÆTTI Í ALLAN DAG

KOMDU STRAX Í DAG OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

HÚSGÖGN | RÚM | HÆGINDASTÓLAR | STILLANLEG RÚM

ÖLL TILBOÐIN ER AÐ FINNA Á VEFVERSLUN OKKAR VOGUE.IS

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

SVARTUR
FÖSTUDAGUR
Í REKKJUNNI
20-50%

SÆNGURFÖT
20-50%
AFSLÁTTUR

20%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM AUKAHLUTUM,
KODDUM, SÆNGUM, LÖKUM,
HLÍFÐARLÖKUM O.S.FRV.

STAKAR DÝNUR
30-50%
AFSLÁTTUR

50%

Glacier Bay queen size
VERÐ Á SVÖRTUM FÖSTUDEGI
126.100 KR.
Verð áður 252.200 KR.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

25.11-28.11
SVARTIR
DAGAR
20%
AF ÖLLUM VÖRUM*
*Ath. afsláttur gildir ekki af vörum frá Goldbergh og Heresis
Marc Cain
Mos Mosh
Stenströms
Bitte Kai Rand
Creenstone
PBO
Reset
Gardeur
Gil Bret
LaSalle
Spanx
Depeche
Högl
Wonders
NeroGiardini
Kennel & Schmenger
Bukela
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir segir árangur og bætta líðan viðskiptavina vera það mikilvægasta í starfi sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Líkamsmeðferðir stjarnanna á alvöru Black Friday tilboðum

Líkamsmeðferðastofan The House of Beauty, Fákafeni 9, er eftirsóttur viðkomustaður þeirra sem vilja bæta sjálfstraust, líkamlegt form og heilsu. Fram á miðnætti á mánudag býður stofan upp á veglega afslætti í tilefni Black Friday og Cyber Monday.

The House of Beauty má segja að sé sú eina sinnar tegundar hér á landi. Stofan býður upp á sérhæfð meðferðartæki og heildstæðar lausnir fyrir heilsu og líkamlegt útlit, án skurðaðgerða og inngripa. Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, oftast kennd við Gyðju Collection, er konan á bak við The House of Beauty. „Við teljum meðferðatækin okkar og líkamsmeðferðirnar með þeim fremstu í heiminum í dag. Ætli The House of Beauty sé ekki eins konar mekka líkama og heilsu. Við erum að hjálpa fólki að bæta heilsuna og auka sjálfstraustið alla daga og það er það mikilvægasta sem við gerum.“

Meðferðirnar eru lofaðar hér á landi og víða um heim. Stórstjörnurnar Khloe og Kim Kardashian-systur hafa meðal annars sýnt frá því þegar þær fara í húð- og grenningarmeðferðina Velashape, sem The House of Beauty býður upp á. Auk þess er þekkt að Victoria's Secret fyrirsæturnar stunda meðferðina grimmt áður en þær stíga á svið.

„Það vinsælasta hjá okkur eru „makeover“ pakkarnir. Þar má nefna SKIN makeover, Húð og grenningar makeover, Heilsueflingu, Tummy tuck og fleira. Þá mætir viðkomandi í sérvaldar meðferðir nokkrum sinnum í viku í nokkrar vikur, með ákveðið markmið í huga.“

> **Fókusinn hjá okkur er ekki sá að viðskiptavinir missi ákveðinn fjölda kílóa, heldur frekar að árangur sjáist með berum augum og á myndum.**
>
> Sigrún Lilja

Árangur sem vekur eftirtekt

„Jákvæðar árangurssögur hjá okkur í dag skipta hundruðum. Við þrýstum aldrei á fólk að birta myndirnar af sér og margir ná frábærum árangri sem aðeins þeir og meðferðaraðilar vita af, enda leggjum við mikið upp úr trúnaði við viðskiptavininn. Svo eru alltaf einhverjir sem leyfa okkur að birta myndirnar og sýna fólki árangurinn og okkur þykir mjög vænt um það,“ segir Sigrún. Fjölda fyrir og eftir mynda viðskiptavina The House of Beauty má sjá á instagrammi stofunnar, @ thehouseofbeauty_iceland.

Eru meðferðir The House of Beauty fyrir alla?

„Stutta svarið er nei. Þumalputtareglan er sú að þinn árangur er okkar markmið og árangurinn byggist á samstarfi meðferða, meðferðaraðila og viðskiptavinar. Líkami hvers og eins bregst mismunandi við meðferðum og ef tilskilinn árangur næst ekki fljótlega eftir að prógramm hefst, er mikilvægt að láta meðferðaraðila vita, svo hægt sé að gera breytingar á prógramminu. Fókusinn hjá okkur er ekki sá að viðskiptavinir missi ákveðinn fjölda kílóa, heldur frekar að árangur sjáist með berum augum og á myndum. Við aðstoðum við að vinna á staðbundnum breytingum á fitusöfnun, slappri húð, bjúg, bólgum, slitum og ýmsu öðru,“ segir hún.

Afslættir sem munar um

Black Friday helgin og Cyber Monday eru orðnir risadagar í netverslun og er The House of Beauty þar engin undantekning. „Þegar ég opnaði stofuna fór ég strax af stað með netverslun, þó svo ég væri að selja þjónustu en ekki hlut. Það eykur þægindi og sparar viðskiptavinum og starfsfólki sporin. Það kom strax í ljós að það var gæfuspor enda veigra fæstir sér við að kaupa meðferðir eða makeover á netinu í dag. Við pössum líka að hafa eftirleikinn einfaldan og ekki of bindandi fyrir viðskiptavini. Kortin okkar renna ekki út og hægt er að breyta um meðferðir eða pakka, ef það kemur í ljós að við teljum að annað meðferðarprógramm henti viðkomandi betur en það sem keypt var.“

Þessi viðskiptavinur byrjaði í Totally Laser Lipo með áherslu á magasvæðið og fór í fitform beint á eftir til að stinna og styrkja vöðva og fullkomna árangurinn.

Totally Laser Lipo bræðir staðbundna fitu

„Totally Laser Lipo er sem dæmi meðferð sem er algjörlega sársaukalaus. Hún umbreytir fitu úr föstu í fljótandi form sem losast út með eðlilegum hætti í gegnum sogæðakerfið. Meðferðin tekur aðeins 20 mínútur og unnið er með eitt svæði í meðferðinni. Við ummálsmælum fyrir og strax eftir meðferðina og árangurinn kemur strax í ljós en heldur svo áfram að aukast næstu 72 klukkustundirnar,“ segir Sigrún. „Þessi kona kom til okkar tvisvar í viku í átta vikur. Hún byrjaði í Totally Laser Lipo með áherslu á magasvæðið og fór í fitform beint á eftir til að stinna og styrkja vöðva og fullkomna árangurinn.“

Kristín missti tíu kíló og 37 cm eftir fimm vikur í Velashape og Silk meðferðum.

Takk fyrir mig, þið losnið aldrei við mig

„Hún Kristín Wium var svo dásamleg að leyfa okkur að sýna hennar frábæra árangur. Hún byrjaði hjá okkur í meðferðum 28. janúar og kláraði prógrammið 22. mars. Það eru rétt rúmar 7 vikur á milli mynda og árangurinn hennar glæsilegur,“ segir Sigrún.
Kristín sendi þessi fallegu orð: „Í janúar var ég algjörlega að gefast upp á sjálfri mér, fannst ég þung bæði andlega og líkamlega. Ég var búin að íhuga alls konar, bæði magaaðgerðir og fitusog. Svo sá ég viðtal við Sigrúnu og ákvað að kynna mér meðferðirnar sem í boði eru hjá The House Of Beauty. Ég fór í kjölfarið í mælingu og ráðgjöf og keypti mér tíma í Velashape og í Silk. Þá var ekki aftur snúið! Ég fór tvisvar sinnum í viku og eftir fimm vikur voru 37 cm farnir af mér. Það sem þessar meðferðir hafa gefið mér! Á þessum vikum missti ég tíu kíló líkamlega, en svo miklu meira andlega.
Ég hlakka til þess að mæta í tímana mína, bæði vegna þess að árangurinn hefur verið svo frábær en ekki síður vegna yndislegu stúlknanna sem þarna vinna. Takk fyrir mig, þið losnið aldrei við mig,“ segir Kristín.

Ómótstæðileg sprengitilboð

„Við erum með ómótstæðileg tilboð í gangi yfir helgina sem gilda til miðnættis á mánudaginn 28. nóvember, Cyber Monday. Því borgar sig að hafa hraðar hendur. Við bjóðum 40% afslátt af völdum Black Friday og Cyber Monday sprengjum. Einnig er 30% afsláttur af öllum öðrum meðferðum og pökkum.

Að auki lækkum við verðin verulega á völdum meðferðum og pökkum nokkrum sinnum yfir sjálfan Black Friday í klukkutíma í senn. Verðlækkanir verða tilkynntar á Facebook-viðburði sem nálgast má á Facebook-síðu The House of Beauty. Nú er klárlega tækifærið til að kaupa sér meðferðir eða makeover pakka á besta verðinu. Fyrstu fimmtán sem kaupa á tilboðunum í vefverslun-inni fyrir 50.000 krónur eða meira fá svo veglegan kaupauka, eða frían tíma í Msculpta að verðmæti 34.900 krónur.

Núna er því kjörið tækifæri til að undirbúa sig fyrir jólin, byrja nýtt ár með stæl og láta markmiðin verða að veruleika. Einnig er tilvalið að næla sér í gjafaöskju á tilboði til að gefa ástvini heilsu og vellíðan í jólagjöf,“ segir Sigrún að lokum.

Áhugasamir geta kynnt sér Black Friday & Cyber Monday tilboðin betur á vefsíðu The House of Beauty. Hægt er að bóka tíma í fría mælingu og ráðgjöf hjá sérfræðingi á einfaldan hátt á vefsíðunni. ■

Black friday ofurtilboð í Curvy

30-50%

af völdum vörum og allar aðrar vörur
með 20% afslætti alla helgina !

Tilboðin gilda dagana 25-28 nóvember í verslun Curvy
við Grensásveg og í netverslun www.curvy.is



Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

SVARTUR FÖSTUDAGUR

ÚT NÓVEMBER

10%

AF ÖLLUM VÖRUM

30-50%

AF VÖLDUM VÖRUM

25%

AF VANDYCK & BRINKHOUSE MJÚKVÖRU

50%

AF ÖLLU Í OUTLETI

Svefn & heilsa

★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

BALDURSNES 6 – AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET – LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | **svefnogheilsa.is**

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.

Hvað er um að vera í næstu viku?

28. nóvember
Mánudagur

■ **Mánudjass á Húrra kl. 21.00**
Mánudjass snýr aftur heim á Húrra og verður framvegis annan hvern mánudag. Húsbandið spilar eitt sett og svo er sviðið opið. Öllum er velkomið að spila, syngja, dansa eða bara njóta tónlistarinnar.

30. nóvember
Miðvikudagur

■ **Jólajazz með Kristjönu Stefáns kl. 12.15**
Salurinn, Kópavogi
Tríó jazzdívunnar Kristjönu Stefáns kemur okkur í notalegan jólagír í upphafi aðventu. Tónleikarnir fara fram í fordyri Salarins. Aðgangur ókeypis og öll hjartanlega velkomin.

■ **Flotmeðferð kl. 19.00**
Álftaneslaug
Tíminn inniheldur nudd og nærandi slökun, á meðan flotið er með öllum tilheyrandi búnaði og stuðningi. Fullkomin útkúplun frá jólaálagi.

■ **Erik Qvick og Jazz sendiboðarnir á Múlanum kl. 20.00**
Björtuloft, Hörpu
Hljómsveitin tekur ofan hattinn fyrir goðsögnum „Hard Bop" tímabilsins. Leikin verða lög eftir Curtis Fuller, Freddie Hubbard, Cedar Walton, Bobby Timmons og fleiri.

1. desember
Fimmtudagur

■ **Hugur, hjarta, hönd - Macramé með með Heru kl. 20.00**
Móar studio, Bolholti 4
Heilandi samverustund þar sem við fræðumst um það hvaðan macramé kemur, spjöllum um heilunarmátt handavinnunnar og lærum undirstöðuhnúta í macramé svo hægt sé að byrja að skapa, flæða og gera þitt eigið verk, það sem hugurinn, hjartað og hendurnar girnast.

■ **Hið ósagða kl. 20.30**
Tjarnarbíó
Þrír vinir hittast í máltíð á T.G.I. Fridays, eitt þeirra var að slá í gegn. Undir sakleysislegum samskiptum þeirra leynist grátbrosleg styrjöld, persónulegt stríð milli þriggja beiskra og venjulegra einstaklinga sem þekkja veikleika hver annars utan að.

■ **Obbossí – Fyrsti í graðventu kl. 21.00**
Þjóðleikhúskjallarinn
Nemendasýning nýjustu búrleskmeyja bæjarins. Fjölbreytt sýning þar sem hlátur, þokki, gleði og líkamsvirðing eru í hávegum höfð. Sérstakir gestir frá Kramhúsinu eru Britney-nemendur Berglindar Jóns, magadansnemendur Rósalindar Hansen og búrleskdívan Vice Versa.

■ **Jólabjöllurnar í hátíðarsköpum kl. 21.00**
Gaukurinn
Jólabjöllurnar eru sönghópur sem fagna nú tíundu jólunum saman. Undir sakleysislegu yfirborðinu leynist talsvert djarfari hlið. Þær hafa á undanförnum árum sérhæft sig í að skemma uppáhaldsjólalög landsmanna með frumsömdum textum um meðal annars jólaþvagleka, uppstoppaða jólahamstra og jólasveinakynlíf.

Heimsreisa upp Klapparstíg

Þegar við pælum í því, þá eru afar fáir partístaðir sem standa við Laugaveginn sjálfan. Vissulega erum við með staði á borð við Bravó, Big Lebowski, Prikið og Sólon, en hliðargötur sem þvera Laugaveg eru einnig mjög gjöfular. Röntgen stendur á horni Ingólfsstrætis og Hverfisgötu, Kaffibarinn er við Bergstaðastræti og Ölstofan er við Vegamótastíg. Hins vegar ber Klapparstígurinn höfuð og herðar yfir þessar götur. Ef við byrjum að ganga frá Hverfisgötu ber fyrst að nefna The Irishman Pub, þar sem írskur andi svífur yfir vötnum, það eina sem vantar eru vikuleg River Dance-kvöld. Óskir um slík er komið hér á framfæri. Stór staður sem hentar stærri vinahópum og ekki má gleyma góðri karaokeþjónustu.

Örlítið ofar er svo Kokkteilbarinn á Monkeys. Stemmarinn þar er örlítið fágaðri en á þeim írska. Þar er hægt að njóta hanastéla í dásamlega fallegum lestarvagni sem kallaður er Kampavínslestin. Fullkomið fyrir vinkonuhitting með Gatsby-þema eða til að ímynda sér að fólk sé að ferðast með Austurlandahraðlestinni.

Klapparstígurinn ber höfuð og herðar yfir margar götur.

Við horn Laugavegar stendur Bravó sem stendur fyrir sínu, með góð tilboð á barnum á vissum tíma dags. Frábær staður fyrir trúnó og sjarmerandi sjabbí, eins og bestu rokkbarir í Williamsburg.

Nýjasti demantur Klapparstígsins er svo leynivínbarinn Apéro sem er á annarri hæð Laugavegar 28b, gengið inn frá Klapparstíg, í rými sem mörg tengja við Á næstu grösum og Gló. Þarna er alvöru Parísarandi, frábært vínúrval og góðir smáréttir.

Frá París förum við svo norður. Kaldi bar ber sama nafn og bjórinn sem bruggaður er á Árskógssandi. Stundum er gripið í píanó staðarins og breytist hann um stund í eins og útibú frá hinum akureyrska Götubar. Hinum megin við götuna er svo Veður, sem býður upp á það ferskasta í íslenskri kokkteilamenningu. Ef heppnin er með þér situr smartasta barpar landsins fyrir utan í mánderingu sem minnir á Camden-hverfið í London.

Á horni Klapparstígs og Grettisgötu stendur svo Pasta Basta-húsið, sem lengi vel hýsti Bar Ananas. Gaman verður að sjá hvað verður í því húsi þegar fram líða stundir, en það var nýlega auglýst til sölu. ■

■ **Skrítin staðreynd vikunnar**

KFC um jólin

Í Japan er KFC-kjúklingur sá matur sem fólk tengir við vestræn jól. Það var Takeshi Okawara, sem stýrði fyrsta KFC-útibúinu í Japan, sem sagði í viðtali að á Vesturlöndum væri djúpsteiktur kjúklingur gjarna notaður til hátíðarbrigða í stað kalkúns. KFC í Japan er byrjað að taka við pöntunum fyrir jólamatinn í ár. ■

Jólagleðin snýst um gleði, ekki fullkomnun

Nú styttist óðum í aðventuna og flestir eiga sínar hefðir og siði sem tengjast henni. Anna Björk Eðvarðsdóttir, formaður Hringsins, er mikill sælkeri og lífskúnstner og elskar aðventuna. Hefðir á aðventunni eru nátengdar Hringnum og veit hún fátt skemmtilegra en að taka þátt í Jólabasar Hringsins.

sjofn@frettabladid.is

„Aðventan er skemmtilegur tími. Þá hefst fjáröflun hjá okkur. Við vorum að koma jólakortum í búðir og Jólabasarinn var í byrjun nóvember. Núna erum við á fullu að undirbúa Jólakaffi og Jólahappdrætti Hringsins, sem verður haldið í Hörpu 4. desember næstkomandi. Við erum mjög spenntar, það eru nærri þrjú ár síðan Jólakaffið var haldið síðast.

Ein af mínum hefðum er hurðarkransinn á útihurðina mína og lengi gerði ég kransinn sjálf. Þá hittumst við nokkrar vinkonur og gerðum stóra og bústna hurðakransa, en svo hættum við því. Síðan þá hefur góður vinur minn, Sigþór í Hlín blómahúsi í Mosó, gert geggjaða hurðarkransa fyrir mig. Önnur hefð er að bjóða fjölskyldunni í Jólakaffið í Hörpu. Það er sérstaklega gaman eftir að ég eignaðist barnabörnin, en ég á fjögur, Jólakaffið er fyrsta alvöru aðventustemningin,“ segir Anna full tilhlökkunar.

Dásamlegt bollubrauð fyllt með gómsætu Nutella fyrir sælkerana.

„Við hjónin reynum yfirleitt að fara á einhverja tónleika, sem setur mann í góðan jólagír. Svo förum við mæðgurnar í fyrstu aðventuferðina okkar saman. Það er vonandi ný hefð sem verður árleg héðan í frá. Mér finnst nauðsynlegt að reyna að gera sér hlutina eins auðvelda og hægt er í jólaundirbúningnum svo maður nái að njóta sín. Setja sér ekki of stíft prógramm, það þarf ekki að gera allt of mikið af öllu og vera síðan með tárin í augunum, örmagna og uppgefinn þegar hátíðirnar eru búnar. Ég er svo sem alveg sek um að hafa verið þar, hér áður fyrr en ekki lengur, ég hef þroskast, jólagleðin snýst ekki um fullkomnun heldur gleði.“

Þegar kemur að því að setja upp jólin gerir Anna það ekki fyrr en aðventan hefst. „Ekki fyrr en á fyrsta sunnudegi í aðventu eða eftir Jólakaffið. Ég heiti mér því að skreyta minna á hverju ári. En það gengur svona la, la, það læðist alltaf meira og meira inn hjá mér eftir því sem nær dregur jólum. Auðvitað á maður alls konar uppáhaldsskraut sem manni finnst nauðsynlegt að hafa, annars koma ekki jólin. Jólatréð fer upp um 21. desember.“

Toblerone-kökurnar hennar Önnu líta vel út og kitla bragðlaukana.

Anna Björk er mikill sælkeri og töfrar fram tvær dásamlegar uppskriftir sem eiga vel við á aðventunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gústukökurnar toppurinn

Anna á sínar uppáhaldssmákökur sem henni finnst ómissandi að baka á aðventunni og á erfitt með að gera upp á milli. „Ég get ekki sagt bara eina, það er næstum eins og að gera upp á milli barnanna sinna. En ef ég verð þá eru Gústukökur samt þær sem allar aðrar súkkulaðibitakökur þurfa að standast samanburð við, ég ólst upp við þær hjá mömmu. Þær heita í höfuðið á konu sem hún vann einu sinni með, þær eru toppur. Samt eru alltaf einhverjar sem eru að reyna að taka sæti hennar. Núna eru það nokkrar sem eru að berjast um fyrsta sæti hjá mér, meðal annars Toblerone- og makadamíukökur sem ég bakaði um daginn.“

Toblerone-kökurnar og bollubrauð með Nutella

Hér sviptir Anna hulunni af tveimur dásemdar uppskriftum sem hún mælir með að lesendur prófi á aðventunni. „Eins og ég sagði áðan komu Toblerone-kökurnar svo sterkar inn að ég get ekki legið á gleðinni ein. Hvaða Íslendingur elskar ekki Toblerone, þessa yndislegu súkkulaðiþríhyrninga? Makadamíuhnetur eru dásamlegar, svo kremaðar og mjúkar. Svo er það annað hráefni sem flestir elska líka en það er Nutella. Hér er það notað sem fylling í geggjað bollubrauð, með sítrus-undirtón, svolítið italiano, algjört æði. Fallegt á borði, ljúffengt og mjög auðvelt að baka það. Svo frystist það vel, ef þú vilt gera það fyrir fram er það auðvelt.“

Toblerone- og makadamíukökur
18–20 stykki

- 1 ½ bolli hveiti
- 1 bolli haframjöl
- ½ tsk. salt
- ½ tsk. matarsódi
- 250 g Toblerone, gróft saxað
- 1 bolli léttristaðar makadamíuhnetur, gróft saxaðar
- ¾ bollar brætt smjör
- 1 bolli púðursykur
- ¼ bolli sykur
- 2 stór egg
- 1 tsk. vanilludropar

Byrjið á því að hita ofninn í 180°C. Gerið tvær ofnplötur klárar með bökunarpappír. Blandið saman hveiti, haframjöli, salti, matarsóda, Toblerone og makadamíuhnetum í stóra skál og setjið til hliðar. Hrærið saman smjör, púðursykur og sykur í annarri skál, bætið síðan egginu og vanilludropunum saman við og þeytið. Hellið blöndunni yfir þurrefnin og blandið síðan öllu vel saman. Setjið 1 matskeið af deigi með um það bil 5 sentimetra bili á bökunarplötu, ekki hafa of lítið bil á milli þeirra, þrýstið síðan létt ofan á þær. Bakið í 12–15 mínútur þar til kökurnar eru ljósgylltar og ysti kanturinn byrjaður að verða stökkur, en eru enn mjúkar í miðjunni. Takið af plötunni og setjið á grind til að kólna.

Nutella-bollubrauð

- 400 g sigtað hveiti
- 80 g sykur
- 6 g þurrger
- 1 egg
- Börkur af 1 sítrónu
- 50 g smjör brætt
- 1 ½ dl volg mjólk
- Nutella eftir smekk

Til að pensla með

- 1 eggjarauða
- Mjólk eftir smekk

Byrjið á því að sigta hveiti í stóra skál, setjið restina af hráefnunum fyrir utan mjólkina út í hveitið og blandið létt saman með fingrunum. Bætið mjólkinni út í og hnoðið deigið mjög létt saman í kúlu með höndunum í skálinni. Smyrjið deigkúluna með olíu og setjið plast yfir skálina og látið deigið hefast í 1 klukkustund á volgum stað. Smyrjið 20 sentimetra kringlótt springform vel að innan. Hnoðið deigið upp og skiptið í 10 bita. Formið hvern bita í kringlóttan hring á borðinu og setjið 1 teskeið af Nutella í miðjuna á hverjum deighring og lokið honum svo vel með því að klípa endana saman, setjið síðan kúluna í formið. Allt deigið er klárað á sama hátt og formið fyllt. Látið hefast á volgum stað í 1 klukkustund með plasti yfir. Þeytið eggjarauðu og mjólk saman í litla skál og penslið bollurnar með blöndunni. Hitið ofninn í 180°C með blæstri og bakið í 20–25 mínútur. Látið kólna og síðan er flórsykri drussað yfir. Berið fram með góðum kaffibolla eða heitum tebolla. ■

Listmunauppboð nr. 120

JÓLAUPPBOÐ

síðasta stóra uppboð ársins
mánudaginn 28. nóvember kl. 18:30

Jóhannes S. Kjarval

Karl Kvaran

Þórarinn B. Þorláksson

Ísleifur Konráðsson

Svavar Guðnasona

Tryggvi Ólafsson

Louisa Matthíasdóttir

Nína Tryggvadóttir

Kristján Davíðsson

Baltasar Samper

Pétur Gautur

Ásmundur Sveinsson

Forsýning verka hjá Fold uppboðshúsi og á vefnum uppbod.is
Opið laugardag og sunnudag kl. 12–16

FOLD UPPBOÐSHÚS
Stofnað 1992

Rauðarárstígur 12–14, sími 551 0400 · www.uppbod.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Mercedes Benz GLE 500e. Plugin Hybrid. 3/2017. Ekinn aðeins 58 Þús. Km. Hlaðinn búnaði eins og leður, minni í framsætum, stigbrettum, dráttarkúlu, Harman Kardon hljómgræjum ofl. Gerist vart glæsilegra. Verð: 7.490.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu

Kia Niro Style PHEV 8/2020 Rafm í bílstjórasæti, skynvæddur hraðastillir, bakkmyndavél. Árekstrarvörn ofl. Þægilegur og lipur bíll. Tilboðsverð 4.600.000 (ásett verð 4.790.000) Uppl. í síma 8932621.

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Málarar

MÁLARAR.
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

regnvorn.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Til sölu

VINDHANI
er góð gjöf
JS Ljósasmiðjan
Skemmuvegi 34 - Kóp.
S.: 554 0661- 897 4996 - 699 2502
Netfang: velaverkjs@simnet.is
www.velaverkjs.is

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Auglýsing um framkvæmdaleyfi

Hamranes M3 - breyting á aðalskipulagi

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 23. nóvember 2022 að auglýsir skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í breytingu á greinargerð þar sem heimiluð er fjölgun íbúða úr 1500 í 1900 auk 80 þjónustueininga á hjúkrunarheimili.

Skipulagslýsingin verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6 og á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhellu 2, frá **25. 11 – 16. 12. 2022**. Einnig er hægt að skoða gögnin á **hfj.is/skipulag**.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagslýsinguna á netfangið **skipulag@hafnarfjordur.is** eða skriflega í þjónustuver að Strandgötu 6 eigi síðar en 16.12 nk.

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður

SVARTUR
föstudagur
&
MAGNAÐUR
mánudagur

Hvernig væri að skella sér á einn sjóðandi heitan?
GRETTISLAUG, okkar vinsælasti pottur, á sérstöku tilboðsverði.

209.000 kr.
Verð áður 259.000

20% afsláttur af völdum aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina

Tilboðin gilda **föstud. 25. - mánud. 28. nóvember 2022**

NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

fjölbreytt úrval

Skíðaferða

Val di Fassa, Madonna og Pinzolo

Fjöldi brottfara í janúar og febrúar

Margir Íslendingar þekkja án efa ítölsku skíðasvæðin í Madonna og Selva, enda hafa landsmenn ferðast þangað í meira en 20 ár.

Nú bjóða Heimsferðir upp á skíðaferðir annars vegar til Canazei og Campitello í Val di Fassa dalnum (sem eru á sama svæði og Selva) og hins vegar til Madonna di Campiglio og Pinzola í Val Rendena dalnum.

7 nætur

Flug & hótel frá

152.200

á mann

Pinzolo

Hotel Pinzolo Dolomiti

21. janúar í 7 nætur ★★★☆☆

Frá kr. 152.200 á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Hálft fæði

Madonna

Alpen Hotel Vidi

28. janúar í 7 nætur ★★★★☆

Frá kr. 275.800 á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Hálft fæði

Val di Fassa

Park Hotel & Club Caminetto

11. febrúar í 7 nætur ★★★☆☆

Frá kr. 216.550 á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Hálft fæði

→ AÐRAR DAGSETNINGAR OG GISTIMÖGULEIKA FINNUR ÞÚ Á HEIMSFERDIR.IS

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

Fáðu meira út úr fríinu

Frumsýning sem gefur góð fyrirheit

Það voru Max Verstappen og Red Bull Racing sem báru höfuð og herðar yfir keppinauta sína á nýafstöðnu keppnistímabili í Formúlu 1 þar sem vel heppnuð frumsýning nýrra bíla fór fram. Árið 2022 í Formúlu 1 bauð upp á margt þó svo að úrslitin hafi verið ráðin of snemma fyrir smekk flestra.

aron@frettabladid.is

FORMÚLA 1 Drama, háhraði, spenna, skemmtun, ótrúleg mistök og glæstir sigrar, eru orð sem koma upp í hugann þegar maður lætur hugann reika yfir tímabilið, en eitt er víst og það er að Formúla 1 hefur skipað sér sess meðal áhugaverðustu og skemmtilegustu íþrótta í heimi. Hér er farið yfir það markverðasta frá tímabilinu. ■

Keppni ársins
Silverstone

Yfirburðir Verstappen á Red Bull-bílnum ollu því að oft og tíðum var ekki mikil spenna um sigur í keppnum, en í Silverstone-kappakstrinum í Bretlandi var boðið upp á mikla skemmtun þar sem Carlos Sainz, ökumaður Ferrari, vann sinn fyrsta sigur á ferlinum. Öryggisbíll var kallaður út undir lok keppninnar, það þjappaði hópnum saman og úr varð æsispennandi lokakafli úti um alla braut.

Kveðjustund ársins
Sebastian Vettel

Fjórfaldi heimsmeistarinn Sebastian Vettel hefur yfirgefið Formúlu 1 sviðið og kveður sem goðsögn í mótaröðinni. Vettel verður einna helst minnst fyrir ótrúlega sigurgöngu sína með Red Bull, en einnig fyrir að reyna slíkt hið sama með Ferrari. Þá er það virðingarvert hvernig hann hefur nýtt sér stöðu sína sem heimsfrægur ökumaður til þess að vekja athygli á brýnum málefnum utan Formúlu 1. Danke, Seb!



Staðreynd ársins
Sigurlaus Hamilton

Tímabilið 2022 fer í sögubækurnar sem fyrsta tímabil Sir Lewis Hamilton í Formúlu 1 þar sem honum tekst ekki að vinna keppni. Hamilton hóf Formúlu 1 feril sinn árið 2007. Þessi sjöfaldi heimsmeistari gekk í gegnum fordæmalaust tímabil í ár, þar sem bíll Mercedes reyndist ekki samkeppnishæfur fremst í rásröðinni fyrr en undir lok árs.

Vonbrigði ársins
Mercedes og Ferrari

Tvennt sem stendur upp úr hér. Sú staðreynd að Mercedes var aldrei í baráttu um heimsmeistaratitla, og afhroð Ferrari trekk í trekk. Höldum okkur við Ferrari hér. Liðið virtist hafa neglt blönduna fyrir nýja kynslóð Formúlu 1 bíla, byrjaði tímabilið vel með hraðan bíl, en gerði allt of mörg mistök og kom sér allt of oft í vonda stöðu. Þegar Ferrari gengur vel, þá eykur það áhuga á Formúlu 1. Vonandi verður það staðreyndin á næsta ári.

Ökumaður ársins
Max Verstappen

Það er ekki hægt að líta fram hjá Max Verstappen í þessum flokki. Hollendingurinn var í sérflokki í ár, setti met yfir fjölda sigra á einu tímabili (15) og tryggði sér sinn annan heimsmeistaratitil á ferlinum. Hann er maðurinn sem setur markið hátt fyrir aðra ökumenn mótaraðarinnar.

Niðurstaða ársins
Vel heppnuð frumsýning

Formúla 1 hefur stigið gæfuspor með nýrri kynslóð bíla. Það hefði verið ósanngjarnt af okkur að biðja um sömu spennu og boðið var upp á á síðasta tímabili, en tímabilið í heild sinni hefur verið mjög gott. Niðurstaðan er sú að næsta tímabil í Formúlu 1 hefur alla burði til þess að geta farið í sögubækurnar af góðum ástæðum. Þrjú lið standa framar öðrum og eru líkleg til þess að blanda sér í baráttuna um titlana sem í boði eru. Okkur dreymir um slag milli Red Bull, Ferrari og Mercedes, vonum að það verði að veruleika því það verður allt lagt í sölurnar.

SR30

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA

JÓLAFJÖR
MEÐ SÖLKU SÓL

Jólatónleikar fyrir börn og fjölskyldur þeirra

Eiríkur Rafn Stefánsson stjórnar eigin útsetningum þekktra jólalaga og allir geta sungið með.
Salka Sól verður sérstakur gestur ásamt barnakór.

- **4. DESEMBER**
- KL. 14.00
- **SILFURBERG**

Miðasala á HARPA.IS og TIX.IS

Merkisatburðir

1667 Jarðskjálfti ríður yfir Kákasushérað og verður 80 þúsund manns að bana.

1867 Sænski efnafræðingurinn Alfred Nobel fær einkaleyfi fyrir framleiðslu dínamíts.

1949 Jólaslagarinn Rúdolf með rauða trýnið birtist fyrst á vinsældalistum vestanhafs.

1953 Öflugur jarðskjálfti skekur Honsu í Japan. Flóðbylgja fylgir í kjölfarið.

1955 Kynþáttaaðskilnaður bannaður í lestum og langferðabílum sem fara á milli ríkja í Bandaríkjunum.

1963 John F. Kennedy lagður til hinstu hvílu í Arlington-kirkjugarðinum í Virginíuríki.

1969 John Lennon skilar OBE-heiðursnafnbót til að mótmæla stuðningi Bretlands við Víetnamstríðið.

1970 Rithöfundurinn Yukio Mishima sviptir sig lífi eftir misheppnaða valdaránstilraun í Japan.

1971 Bandaríska leikkonan Christina Applegate fædd.

1975 Súrinam öðlast sjálfstæði frá Hollandi.

1984 Þrjátíu og sex tónlistarmenn safnast saman í hljóðveri í Notting Hill í Lundúnum og taka upp lagið „Do they know it´s Christmas?“ og safna þannig fé til styrktar hungruðum í Eþíópíu.

2005 George Best, hinn kunni norður-írski fótboltamaður, deyr. Hann hafði ekki lifað heilsusamlegu lífi.

2014 Lionel Messi setur markamet í meistaradeild Evrópu.

Ungur var Hjálmar á því að tónlist væri einungis á færi guðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fyrirhöfnin er svo falleg

Hjálmar H. Ragnarsson fagnar sjötugsafmælinu með málstofu og síðbúnum frumflutningi.

arnartomas@frettabladid.is

Hjálmar H. Ragnarsson, tónskáld og fyrrverandi rektor Listaháskóla Íslands, fagnaði sjötugsafmæli fyrr í haust. Í tilefni af stórafmælinu býður tónlistardeild skólans til málstofu í dag, en samhliða henni verður á sunnudaginn frumflutt verk eftir hann á raftónlistarhátíðinni Erkitíð.

„Það er bara gleðiefni,“ svarar Hjálmar, spurður um hvernig sjötíu árin sæki að honum. „Þegar maður er við góða heilsu og hausinn á manni er í lagi þá er ekkert nema gaman að eldast.“

Í tilefni afmælisins heimsótti Hjálmar Grikkland í fyrsta sinn, fyrst Aþenu og fór svo ásamt Ásu eiginkonu sinni til Krítar. „Þetta var gamall draumur, ég hafði aldrei komið til Grikklands, stórkostleg upplifun“ segir hann.

Engir guðakomplexar

Í málstofunni í dag munu þau Þorbjörg Daphne Hall dósent í tónlistarfræðum og Hjálmar ræða um verk hans og listrænan feril.

„Við ætlum að fara í gegnum upphafið og stórt æskuverk sem ég gerði þegar ég var rúmlega tvítugur,“ segir Hjálmar. Umrætt verk kallast Noktúrna eða Næturljóð, og munu þær Herdís Anna Jónasdóttir og Áshildur Haraldsdóttir leika brot úr verkinu, sem er fyrir fjölrása rafhljóð, sópran-rödd og altflautu. Verkið verður síðan flutt í fullri lengd á sunnudaginn á tónleikum Erkitíðar í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.

„Ég fór í tónsmíðar upphaflega í gegnum raftónlistina, heillaðist af henni með einhverjum óskýranlegum hætti, og á þessum tíma þegar ég teikna upp Noktúrnuna er raftónlistin í algjörri frumbernsku.“

Þá verður í málstofunni einnig rætt um hvað varð til þess að Hjálmar byrjaði að smíða tónlist og skapa sér grundvöll sem tónsmiður.

„Mér þótti á þeim tíma að það væru bara guðir sem gætu gert tónlist, Beethoven og svona,“ segir hann og hlær. „En það breyttist allt þegar ég kynntist raftónlistinni í námi mínu í Bandaríkjunum.“

Þú ert þá ekki með neina guðakomplexa?

„Nei, þetta bjargaði mér alveg, að kynnast þessari tónlist, hún var framandi og spennandi, og ólík öllu öðru sem ég hafði kynnst áður,“ segir hann. „Að lokum förum við Þorbjörg yfir einhver af nýjustu verkum mínum, þá aðallega Partítu fyrir sóló-fiðlu, sem var frumflutt nú fyrr á árinu. Við tökum sum sé upphafið og endinn, en skiljum miðjuna eftir.“

Síðbúinn frumflutningur

Það fór nú svo að Noktúrnan lenti niðri í skúffu og var aldrei flutt á tónleikum.

„Mér fannst þetta kannski ómögulegt verk eða eitthvað, ég veit ekki hvað það var. Tæknin breyttist og svo komu PC tölvur og svona svo ég setti þetta verk bara til hliðar og kláraði það ekki einu sinni, það er söngröddina og flautupartinn.“

Kjartan Ólafsson, listrænn stjórnandi Erkitíðar, vissi hins vegar af verkinu og skikkaði Hjálmar til að gjöra svo vel að klára það og undirbúa fyrir flutning á hátíðinni, sem fer fram núna á sunnudaginn.

> Ég hugsaði bara með mér að píanóin, fiðlurnar og hvaðeina – þetta væri allt úrelt!

Hljóðfærin orðin úrelt

Það eru ekki margir hér sem hafa verið þátttakendur í þróun nýrrar tónlistargerðar frá fyrstu skrefum, eins og Hjálmar hefur verið með raftónlistinni. Hann segist í dag finna fyrir miklum áhuga á þessari svokölluðu sígildu raftónlist.

„Það var allt opið á þessum tíma og þótt tæknin hafi verið erfiðari þá en í dag þá er eitthvað fallegt við hana og fyrirhöfnina sem henni fylgdi,“ útskýrir hann. „Það er fallegt í sjálfu sér hvernig tæknin og þessi tónlistarhugsun mættust.“

Hjálmar var svo heitur í þessu á sínum tíma að hann skoraði á fólk að henda bara gömlu hljóðfærunum, það væru komnir nýir tímar.

„Ég hugsaði bara með mér að píanóin, fiðlurnar og hvaðeina – þetta væri allt úrelt! Ég var alltaf heltekinn af þessu.“

Málstofan í Listaháskólanum hefst klukkan 12.45 í dag og mun Hjálmar flytja verk sitt Erkitíð á tónleikum í Listasafni Reykjavíkur sem hefjast 17.30 á sunnudag. ■

Vil helst sjá gestina ganga syngjandi út

arnartomas@frettabladid.is

Sumarferðin, nýr sönglagaflokkur eftir Þorvald Gylfason við kvæði eftir Kristján Hreinsson, verður fluttur í Hörpu næsta sunnudag. Flokkurinn er framhald fyrri flokks sem var frumfluttur í Hannesarholti 2017, Sextán söngvar fyrir sópran og tenór, og eru lögin og ljóðin sögð fjalla um söknuð, sorg og gleði, viljann og vonina, ástina, lífið og listina.

„Veturinn er til þess að hlakka til sumarsins!“ svarar Þorvaldur Gylfason, spurður hvort það sé nú ekki skrítið að leggja í slíka sumarferð að vetri til. „Við erum að tala um síðari hlutann af þrjátíu og níu laga bálki. Þetta eru tuttugu og eitt lag, samin við ljóð Kristjáns sem eru bæði falleg og dýrt kveðin.“

> Þau Hallveig og Elmar eru söngvarar í heimsklassa og það skilar sér mjög vel í þessum lögum.

Þorvaldur Gylfason

Til stendur að gefa lagabálkinn í heild sinni út á næsta ári, bæði á geisladiski og í nótnabók, sem verður fjórða prentaða nótnabók Þorvaldar. Flytjendur á tónleikunum verða þau Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Elmar Gilbertsson tenór og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari, auk þess sem skáldið sjálft mun sinna hlutverki þular og flytur stuttar skýringar á innihaldi textanna á milli laga.

Þorvaldur segir að gestir megi vænta strauma frá Garda-vatni í sumum laganna sem samin voru á Ítalíu í tónleikaferð þeirra Kristjáns fyrr á árinu.

„Sum lögin voru prufukeyrð á ítölsku við Garda-vatn svo það er innangengt á milli,“ segir Þorvaldur. „Þau Hallveig og Elmar eru söngvarar í heimsklassa og það skilar sér mjög vel í þessum lögum. Maður heldur ekki svona konsert upp á önnur býti en þau að sumir tónleikagestirnir gangi syngjandi út í leikslok.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 16 á sunnudag og fer miðasala fram á tix.is. ■

Þetta gerðist: 25. nóvember 1902

Vélbáturinn Stanley sjósettur

Sexæringurinn Stanley var fyrsti fiskibáturinn á Íslandi til að vélvæðast. Hann var fyrst sjósettur með tveggja hestafla vél þann 25. nóvember 1902 við Hnífsdal.

Áður hafði Stanley gengið í gegnum nokkur eigendaskipti, en hann var líklega smíðaður í kringum 1860. Hann var á einhverjum tíma kallaður Skálin, því þáverandi eigandi hans var sagður fara með bátinn eins og hann væri glerskál eða postulín. Síðar keypti maður að nafni Árni Gíslason bátinn og kallaði Stanley.

Útgerð Stanley gekk vel þar til hann rak í Borgarbót í Skötufirði og brotnaði. Árið 2006 afhentu Ísfirðingarnir Guðmundur Guðmundsson og Jón Páll Halldórsson Einari K. Guðfinnssyni, þáverandi sjávarútvegsráðherra, mynd af bátnum sem markaði tímamót í sjávarútvegssögu landsins. ■

Svört helgi!

Tilboð í Samkaupa appinu
Gildir í öllum verslunum Nettó og í netverslun dagana 25.–27. nóvember

Jurassic World

Appsláttur: 50% inneign í appinu!

Maku vörur

Appsláttur: 40% inneign í appinu!

Dagatöl

Appsláttur: 50% inneign í appinu!

Appsláttur: 50% inneign í appinu!

Shupatto fjölnota pokar

Barbie

Appsláttur: 50% inneign í appinu!

Appsláttur: 50% inneign í appinu!

Klem-entínur í lausu

Play-Doh

Appsláttur: 50% inneign í appinu!

Fáðu betra verð og safnaðu inneign með Samkaupa-appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþrótta- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.
20.00 Eyfi + Eyjólfur Kristjánsson fær til sín góða gesti sem taka með honum lagið.
20.30 Fréttavaktin (e)
21.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþrótta- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.

RÚV Sjónvarp

09.10 Leiðin á HM Brasilía og Íran.
09.40 HM upphitun
09.50 Wales - Íran Bein útsending.
12.00 Leiðin á HM Holland og Senegal.
12.30 HM stofan
12.50 Katar - Senegal Bein útsending.
14.50 HM stofan
15.15 Leiðin á HM - liðin Ekvador.
15.30 HM stofan
15.50 Holland - Ekvador Bein útsending.
17.50 HM stofan
18.10 Landakort Strengir
18.15 KrakkaRÚV.
18.16 Ofurhetjuskólinn
18.31 Miðaldafréttir Þórhildur skáldkona.
18.32 KrakkaRÚV
18.35 Húllumhæ
18.50 Lag dagsins Bríet - In Too Deep.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Kastljós
20.00 Kappsmál Keppendur þáttarins eru Gagga Jónsdóttir, Nadine Guðrún Yaghi, Snorri Másson og Þorsteinn Bachmann.
21.05 Vikan með Gísla Marteini
22.20 Barnaby ræður gátuna - Fuglahræðumorðin Midsomer Murders. The Scarecrow Murders Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við morðgátur í ensku þorpi. Myndin er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
23.50 Nærmyndir - Útihundurinn Talking Heads. The Outside Dog
00.25 HM kvöld
01.10 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.00 Dr. Phil
12.40 The Late Late Show
13.25 Love Island Australia
14.25 Bachelor in Paradise
15.45 The Block
17.00 90210
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 The Neighborhood
19.40 Black-ish
20.10 Bachelor in Paradise
21.40 Little Fockers Það hefur tekið 10 ár, tvo litla Fockera með eiginkonunni Pam og óteljandi vandamál fyrir Greg að verða samþykktur af tengdaföður sínum Jack.
23.15 Bridget Jones's Baby
01.15 Respect
03.35 From
04.35 Tónlist

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
08.55 Bold and the Beautiful
09.20 Cold Case
10.00 Girls5eva
10.25 Ljósvakavíkingar - Stöð 2 Heimildamynd frá 2011 í 5 hlutum þar sem rakinn er aðdragandi, stofnun og saga Stöðvar 2 í máli og myndum.
11.00 30 Rock
11.40 Nágrannar
12.05 B Positive
12.25 Bara grín
12.50 All Rise
13.30 First Dates Hotel
14.20 Saved by the Bell
14.45 30 Rock
15.05 McDonald and Dodds
16.30 Real Time With Bill Maher
17.30 Bold and the Beautiful
17.50 Nágrannar
18.20 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Idol Stöð 2 leitar að næstu Idol-stjörnu og það er óhætt að lofa frábærri skemmtun enda stefnir í stærsta og glæsilegasta skemmtiþátt vetrarins.
20.15 Dog Hjartnæm gamanmynd frá 2022.
21.50 Now You See Me
23.45 O Brother, Where Art Thou? Meistaraverk úr smiðju Coen-bræðra með George Clooney, John Turturro og Tim Blake Nelson í aðalhlutverkum.
01.25 Inherit the Viper
02.50 The Mentalist
03.30 Cold Case
04.10 Girls5eva
04.35 B Positive

Ragnar Sigurðsson með ferðasögu frá Afríku

Ragnar Sigurðsson sest í íþróttavikuna með Benna Bó á Hringbraut í kvöld og segir frá ævintýrum sínum í Afríku. Hann ferðaðist til Senegal nýverið með takkaskó og annan íþróttafatnað fyrir munaðarlaus börn. Með honum verður Hörður Snævar, íþróttastjóri Torgs. Þá verður Formúlu 1-tímabilið gert upp með þeim Aroni Guðmundssyni og Kristjáni Einari.

Krossgáta



LÁRÉTT
1 hræri
5 bergtegund
6 þvaga
8 hætta
10 skóli
11 ráðaleysi
12 tegund
13 fokvondur
15 efnismagn
17 dvöl

LÓÐRÉTT
1 fallvaltur
2 heita
3 stafur
4 skjólur
7 alls
9 bollaleggja
12 ýmist
14 reiðubúinn
16 utan

LÁRÉTT: 1 sleif, 5 kol, 6 ós, 8 aflata, 10 ma, 11 fum, 12 sort, 13 æfur, 15 rúmmál, 17 stans.
LÓÐRÉTT: 1 skammær, 2 lofa, 3 ell, 4 fótur, 7 samtals, 9 áforma, 12 sumt, 14 fus, 16 án.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Vasyl Ivnchuk (2.686) átti leik gegn Jorden Van Foreest (2.699) á HM landsliða í Jerúsalem fyrir skemmstu.

26. Rd7!! Ótrúlegur leikur. Riddaranum leikið á reit sem er fimmvaldaður. **26...Hexd7 27.Bxd6 Hxc2 28.Hxc2 Hxd6 29.Hc8 Dxc8 30.Bxc8.** Ivanchuk er með kolunnið tafl sem hann lék reyndar niður í tap í tímahraki. Það er mikið um að vera um helgina. Þrjú Íslandsmót og þar á meðal Íslandsmótið í Fischer-slembiskák og Íslandsmót ungmenna.

www.skak.is: Íslandsmótahelgi.

Sudoku

							1	3
	4	1		3		5		
2				8	5			4
1	5		4			3	9	
	6	8		7	9			2
4	2							
5	8		2	9	7			
	9	3			4	7		5
			6					

				8	3			
	6	7		9			2	8
		5				9		
			8				4	
5				3				
2	3	4	9					1
4			1				9	
6		1					5	
	2		4		5			6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Þakklátur fyrir allt

Aron Can Gultekin er einn vinsælasti tónlistarmaður landsins. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann gefið út fjórar plötur og um síðustu helgi seldist upp á þrettán hundruð manna tónleika hans í Hörpu. Aron á von á barni í mars og er spenntur fyrir nýja hlutverkinu. Aron Can ræðir ferilinn, lífið og tilveruna í helgarblaði Fréttablaðsins.

Hefði getað dáið

Garðar Svansson er fangavörður á Kvíabryggju og trúnaðarmaður fangavarða. Fyrir fimm árum fékk hann heilablóðfall þegar hann var einn á vakt en hefur þrátt fyrir það haldið áfram að standa vaktina í fangelsinu. Það gerir hann glaður en berst á sama tíma fyrir bættum kjörum fangavarða.

Hvatvísin er lykillinn

Jón Gnarr segir sögur úr lífi sínu á Kvöldvöku í Borgarleikhúsinu. Sögurnar eru svo ótrúlegar og skemmtilegar að margir halda að um lygasögur sé að ræða.

BLACK FRIDAY

25%-50% af öllum vörum

adidas.is

Heill ferskur kryddaður kjúklingur

998
kr./kg



Kjúklingurinn tilbúinn beint í ofninn
Meðalþyngd 1.500 g í pk. fyrir 3-4 manns

BÓNUS

Verð gildir til og með 27. nóvember eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Topp 10 bókalistinn



1

2

3

Skannaðu kóðann til að sjá allan listann

1.795
kr./kg

100% kjöt

Frosnar kalkúnabringur

798
kr./kg

Ferskur grísabógur

259
kr./stk.

12x6 cm

359
kr./stk.

12x7 cm

500 g

298
kr./pk

398
kr./pk.

Frosnar ítalskar pizzur ...og þú sækir

330 ml

98
kr./stk.

859
kr./pk.

Leiðinlegra að gefast upp

Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Femíniski andófslistahópurinn Pussy Riot opnaði sýninguna Flauelshryðjuverk í Kling & Bang í gær, sem er fyrsta yfirlitssýningin á verkum þessa heimsþekkta hóps. Í kvöld flytja Pussy Riot svo tónlistargjörninginn Riot Days í Þjóðleikhúsinu.

Meðlimir Pussy Riot og starfsmenn Kling & Bang voru í óðaönn að undirbúa uppsetningu yfirlitssýningarinnar Flauelshryðjuverk þegar blaðamaður hitti Mariu (Möshu) Alyokhina, forsprakka listhópsins, í Marshallhúsinu.

Hvers má fólk vænta af sýningunni?

„Fyrir margt fólk er Rússland núna bara hryðjuverkaríki og fyrir það var það svartur ókannaður blettur á landakortinu. Við erum að opna rifu á gluggann um það hvernig Rússar eru að mótmæla Pútín og hvernig við höfum reynt að vekja athygli á því sem er í gangi þar í landi, sérstaklega eftir að við eyddum tveimur árum í fangelsi.“

Handteknar og fangelsaðar

Pussy Riot vöktu heimsathygli þegar þær frömdu pólitíska gjörning sinn „Pönkbæn: María Mey, hrektu Pútín á brott“ í kirkju Krists í Moskvu 2012. Þær voru fordæmdar af rússneskum yfirvöldum og rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni og í kjölfarið voru þrjár þeirra handteknar, Masha, ásamt þeim Nadyu Tolokonnikova og Yekaterinu Samutsevich.

Þær voru hver fyrir sig kærðar og dæmdar til að sæta tveggja ára refsivist í fangavinnubúðum. Pussy Riot hafa þó sannarlega ekki bugast og hafa haldið áfram að mótmæla ríkisstjórn Pútíns og fremja gjörninga sína alla tíð síðan.

„Árið 2014 þegar þegar Krímskaginn var innlimaður reyndum við að segja heimsbyggðinni að Rússland myndi ekki stoppa. Það ætti að sæta refsiaðgerðum og Vesturlönd ættu að hafna innlimun annarra landsvæða. Þannig að frá upphafi og til dagsins í dag höfum við sýnt í gegnum gjörninga okkar mismunandi þrep og mismunandi dæmi kúgunar auk þess að mótmæla þessari kúgun,“ segir Masha.

Hræðilegur raunveruleiki

Af hverju eruð þið að halda þessa sýningu á Íslandi og af hverju núna?

„Á Íslandi af því okkur var boðið að sýna hér af Kling & Bang. Af hverju núna? Af því núna er rétta augnablikið, með alla þessa martröð í kringum okkur. Jafnvel ég gat ekki ímyndað mér að Pútín og allt hans lið myndi ganga svona langt. Í níu mánuði höfum við lifað við hræðilegasta raunveruleika sem við höfum séð á okkar líftíma.“

Maria (Masha) Alyokhina úr Pussy Riot segir heimaland sitt Rússland vera orðið að hryðjuverkaríki. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þú meinar stríðið?

„Já, stríðið. Það eru margir Rússar sem hafa verið á móti Pútín og eru enn á móti Pútín. Það situr fullt af fólki í fangelsum og sætir pyntingum, sum þeirra myrt, fullt af fólki sem hefur flúið land og er að berjast, til að mynda allir sjálfstæðu blaðamennirnir. Til að fjalla um Úkraínu verður þú að gera það erlendis, annars verðurðu fangelsaður og munt ekki fjalla um neitt nema fangelsislífið.“

Pussy Riot hafa undanfarna mánuði verið á tónleikaferðalagi með sviðsverk sitt Riot Days, sem þær munu flytja í kvöld í Þjóðleikhúsinu. Á ferð sinni safna þær fjármunum til að styðja við Úkraínu en allur hagnaður af tónleikunum og sýningunni rennur til Úkraínu.

Leiðtogarnir hryðjuverkamenn

Spurð að því við hverju fólk megi búast við á tónleikunum í Þjóðleikhúsinu, segir Masha um að ræða verk á mörkum ólíkra listgreina.

„Það lítur út eins og tónleikar með vídeólist en þetta er meira en bara tónleikar. Þetta er á mörkum tónlistar, leikhúss, heimildarmyndar og með nokkrum óútreiknanlegum pörtum af performans. Í grunninn er þetta stefnuyfirlýsing og fólk má búast við baráttuköllum.“

Eins og gefur að skilja er Masha mjög andvíg stríðsrekstri samlanda sinna í Úkraínu. Hún segir innrásina sjálfa ekki hafa komið sér svo mikið á óvart, en kveðst þó ekki hafa órað fyrir þeim hryllingi sem Rússar hafa stundað í Úkraínu á undanförnum níu mánuðum.

„Engin okkar bjóst við því sem við höfum séð í Bútsja og engin okkar bjóst við sprengjuárásum á Kænugarð, harmleiknum í Maríupol og öllu því. Þetta er eitthvað sem er algjörlega sjokkerandi,“ segir hún.

Þurfti stríðið til að vekja Vesturlönd til umhugsunar um það sem er að gerast í Rússlandi Pútíns?

„Já, ég held að það sé kominn tími fyrir fólk að vakna upp og skilja eitt mjög einfalt: Leiðtogar Rússlands eru hryðjuverkamenn og það ætti að dæma þá í alþjóðlegum stríðsglæpadómstól, eins og við Nürnberg-réttarhöldin. Það er allt og sumt.“

Ekkert mál að dúsa í fangelsi

Masha var búsett í Rússlandi allt þar til síðasta vor, en fjallað var um ævintýralegan flótta hennar frá heimalandinu í heimspressunni. Masha og kærasta hennar, Lucy Shtein, dulbjuggu sig sem matarsendla og laumuðu sér úr landi á mismunandi tímum. Íslenski myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson spilaði lykilhlutverk í flóttanum, með því að útvega Möshu vegabréfsáritun frá ónefndu Evrópuríki sem gerði henni kleift að smygla sér yfir landamæri Hvíta-Rússlands og þaðan til Litáen. Ragnar er einn sýningarstjóra sýningarinnar í Kling & Bang ásamt eiginkonu sinni Ingibjörgu Sigurjónsdóttur og Dorotheé Kirch.

Var orðið of hættulegt fyrir þig að vera í Rússlandi?

„Öll þessi ár voru hættuleg og eru það enn, það er barnalegt að hugsa sem svo að maður sé öruggur erlendis. Mér finnst þetta ekki vera spurning um hættu, fyrir mig er það spurning um að ég vil geta gert yfirlýsingar mínar gegn þessu stríði eins háværar og mögulegt er. Ég lenti í tveimur dómsmálum sem tóku annars vegar tvö ár og hins vegar eitt og hálft ár. Ég eyddi mörgum dögum, vikum, mánuðum og árum inni í ólíkum fangelsum. Það er ekkert vandamál að búa þar og lesa bækurnar og hlusta á útvarpið. Það sem skiptir mig mestu máli er að heimurinn skilji hvað er að gerast. Að fólk sé ekki hræsnarar og átti sig á því að það að steypa Pútín af valdastóli er sameiginlegt markmið heimsins, ekki bara verkefni Rússa.“

> Leiðtogar Rússlands eru hryðjuverkamenn og það ætti að dæma þá í alþjóðlegum stríðsglæpadómstól.
>
> Maria Alyokhina

Andóf meðal Rússa

Getur Rússland breyst á meðan Pútín er við völd?

„Ég er ekki viss um að heimurinn þekki Rússland að innan, af því Rússar eru allt öðruvísi fólk. Ég get ekki sagt að Rússar styðji þetta stríð. Þeir gera það ekki og það er enginn meirihluti fyrir stríðinu á meðal Rússa.“

Að sögn Möshu hefur myndast umfangsmikil neðanjarðarhreyfing gegn stríðsrekstrinum innan Rússlands, sem samanstendur meðal annars af pólitísku andófi á borð við útgáfu neðanjarðardagblaða og skemmdarverka sem beinast gegn innviðum rússneska hersins.

„Það er ekki hægt að segja að þetta sé hreyfing með forystu, en það eru sjaldgæfir gjörningar sem fólk er að byrja að framkvæma. Til dæmis voru tuttugu herkvaðningarskrifstofur brenndar víðs vegar um Rússland. Það eru tuttugu dæmi þess að fólk hafi sett saman mólótov-kokteila og bara brennt þær til grunna,“ segir hún.

Elskar landið sitt

Þú hefur ítrekað verið handtekin og fangelsuð fyrir mótmæli þín. Hvernig viðheldurðu baráttuviljanum án þess að gefast upp?

„Ég veit það ekki. Að gefast upp er leiðinlegra en að gefast ekki upp, held ég. Ef maður gefst ekki upp þá getur maður gert alls konar áhugaverða og svala hluti. Ef þú sleppir því þá munu þeir aldrei verða til.“

Þannig að það kemur ekkert til greina að hætta?

„Nei, ekki enn sem komið er. Úkraína er að þjást miklu meira en ég og mér finnst að við ættum að gera allt sem í valdi okkar stendur til að stoppa þetta stríð.“

Spurð um hvort hún telji að hún muni snúa aftur til Rússlands segist Masha gjarnan vilja það.

„Ég elska það Rússland sem ég þekki og ég óska þess að það verði frjálst, af öllu mínu hjarta. Þess vegna geri ég allt það sem ég geri. Ég vil sýna þetta Rússland öllum þeim sem hér búa.“ ■

Pussy Riot framdi gjörninginn Pútín er að pissa á sig á Rauða torginu í Moskvu 2012. MYND/DENIS SINYAJOV

Sýningunni innan skamms, aftur, eftir Örnu Óttarsdóttur lýkur í i8 galleríi um helgina. MYND/AÐSEND

Sýningarlok hjá Örnu Óttars í i8

tsh@frettabladid.is

Sýningin innan skamms, aftur, lýkur í i8 galleríi um helgina. Þetta er önnur sýning Örnu Óttarsdóttur í i8 og inniheldur ný vefnaðarverk sem listamaðurinn hefur ofið á vinnustofu sinni undanfarna mánuði. Arna sækir innblástur úr minnisbókum sem geyma hversdagslegar hugdettur og teikningar listakonunnar.

Með því að umbreyta skissum í vefnað beislar hún líflega og persónulega orku sem skín í gegn í verkunum á sýningunni. Nýju verkin blanda saman abstrakt og fígúratívum þáttum, á sama tíma og þau kanna eðlislæga eiginleika efniviðarins.

Arna Óttarsdóttir (f. 1986) býr og starfar í Reykjavík. Árið 2021 voru verk hennar hluti af sýningunni Iðavöllur: Íslensk myndlist á 21. öld í Listasafni Reykjavíkur og einkasýning hennar Allt er frábært var haldin í Nýlistasafninu í Reykjavík árið 2019. Verk hennar hafa verið sýnd á alþjóðlegum vettvangi, meðal annars á Nordatlantens brygge í Kaupmannahöfn, Turner Contemporary í Margate, Åplus í Berlín og Cecilia Hillström Gallery í Stokkhólmi. ■

Verkið Tape eftir Sigurð Guðjónsson.

Málþing um mörk kvikmynda og lista

tsh@frettabladid.is

Dagana 24. til 26. nóvember verður haldið málþing og viðburðir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, undir yfirskriftinni KvikMyndlist.

Umræðuefni málþingsins eru mörk kvikmynda og lista, varðveisla og miðlun kvikra og stafrænna miðla á söfnum og þær áskoranir sem felast í því. Ráðstefnan tengist safneign og sýningarhaldi í Listasafni Reykjavíkur, sem og fyrirhugaðri verðlaunahátíð Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna í desember.

Listasafn Reykjavíkur varðveitir nú viðamikið safn kvikra verka og ekki úr vegi þegar slík hátíð kemur til landsins að líta inn á við og skoða þær tengingar sem liggja fyrir.

Að sögn Listasafnsins er mikill fengur í að fá bæði fagaðila um varðveislu kvikmynda og listamenn til að sýna afrakstur vinnu sinnar og hvetja til frekari umræðu og rannsókna á þessu sviði.

Á meðal þeirra sem koma fram á málþinginu eru Sigurður Guðjónsson listamaður, Gunnþóra Halldórsdóttir, verkefnastjóri varðveislu og rannsókna hjá Kvikmyndasafni Íslands, Jina Chang hjá Nasjonalmuseum í Osló, Joshua Reiman myndlistarmaður og Ásta Fanney Sigurðardóttir, skáld og myndlistarmaður. ■

Tóku bókina úr búðum vegna prentgalla

ninarichter@frettabladid.is

Sverrir Norland

Sverrir Norland rithöfundur lenti í því óhappi að bókin Feluleikur, sem hann þýddi fyrir AM forlag, eftir myndhöfundana Lolitu Séchan og Camille Jourdy, innihélt prentgalla.

„Það eru prentgallar í þessu fyrsta upplagi – og því höfum við tekið bókina úr sölu í búðum. Við fiskuðum út þau eintök sem eru næst því að standast gæðakröfur AM forlags og ætlum að halda þeim í sölu á vefsíðunni okkar, amforlag.com, á hálfvirði," segir Sverrir á Facebook.

Hann segir að fæstir lesendur komi til með að taka eftir göllunum. „En við erum í þessum bransa til að gera eins fallegar bækur og við mögulega getum. Engin miskunn. Við erum ekkert að grínast," segir Sverrir og bætir við að nýtt upplag af bókinni komi fyrir jól.

„Þessi bók er hins vegar stórfenglega skemmtileg og ég vona að þið njótið hennar sem flest. Sem sagt: Hreppa má góðu eintökin á hálfvirði á síðunni okkar meðan birgðir endast, á aðeins 1.745 kr."

Sverrir skemmti sér vel við þýðingu bókarinnar. „Það var gaman að íslenska hana og leika sér með textann, og ég fékk meira að segja leyfi hjá Sveinbirni I. Baldvinssyni til að nota nokkur vel valin brot úr Laginu um það sem er bannað." ■

Larysa Hrytsai og Nicolai Gorodiskii, aðaldansarar Kyiv Grand Ballet.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vona að stríðinu ljúki

tsh@frettabladid.is

Úkraínski balletthópurinn Kyiv Grand Ballet flytur Hnotubrjótinn eftir Tsjajkovskíj ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu um helgina. Kyiv Grand Ballet hefur verið á tónleikaferðalagi um heiminn síðan stríðið hófst í Úkraínu og voru aðaldansarar hópsins, þau Larysa Hrytsai og Nicolai Gorodiskii, enn að venjast íslenska skammdeginu þegar blaðamaður náði tali af þeim.

Larysa: „Vegna stríðsins erum við búin að vera að sýna úti um allan heim. Við reynum að styðja Úkraínu því herinn þarf sífellt meiri peninga og meiri hjálp."

Finnið þið fyrir miklum stuðningi við Úkraínu?

Nicolai: „Já, við finnum fyrir miklum stuðningi frá fólki. Ég var í Suður-Ameríku með hópnum og allir sem ég hitti þar studdu Úkraínu, sem gladdi okkur mjög.

Larysa: „Fólk í öllum borgum úti um allan heim styður Úkraínu, flytur okkur stuðningsræður og vonast til þess að stríðinu ljúki brátt."

Hnotubrjóturinn eftir Tsjajkovskíj er ein vinsælasta ballettsýning allra tíma og er ómissandi hluti af jóladagskrá margra tónlistarhúsa.

Larysa: „Þetta er sérstakur ballett fyrir mér, af því þegar ég tók þátt í minni fyrstu ballettsýningu dansaði ég við Hnotubrjótinn."

Nicolai: „Hann er kannski ekki minn uppáhaldsballett en engu að síður sérstakur því þegar við fluttum hann í Úkraínu 2019 söfnuðum við næstum 10.000 dölum sem við gáfum til barnaspítala í Kænugarði. Það var einstakt að flytja hann þá og þetta er virkilega fallegur ballett."

Hvernig líst ykkur á Ísland?

Larysa: „Þetta er fyrsta skipti mitt hér en það hefur lengi verið draumur minn að koma til Íslands. Þegar við komum hingað í gær var ég slegin á góðan hátt yfir því hversu fallegt landið er."

Nicolai: „Í gær var ég svo þreyttur að ég áttaði mig ekki á því að ég væri á Íslandi. Í morgun kunni ég betur að meta það. Útsýnið er mjög indælt og tónlistarhúsið virkilega fallegt. Ég var steinhissa í morgun þegar klukkan var korter yfir níu og það var ennþá dimmt úti. En landið er mjög fallegt."

Kyiv Grand Ballet hélt sérstaka sýningu á Hnotubrjótnum í gær fyrir úkraínska flóttamenn hér á landi. Spurð um hvernig það sé að hitta samlanda sína sem flúið hafa stríðið svarar hún:

Larysa: Það eru alltaf fagnaðarfundir þegar maður hittir úkraínska flóttamenn og ég er virkilega glöð í hvert skipti sem Úkraínumenn koma á sýningar."

Hvenær haldið þið að þið munið snúa aftur til Úkraínu?

Larysa: „Ég er fædd í Karkív sem er nálægt Rússlandi. Þetta er í fyrsta skipti sem ég er svo lengi í burtu frá Úkraínu. Auðvitað vil ég snúa aftur, mig dreymir um að búa og vinna í Úkraínu en það er ennþá hættulegt. Mamma mín er í Karkív og ég vona að stríðið klárist bráðum svo ég geti farið aftur heim."

Nicolai: „Ég vona að ég geti snúið aftur heim sem allra fyrst. Ég sakna Úkraínu svo mikið og kærastan mín vill fara með mig á ólíka staði sem ég hef aldrei heimsótt áður. Þannig að ég vona að stríðið klárist sem fyrst." ■

Leikur á píanóið hringinn í kringum Ísland

Píanóleikarinn Erna Vala leikur nokkur af uppáhaldsverkum sínum á tónleikum á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík. Þema tónleikanna er samband tónlistar og minninga.

tsh@frettabladid.is

Erna Vala píanóleikari er um þessar mundir í hringferð um landið, þar sem hún spilar einleikstónleika á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík. Tónleikarnir eru tileinkaðir minningum, góðum og slæmum, hlýjum og kærum.

„Mig langaði til að spila á fleiri stöðum á landinu. Ég hef aldrei keyrt hringinn ein þannig að það var líka partur af því að vilja vera ein í bílnum í langan tíma og hlusta á allt það sem ég er búin að vilja hlusta á, fara á mismunandi staði og spila fyrir annað fólk en ég hef áður spilað fyrir," segir Erna Vala.

Tónlist og minningar

Hvert er þema tónleikanna?

„Þemað á tónleikunum er það hvernig tónlist tengist okkur persónulega. Öll þessi verk sem ég er að fara að spila eru verk sem hafa þýðingu fyrir mig í gegnum minningar. Ég held að allir kannist við þá tilfinningu að tónlist sé tengd við einhver atvik, atburðarás eða aðstæður í lífi manns."

Erna Vala segist oft upplifa það að hún tengi tónlist við einhverja ákveðna minningu eða ákveðna manneskju.

„Mér finnst það svo sérstakt og það er svo ótrúlega áhugavert hvernig maður myndar þessar tengingar í heilanum og svo getur maður ekki rofið þær af því þetta er bara einhvern veginn fast," segir hún.

Töfrandi falleg noktúrna

Á tónleikunum ætlar Erna að flytja verk á píanóið eftir þrjú tónskáld sem hún heldur sérstaklega upp á, Ottorino Respighi, Claude Debussy og Robert Schumann. Þá ætlar hún að segja áhorfendum sögurnar af því hvernig þessi verk tengjast henni og hvaða þýðingu þau hafa fyrir hana.

„Ottorino Respighi er ítalskt tónskáld og er ekki mjög þekktur fyrir píanótónlist, en hann hefur samið óperur, balletta og tónaljóð og er aðeins þekktari fyrir það."

Verkið sem Erna Vala ætlar að spila eftir Respighi er noktúrna eða næturljóð úr Sei pezzi per pianoforte, eða Sex verkum fyrir píanó.

> Ég held að allir kannist við þá tilfinningu að tónlist sé tengd við einhver atvik, atburðarás eða aðstæður í lífi manns.
>
> Erna Vala

„Ég heyrði það spilað þegar ég var úti á Spáni. Vinkona mín spilaði verkið á píanó og ég sat uppi á þakinu á einhverri kapellu. Það var allt fullt af fólki en það er svo ótrúlega falleg þögn sem myndast í kringum þessa noktúrnu því hún er svo töfrandi falleg. Þessi minning er alltaf föst í heilanum mínum þegar ég heyri þetta verk. Alltaf þegar ég spila það þá er ég bara komin til Spánar," segir hún.

Persónuleg stemning

Ætlarðu að segja sögur af því á tónleikunum hvernig verkin tengjast þér?

„Já, sem í rauninni tengist tónlistinni líka, af því það hvernig við tengjumst tónlistinni og munum eftir henni tengist svo mikið því hvernig andinn í tónlistinni er. Ég held að það sé eitthvað sem allir geta tengt við."

Erna Vala segir tónskáldin Claude Debussy og Robert Schumann einnig vera í miklu uppáhaldi hjá sér.

„Schumann er náttúrlega eitthvað sem hefur lengi verið eitt af mínum stóru áhugamálum. Ég stofnaði Schumannfélagið út frá því að vera með mikinn áhuga á því sem Robert Schumann og Clara Scumann gerðu."

Píanóleikarinn Erna Vala ætlar að spila nokkur af sínum uppáhaldsverkum víðs vegar um landið.

MYND/AÐSEND

Ímyndaðar minningar

Verkið sem hún leikur eftir Debussy heitir Estampes sem þýðir stimplar á frönsku og er í þremur hlutum.

„Þetta eru þrjú stutt verk og hvert verk er eins og mynd af ákveðnum stað. Fyrsta verkið heitir Pagodes og það er eins og mynd af pagóðum í Suðaustur-Asíu. Debussy fékk innblástur frá indónesískri gamelantónlist, hann hafði aldrei komið til Asíu sjálfur en hafði ótrúlega mikinn áhuga á þessu svæði og þessari tónlistarhefð," segir Erna Vala.

Þá segir hún miðkaflann, sem heitir La soirée dans Grenade, eða Kvöld í Granada, byggja á spænskum habanera-rytma.

„Sjálfur hafði Debussy heldur aldrei farið til Spánar. Þannig að þessi fyrstu tvö verk eru eins og ímyndaðar minningar frá stöðum sem Debussy hefði viljað heimsækja. Svo endar verkið á eins og æskuminningu með Jardins sous la pluie, Rigningu í görðum Frakklands, og þar vísar hann í franskt þjóðlag og barnavísu sem var eitt af hans uppáhaldslögum."

Erna Vala spilar næst í Egilsstaðakirkju í dag og lýkur ferðalaginu í Norðurljósum í Hörpu þriðjudaginn 29. nóvember. ■

SANDGAARD New York síður aðhaldsb.
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-56 Verð áður 4.980 kr
Tilboðsverð 4.233 kr

SANDGAARD Amsterdam hlýrabolur
Fæst í mörgum litum
Stærðir 36-54 Verð áður 3.980 kr
Tilboðsverð 3.383 kr

SANDGAARD Luxembourg undirkjóll
Fæst líka í hvítu
Stærðir 38-54 Verð áður 4.980 kr
Tilboðsverð 4.233 kr

SANDGAARD Stockholm síð skyrta
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-54 Verð áður 12.980 kr
Tilboðsverð 11.033 kr

SANDGAARD Helsinki hneppt golla
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-54 Verð áður 10.980 kr
Tilboðsverð 9.333 kr

Svartir tilboðsdagar

15% afsláttur af öllum gallabuxum frá YEST og YESTA
15% afsláttur af öllum vörum frá SANDGAARD
20% afsláttur af öllum vörum frá ZE-ZE
20% afsláttur af öllum vörum frá ZHENZI
20% afsláttur af öllum töskum



ZHENZI Neola blúndublússa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 42-56 Verð áður 8.990 kr
Tilboðsverð 7.192 kr

ZHENZI Megane shiffon tunika
Stærðir 42-56
Verð áður 10.990 kr
Tilboðsverð 8.792 kr

ZE ZE Juvel tunika
Fæst líka í grænu
Stærðir 38-48 Verð áður 11.990 kr
Tilboðsverð 9.592 kr

ZE ZE Agis kjóll
Stærðir 38-48
Verð áður 11.990 kr
Tilboðsverð 9.592 kr

ZE ZE Atla kjóll
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-48 Verð áður 9.990 kr
Tilboðsverð 7.992 kr

ZE ZE Nobe rennd hettupeysa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-48 Verð áður 11.990 kr
Tilboðsverð 9.592 kr

YEST/YESTA útvíðar gallabuxur
Stærðir 36-52
Verð áður 15.980 kr
Tilboðsverð 13.583 kr

YEST/YESTA gallabuxur með teygju
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-60 Verð áður 10.980 kr
Tilboðsverð 9.333 kr

YEST/YESTA gallabuxur
Stærðir 36-52
Verð áður 11.980 kr
Tilboðsverð 10.183 kr

HOLLOW hliðarveski
Verð áður 5.990 kr
Tilboðsverð 4.792

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Margir boltar á lofti í of hröðum leik

BÆKUR

Gættu þinn handa

Höfundur: Yrsa Sigurðardóttir
Útgefandi: Veröld
Fjöldi síðna: 335

Björn Þorláksson

Það þarf ekki að hafa mörg orð um flinkheit Yrsu Sigurðardóttur sem rithöfundar. Hún opnar bækur sínar jafnan með áhugaverðum hætti og er furðu fljót að klófesta áhuga lesandans.

Í nýju bókinni, Gættu þinna handa, fer lesandinn úr í Vestmannaeyjum í blábyrjun. Líkt og jafnan hefur maður ekki lesið lengi er vélegir atburðir verða. Vinahópur, sem sumpart er aðeins of steríótýpískur, kemur saman vegna útfarar. Líkt og háttar svo oft til hjá Yrsu, finnur farangur fortíðarinnar sér leið inn á færibönd hins óuppgerða – og þvílíkt uppgjör!

Þess vegna elskum við Yrsu

Mér fannst gaman að endurnýja kynni við gamla vini úr fyrri verkum Yrsu og mörg mannleg smámyndin er meistaralega gerð í ansi flóknu plotti.

Oft hefur Yrsa valdið vel að halda mörgum boltum á lofti og ekki síst í síðustu bók sinni, Lok, lok og læs. Þá var Yrsa forspá og framsýn, var í raun á undan samtíma sínum í því að spyrja áleitinna spurninga um blóðmerahald svo eitt sé nefnt. Hún hefur oft náð að skrifa bæði samfélags- og spennusögu í sömu bókinni. Þess vegna elskum við bækurnar hennar.

Framleiðslukrafan yfirsterkari?

En í Gættu þinna handa haldast ekki allir boltarnir á lofti og kannski eru þeir of margir. Kannski er samfélagssagan pínulítið banal á sama tíma. Það ber á klisjum og grunnum lausnum sem þó eru ekki slíkur ágalli að yndislesturinn fari forgörðum. En bókin mun ekki falla í hóp þeirra bestu frá Yrsu, enda ekki hægt að gera kröfu um að svo afkastamiklir höfundar hitti allt af í mark. Það má spyrja hvort framleiðslukrafan sé of mikil, hvort Gættu þinna handa hefði getað orðið mun betri bók með árs yfirlegu í viðbót. En það breytir ekki því að sú sem er eins flink og Yrsa gleður lesendahóp sinn í hvert skipti sem hún stígur fram í nýju verki.

Spennan mátt vera meiri

Lesendahópur Yrsu er breiður en hann er líka kröfuharður og það er af væntumþykju sem verður að segja það eins og er að flækjurnar í bókinni fá ekki allar farsæla úrlausn. Oft hefur Yrsa komið manni á óvart og allir þræðir fallið saman í sögulok. Gættu þinna handa er ekki besta dæmið um hæfileika höfundar.

Mér fannst á köflum eins og tveir höfundar væru að skrifa kaflana til skiptis. Annar væri með allt á hreinu en hinn staddur á hringleikasviðinu í beinni útsendingu, pínulítið óöruggur, kannski með það í huga að atriðið væri ekki alveg tilbúið. Það vantar líka meiri spennu í þessa bók, hæfileikarnir eru til staðar en minna fer fyrir snilldinni.

Það sem tekst best er saga meinafræðingsins Iðunnar en leitandi spurning er hvort fækka hefði mátt útviðum og halda sig meira við innviði sögunnar – ef svo mætti að orði komast. Enginn er óskeikull. Bíð spenntur næstu bókar frá Yrsu. ■

NIÐURSTAÐA: Fer vel af stað en lausn flækjunnar reynist ekki fullkomin. Freistandi að spyrja hvort sagan hefði þurft betri yfirlegu. Spennan hefði mátt vera meiri, en sérhver bók Yrsu er þess virði að lesa hana.

AUGLÝSING UM SKIPULAG

Í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst niðurstaða sveitarstjórnar að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Galtarholt II – minnkun frístundabyggðar (F32)

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 10. nóvember 2022 eftirfarandi tillögu að óverulegri breytingu á landnotkun í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins www.borgarbyggd.is.

Vakin er athygli á málskotsrétti skv. 52. gr. skipulagslaga og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu skipulagsáætlunar í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar

Í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga og 1. mgr. 41. gr. sömu laga er hér með auglýst tillaga að breytingu Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 og tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Víðines í landi Hreðavatns – aðalskipulagsbreyting, Frístundabyggð (F5) breytt í íbúðabyggð (Í8)

Íbúðasvæði Víðiness að Hreðavatni (áður Frístundabyggð að Hreðavatni) – deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 8. september 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á landnotkun í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og að breytingu deiliskipulags frístundabyggðar í Víðinesi í landi Hreðavatns frá árinu 2006 m.s.br.

Ofangreindar tillögur eru aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is frá **25. nóvember 2022 til og með 13. janúar 2023.**

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við auglýstar skipulagstillögur og er frestur til að skila inn athugasemdum til 13. janúar 2023. Athugasemdum skal skila skriflega í Ráðhús Borgarbyggðar, Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@borgarbyggd.is.

Borgarbyggð, 25. nóvember 2022

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.

BORGARBYGGÐ

Ása Tryggvadóttir er ein þeirra nítján listamanna sem sýna verk á sýningunni Leir á loftinu á Hlöðulofti Korpúlfsstaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fremur rislítil leirlistasýning

MYNDLIST

Leir á loftinu

Samsýning Leirlistafélags Íslands
Hlöðuloftið á Korpúlfsstöðum
Listamenn: Þórdís Sigfúsdóttir, Þórdís Baldursdóttir, Unnur S. Gröndal, Ólöf Sæmundsdóttir, Kristbjörg Guðmundsdóttir, Katrín Valgerður Karlsdóttir, Hólmfríður Vídalín Arngrímsdóttir, Hrönn Waltersdóttir, Halldóra Hafsteinsdóttir, Hafdís Brands, Guðný Margrét Magnúsdóttir, Glytta, Daði Harðarson, Auður Inga Ingvarsdóttir, Auður Gunnur Gunnarsdóttir, Arnfríður Lára Guðnadóttir, Arnbjörg Drífa Káradóttir, Ása Tryggvadóttir, Aldís Yngvadóttir.

Aðalsteinn Ingólfsson

> Yfirlitssýningar á leirlist hafa verið fátíðar síðustu ár, kannski vegna þess að fyrir áhugaleysi safnanna hefur það dæmst á leirlistarfólkið sjálft að efna til slíkra sýninga.

Nú þegar ýmsir leiðandi leirlistamenn okkar eru annað hvort horfnir til feðra sinna eða hafa dregið saman seglin, er löngu kominn tími til að taka púlsinn á leirlistinni í landinu, gaumgæfa hvað yngri kynslóðin hefur fyrir stafni og hvaða markmið hún hefur. Yfirlitssýningar á leirlist hafa verið fátíðar síðustu ár, kannski vegna þess að fyrir áhugaleysi safnanna hefur það dæmst á leirlistafólkið sjálft að efna til slíkra sýninga. Það gefur auga leið að það ágæta fólk hefur margt þarfara að gera og hefur þar að auki takmarkað bolmagn til að sinna slíkum verkefnum. Auk þess er umdeilanlegt hvort fagfólk í greininni á yfirhöfuð að vera að leggja hvort tveggja listrænt og sögulegt mat á verk kollega sinna. Listasöfnin eða Hönnunarsafnið væru hinn eðlilegi vettvangur slíkra úttekta.

Allt um það hafa leirlistamenn nú tekið sig saman og sett saman stóra sýningu á Hlöðulofti Korpúlfsstaða, rýminu þar sem listamenn hafa haldið svokallaðar „messur“ sínar á síðustu árum og stendur sýningin til 27. nóvember. Og viti menn, þessi sýning reynist helst til lítil fyrir þetta gímald sem Hlöðuloftið er. Verkin, sem mörg hver eru ekki mikil um sig, nánast týnast út við veggi eða úti í hornum eða eru borin ofurliði af dáldið groddalegum arkitektúrnum á staðnum. Heildarsvip sýningarinnar hefði þurft að móta með markvissari hætti, til dæmis að koma henni allri fyrir á misjafnlega háum stöllum miðsvæðis. Einhvers konar sýningarskrá hefði vel mátt fylgja með.

Staða mála í leirlistinni

Því er hún soldið hrá og ómarkviss, þessi sýning. Engu að síður, þegar áhorfandinn er búinn að átta sig á henni, er á henni að finna ýmsar vísbendingar um stöðu mála í leirlistinni eins og hún blasir við í dag. Ég held að við séum í miðju millibilsástandi. „Stóru“ nöfnin sem áður báru uppi íslenska leirlist, fólk eins og Haukur Dór, Kogga, Elísabet Haraldsdóttir, Jónína Guðnadóttir, Kristín Ísleifsdóttir og Ólöf Erla Bjarnadóttir, svo nokkur dæmi séu nefnd, eru hér fjarri góðu gamni. Því er þessi sýning óneitanlega ekki eins rismikil og ýmsar fyrri yfirlitssýningar. Það vantar sterkan karakter, einn eða fleiri, til að gefa tóninn.

Ágætlega menntað fagfólk

Hins vegar er lítið út á sýnenda urna 19 að setja, svona á heildina litið. Það er upp til hópa ágætlega menntað fagfólk, sem hefur fullt vald á hvort tveggja þeim klassísku vinnuaðferðum sem það aðhyllist eða frjálslegri formgerð. Og tilraunir sýnenda með glerjunga eða aðskiljanlegar áferðir gera víðast hvar í blóðið sitt. Sérstaklega þóttu mér glerjungar Kristbjargar Guðmundsdóttur glæsilegt handverk. Fulltrúi klassíska viðhorfsins, hreinræktuðu nytjalistarinnar, gæti sem best verið eini karlmaðurinn á sýningunni, Daði Harðarson, en ef nefna mætti leirlistamenn á skúlptúrvængnum eru þær einna mest áberandi Arnbjörg Drífa Káradóttir og Unnur S. Gröndal.

Þetta fólk þarf hins vegar að fá fleiri sýningartækifæri og þénugri sýningaraðstöðu til að það fái notið sín til fulls. Þá efa ég ekki að þau fræ sem hér er sáð muni bera ávöxt. ■

NIÐURSTAÐA: Ágætt fagfólk á fremur rislítilli sýningu.

Black Friday tilboð!

Eames Lounge Chair

Það eru einungis 5 stk af hverjum stól í boði á tilboðsverðinu.

Eames Lounge Chair í hnotu (á mynd)

Sparaðu 50.000 kr.

Tilboðsverð 875.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 925.000 KR.

Eames Lounge Chair / aðrar útfærslur

Sparaðu 50.000 kr.

Tilboðsverð frá 745.000 kr.
VERÐ ÁÐUR FRÁ 795.000 KR.

vitra.

Sparaðu 110.000 kr.

Coffee Table - svart

Tilboðsverð 285.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 395.000 KR.

FLOS

Sparaðu 20.000 kr.

Arco LED lampi

Tilboðsverð frá 299.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 319.000 KR.

mdf italia

Sparaðu 75.000 kr.

Random

Tilboðsverð 199.875 kr.
VERÐ ÁÐUR 274.875 KR.

FLOS

Sparaðu 50.000 kr.

Ljósakróna / 30 perur - svört

Tilboðsverð 199.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 249.000 KR.

vitra.

Sparaðu 15.594 kr.

Eames Plastic Chair - allar útfærslur

Tilboðsverð frá 46.781 kr.
VERÐ ÁÐUR FRÁ 62.375 KR.

HermanMiller

Sparaðu 100.000 kr.

Mirra2

Tilboðsverð 199.875 kr.
VERÐ ÁÐUR 299.875 KR.

Skeifan 10, Reykjavík — Hafnarstræti 91-93, Akureyri

Penninn Húsgögn

Fjöldi tilboða á penninn.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Ljóð um ranglæti

Bækur
Kona / spendýr
Ragnheiður Lárusdóttir
Fjöldi síðna: 57
Útgefandi: Bjartur

Kristján Jóhann Jónsson

Ljóðabókin Kona/spendýr fellur í flokk með pólitískum baráttuljóðum. Ljóðmælandanum er heitt í hamsi og hann freistar þess að binda harm sinn og reiði í ljóðrænan texta, tengja sig þannig lesendum sem líta heiminn svipuðum augum og opna augu þeirra sem gera það ekki. Baráttuskáld benda á að stétt þeirra, kynþáttur, þjóð, kyn, aldurshópur eða einhver minnihlutahópur, hafi verið og sé beittur órétti. Hér er sjónum beint að kvenkyninu og margvíslegum yfirgangi karlkynsins.

Erfitt yrkisefni

Ljóðmælandinn í þessari bók stendur í nokkurri fjarlægð frá efninu, talar í þriðju persónu og er „til vitnis“ um skarðan hlut kvenna. Oft virðist textinn samt byggður á eigin reynslu og nátengdur ljóðmælanda. Hann segir frá tilfinningum sem enginn annar gæti verið til frásagnar um. Sjónarhorn sögumanns sem vitnis gerir ljóðin ópersónulegri en jafnframt almennari.

Völd karlmanna og yfirgangur gagnvart konum, fyrr og síðar, er nú til dags nokkuð erfitt yrkisefni. Allt frá bráðskemmtilegu upphlaupi Rauðsokka fyrir rúmri hálfri öld hefur þetta umræðuefni verið fellt í sögur, leikrit og ljóð. Orð og umræðuefni eiga það til að dofna ef mjög oft er farið í gegnum þau á svipaðan hátt. Ragnheiður segir í bók sinni að konum sé haldið niðri í okkar forherta karlasamfélagi og það er laukrétt. Ef einhverjir þykjast ekkert skilja er það ekki trúverðugt. Hinir, sem vilja jafnrétti, eru í stöðu Sísifosar. Steinninn veltur alltaf aftur niður brekkuna. Hvað er þá til ráða? Hvernig er hægt að segja frá kúgun, hörku og samsærum á einhvern þann hátt að þetta birtist (helst) öllum í nýju ljósi og verði að herhvöt?

Kona/spendýr er þriðja ljóðabók Ragnheiðar Lárusdóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Það er ljóst að ljóðabókin Kona/spendýr mótast af kvenlegri reiði í garð karllægs samfélags. Þetta eru baráttuljóð fyrir femínista.
>
> Kristján Jóhann Jónsson

Baráttuljóð fyrir femínista

Í bókinni er kaflaskipting sem aðgreinir kvæðin ekki vel að mati undirritaðs. Lokakaflinn skilur sig að vísu vel frá hinum. Í þeim eru kvæði um það sem konur þurfa að gera til að fá viðurkenningu. Þeim er gert að „leysa óleysanlegar þrautir“. Stelpan og amma hennar standa bróðurnum og afanum miklu framar og eru samt kallaðar veikara kynið og ljóðmælandinn vill frekar vera strákur. Konan fæðir börnin, stendur undir velferð fjölskyldunnar og hlúir að heimilismönnum og hún þarf stöðugt að berjast gegn ofríki og yfirgangi. Yfir henni vofir kynferðisleg misnotkun og árásir. Eitt ljóð í bókinni lætur að því liggja að gaman geti verið að vera kona.

Það er ljóst að ljóðabókin Kona/spendýr mótast af kvenlegri reiði í garð karllægs samfélags. Þetta eru baráttuljóð fyrir femínista, til hvaða kyns sem þeir telja sig. Baráttuljóð sem knúin eru áfram af eindreginni réttlætiskennd eiga það til að leggja minna en ella í ljóðrænan texta. Hér eru þó ýmis dæmi um ljóðræn sniðugheit. Til dæmis mætti nefna stúlkuna sem býr í föðurlandi en talar móðurmál, stúlkuna sem bakar sér typpi þegar mamma bakar brauð, konuna sem „nærir barnið og nær verður ekki komist“. Allir á heimilinu hafa verið í líkama hennar, hún er „sjálfsköpuð kona á eigin dúkkuheimili.“ ■

NIÐURSTAÐA: Femínísk ljóðabók sem gefur karlmönnum engin grið.

Gagnrýnandi Fréttablaðsins var lítt hrifin af fjórðu útgáfu Ég býð mig fram, eftir Unni Elísabetu Gunnarsdóttur.
MYND/LEIFUR WILBERG ORRASON

Samhengislítil samsýning

Leikhús
Ég býð mig fram 4 - Nýr heimur
Tjarnarbíó
Leikstjóri: Unnur Elísabet Gunnarsdóttir
Flytjendur: Anais Barthe, Annalísa Hermannsdóttir, Berglind Halla Elíasdóttir, Bryndís Ósk Þ. Ingvarsdóttir, Ellen Margrét Bæhrenz, Júlíanna Ósk Hafberg, Thomas Burke, Tinna Þorvalds Önnudóttir
Aðstoðarleikstjóri: Ellen Margrét Bæhrenz
Tónskáld: Annalísa Hermannsdóttir
Leikmynda- og búningahöfundur: Sara Hjördís Blöndal
Ljósahönnuðir: Hafliði Emil Barðason og Juliette Louste

Sigríður Jónsdóttir

Fjöldi listamanna kemur að sýningunni Ég býð mig fram 4 - Nýr heimur eftir Unni Elísabetu Gunnarsdóttur.
MYND/LEIFUR WILBERG ORRASON

Nýlega var fjórða útgáfan af Ég býð mig fram, hugarfóstri sviðslistakonunnar og leikstjórans Unnar Elísabetar Gunnarsdóttur, frumsýnd í Tjarnarbíó. Sýningin er auglýst sem „örverkaleiksýningin þar sem leikstjórinn Unnur Elísabet býður listamönnunum úr ólíkum áttum til samstarfs“ og ber undirtitilinn Nýr heimur.

Áhorfendur mæta sýningunni um leið og gengið er inn í Tjarnarbíó. Útstillingarnar í anddyrinu eru fagurfræðilega forvitnilegar, glimmer og gamansemi ráða þar ríkjum, en virka sem skraut frekar en efnisleg viðbót við sýninguna. Rof er á milli fagurfræðinnar í forsalnum og á sviðinu. Glys og litadýrð tekur á móti gestum en síðan tekur við fremur dapurlegur samtíningur inni í sal. Sviðið er minnkað með stóru tjaldi og sýningin verður þannig frekar flöt fyrir utan einstaka uppbrot. Sara Hjördís Blöndal hannar leikmynd og búninga, en búningarnir gefa sýningunni lit í annars einfaldri leikmynd.

Byrjendabragur yfir sýningunni

Þrátt fyrir að Nýr heimur sé fjórða útgáfan af Ég býð mig fram, er byrjendabragur yfir sýningunni. Hér eru á ferðinni ýmsar vangaveltur um tilgang lífsins en þær rista sjaldan djúpt eða eru nægilega

> Þrátt fyrir að Nýr heimur sé fjórða útgáfan af Ég býð mig fram er byrjendabragur yfir sýningunni.
>
> Sigríður Jónsdóttir

fyndnar til að hengja heila sýningu á. Fyrsta atriðið snýst um tvær mjög ólíkar frásagnir tveggja kvenna um að koma nýjum einstaklingi inn í þennan heim og eitt af seinni atriðunum, um hvað gæti mögulega gerst ef við hefðum bara tíu mínútur eftir af tilvistinni á þessari jörð.

Inn á milli eru ýmis atriði þar sem aðrir þátttakendur í sýningunni velta fyrir sér tjáningu okkar í hinu daglega lífi, sorg og erfiðleikum. Yfirleitt eru atriðin of löng fyrir hugmyndirnar sem þau byggja á og fjara þannig út. Langbesta atriði sýningarinnar er samtal hópsins við Guð, eða allavega guðlega veru, leikna af Bryndísi Ósk Þ. Ingvarsdóttur. Hún kemur með nýja orku inn í verkið og er keyrð inn á litlum krana. Atriðið inniheldur pólitík, húmor og afslappaða nálgun, eitthvað sem sárlega vantaði í sýninguna yfirhöfuð.

Skortir skýrari sýn

Unnur Elísabet er manneskjan á bak við þessa hugmynd sem á að setja sviðslistafólk í forgrunn, en setur sjálfa sig iðulega fremst á svið, þetta er ekki vettvangur fyrir annað listafólk heldur oftar en ekki verkfæri fyrir listakonu til að staðsetja sjálfa sig í verkum annarra. Seinna í kynningartextanum fyrir Nýjan heim stendur: „Útkoman er óvenjuleg leikhúsupplifun, suðupottur nýrra hugmynda, eins konar smáréttaveisla fyrir áhorfendur.“ Lítið fer fyrir frumlegu smáréttaveislunni. Þrátt fyrir frábæra grunnhugmynd og áform um framkvæmd skortir Ég býð mig fram 4 - Nýr heimur, sterkari listrænan metnað, skýrari sýn á samvinnu listafólks sem að sýningunni kemur og djörfung til að ögra eða skemmta áhorfendum almennilega. ■

NIÐURSTAÐA: Illa farið með góða hugmynd.

Svartur föstudagur

Fleiri tilboð á penninn.is

Allar vörur frá BABY born á 20% afslætti

Kyrrþey
TILBOÐSVERÐ: 5.599.-
Verð áður: 7.999.-

Gættu þinna handa
TILBOÐSVERÐ: 5.599.-
Verð áður: 7.999.-

Reykjavík - Glæpasaga
TILBOÐSVERÐ: 5.599.-
Verð áður: 7.999.--

Valin spil og púsl á 40% afslætti

Tölvubakpoki Quarter svartur
TILBOÐSVERÐ: 4.559 kr.
Verð áður: 7.599 kr.

Allar vörur frá Playmobil á 20% afslætti

TILBOÐSVERÐ frá: 4.549 kr.
Verð áður frá: 6.499 kr.

Ilmkerti Stonewall
TILBOÐSVERÐ: 4.719 kr.
Verð áður: 5.899 kr.

Heyrnartól þráðlaus NC svört
TILBOÐSVERÐ: 13.993 kr.
Verð áður: 19.990 kr.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 27. nóvember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson

Fangar á flótta í Flóanum



Guðni Flói bernsku minnar

Fréttablaðið birtir kafla úr nýrri bók Guðna Ágústssonar. Guðni ólst upp í Flóanum upp úr miðri síðustu öld í sextán systkina hópi, með annan fótinn í fornum tíma. Í bókinni Guðni – Flói bernsku minnar sest hann upp í bíl og býður lesandanum í ferð á vit æskustöðvanna í fortíð og nútíð.

Í Guðna hefur löngum blundað kennimannleg löngun. Hér er hann í predikunarstólnum í Laugardælakirkju. MYND/AÐSEND

Ég held að nú sé rétt að aka hér upp Miklholtið í átt að Brúnastöðum. Fyrsti bærinn á hægri hönd á afleggjaranum upp að Brúnastöðum heitir Miklholtshellir og þar ráku bræður tveir myndarbú vel og lengi, þeir Einar og Bjarni Eiríkssynir, en þeir eru nú fallnir frá. Einar átti fyrir konu Guðrúnu Guðmundsdóttur frá Ólafsfirði og með henni mörg börn; Guðrún lifir bónda sinn. Það var sama hvaða búgrein þeir bræður stunduðu, ætíð sköruðu þeir fram úr. Þeir bræður bjuggu vel og voru óragir við að taka upp nýjungar, voru frumkvöðlar kornræktar í Flóanum og nýttu sína litlu jörð einstaklega vel. Lengi ráku þeir gott og arðsamt kúabú en sneru sér síðan að eggjabúskap og ræktun holdanauta. Bjarni var í heimili með þeim hjónum og félagsbúskapur og verkaskipting þeirra bræðra var eins og best varð á kosið. Víðsýnt er af bæjarholtinu og snyrtimennska var bændum í Miklholtshelli í blóð borin. Einar var félagsmálamaður og kom víða við á þeim vettvangi, skákmaður afburðagóður.



Brotist úr fangelsi á eggjabíl

Bjarni var heilsuhraustur og ók eggjum í verslanir fram á tíræðisaldur af mikilli elju. Sú tilgáta varð til fyrir nokkrum árum þegar fangi slapp út af Litla-Hrauni að hann hefði sloppið með eggjabíl Bjarna út fyrir tugthússvæðið, enda upplýstist aldrei hvernig hann komst efst upp í Flóann. Að öðrum kosti átti hann að hafa hlaupið illa klæddur upp allar mýrar eða um tuttugu og fimm kílómetra leið. Gárungarnir sögðu að Bjarni hefði farið með eggin samkvæmt venju að eldhúsi tugthússins og að fanginn, Matthías Máni, hefði þá læðst inn í bílinn og leynst þar alla leið austur að Helli því hann fór að Neistastöðum og stal þar fjórhjóli og úlpu og ók eins og ljón upp um allar sveitir. Þetta var rétt fyrir jólin 2012 og hann leyndist hér og þar í heila viku í sumarbústöðum, þar sem honum tókst að vopna sig rifflum og albúnaði í stríð. Hann kom svo fram efst í Gnúpverjahreppnum eða í Þjórsárdalnum hjá Sigurði Ásólfssyni á Ásólfsstöðum á aðfangadagsmorgun og bað um að hringt yrði í lögregluna. Ekki var heldur árennilegt þegar Ragnhildur, dóttir Sigga Palla á Ásólfsstöðum, leit út um gluggann en þá stóð Matthías þar með alvæpni, byssu í hendi og komin jól. Þau fóru náttúrlega að eins og sannir sveitamenn, buðu honum í kaffi og hafragraut eins og hann væri englabarn enda aðfangadagur jóla – og svo kom löggan.

Þessi fangi minnti mig mjög á þá daga þegar fangar voru á Letigarðinum, eins og Litla-Hraun var kallað í æsku minni, og fangarnir nenntu að brjótast út og jafnvel aftur inn í tugthúsið. Það gerðu þeir einir þrír eitt sinn. Þeir brutust út, stálu jeppa Vigfúsar oddvita á Eyrarbakka, fóru í Hveragerði, brutust inn í Kaupfélagið, stálu níðþungum peningaskáp, grófu hann við Hraunsá við Stokkseyri og fóru aftur inn í tugthúsið í rúmið sitt. Þeir skiluðu jeppa oddvitans en hann botnaði ekkert í því að bíllinn var næstum bensínlaus og dempari var slitinn að aftan. Fangarnir hugsuðu sér gott til glóðarinnar, að eiga næga peninga þá er frelsið rynni upp.

Einn frægasti fangaflótti á Íslandi

Fyrst farið er að segja fangasögur úr Flóanum get ég ekki stillt mig um að segja söguna af þjóðhetjunni Jóhanni Víglundssyni sem var þekktari en þingmenn þess tíma. Hann braust alls staðar út og sýndi mönnum hvað tugthúsin voru illa gerð. Á þessum tíma var rekinn stór búskapur á Letigarðinum með kýr og sauðfé. Eitt vorið, þegar fé var flutt í afrétt, stóðu tveir fangar aftan á vörubílnum að passa féð og stukku af honum í brekku í Þjórsárdalnum; þetta voru áðurnefndur Jóhann og Hafsteinn, félagi hans. Hófst þá einn frægasti flótti fanga hérlendis. Þeir stukku yfir að Skáldabúðum, en þar höfðu Flóamennirnir Stefán í Túni og Guðjón í Uppsölum gæðinga sína í girðingu og reiðtygi við girðinguna því að til stóð að reka fé inn í afréttinn daginn eftir. Fangarnir lögðu á klárana, þá Mósa, hinn fræga gæðing Guðjóns á Uppsölum, og annan frá Stefáni í Túni, og riðu svo að Laxárdal og yfir Laxá að Sólheimum í Hrunamannahreppi eins og hetjur og þaðan niður allan Hrunamannahreppinn. Þeir komu við á Hrafnkelsstöðum um miðja nótt og náðu að stela sér nýbakaðri jólaköku og mjólk úr brúsum þess fræga manns Helga Haraldssonar, og svengdin hvarf. Þá bjó á Hrafnkelsstöðum áðurnefndur Helgi sem var frægur Njálusérfræðingur ásamt Sigríði systur sinni, ekkju Sveins, móður þeirra Hrafnkelsstaðasystkina. Húsmóðirin undraðist um morguninn hverslags svengd hefði gripið sína menn en þeir könnuðust ekki við að hafa étið jólakökuna. Sveinn á Hrafnkelsstöðum og Gunnar Einarsson á Selfossi muna þetta vel og hjálpuðu þeir mér að rifja upp söguna, en Gunnar var þá snúningastrákur á Hrafnkelsstöðum. Fangarnir fóru næst að Flúðum til Emils Gunnlaugssonar á Laugalandi, en þar stóðu tveir bílar, Dodge Weapon frá Kristófer á Grafarbakka og Willisjeppi Emils. Í þá daga stóðu nú lyklarnir bara í svissinum yfir nóttina og útidyr ólæstar á nóttunni og þjófar ekki til í sveitum landsins. Þeir byrjuðu að skoða Doddsinn en stálu svo Willisjeppanum og óku greitt úr hlaði og héldu áleiðis til Reykjavíkur. Á Hellisheiði komst lögreglan á snoðir um þá og hófst þá einhver hrikalegasti eltingarleikur allra tíma, sem barst inn á Reykjavíkurflugvöll og svo um götur Reykjavíkur þar sem þeir voru á fullri ferð með gaddavírsrúllu aftan í jeppanum. Guðjóni í Uppsölum þótti Mósi sinn hafa dugað Jóhanni vel á flóttanum og betur hefðu þeir nú haldið sig við klárana.

Siggi glæpamaður skreppur í bæinn

Þegar rifjaðar eru upp fangasögur má alls ekki gleyma frægri sögu sem Þór Vigfússon sagði oft af Sigga glæpamanni. Á fjórða ártugnum, þegar Hermann Jónasson var dómsmálaráðherra, kom norskur kollegi hans til Íslands. Sá norski vildi heimsækja Litla-Hraun þar sem nýlega hafði þá verið opnað tugthús en aðeins var til einn alvöru glæpamaður í landinu, Siggi glæpamaður svokallaður. Nú koma ráðherrarnir austur og Hermann spyr yfirfangavörðinn hvort þeir geti hitt Sigga glæpamann en vörðurinn svarar því neitandi og tilgreinir þá ástæðu að fanginn hafi nefnilega farið til Reykjavíkur í morgun. Hermann verður undrandi og spurði hversu margir fangaverðir hefðu fylgt honum. Yfirfangavörðurinn var afar einlægur í svörum:

„Hann tók nú auðvitað bara rútuna hérna við Letigarðinn í morgun."

„Hvenær á hann þá að vera kominn til baka á Hraunið?" spurði Hermann.

„Nákvæmlega klukkan átta í kvöld," sagði yfirfangavörðurinn.

„En hvað ef hann skilar sér ekki?" spurðu dómsmálaráðherrarnir einum rómi.

„Nú, þá lokum við hann bara úti, " svaraði yfirfangavörðurinn. ■

*Gildir frá verðlistaverði frá miðvikud. 23. - laugard. 26.nóv.
Opið virka daga frá 08:00-18:00 /Föstud. 8:00-17:00 / Laugardaga 10:00-14:00

ÁLFABORG
- allt á gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Ótrúlegir Díönu-taktar og annus horribilis

ÞÆTTIR

The Crown
Netflix
Leikstjórn: Jessica Hobbs o.fl.
Handrit: Peter Morgan
Leikarar: Imelda Staunton, Jonathan Pryce, Dominic West, Elizabeth Debicki og fleiri

Oddur Ævar Gunnarsson

Dramaþáttaröðin The Crown úr smiðju Netflix og handritshöfundarins Peter Morgan, er mætt á streymisveituna í fimmta sinn. Tvö ár eru síðan síðasta sería kom út og biðu margir þessarar með óþreyju.

Að þessu sinni fara þau Imelda Staunton og Jonathan Pryce með hlutverk þeirra Elísabetar Bretlandsdrottningar og Filippusar, í stað Oliviu Coleman og Tobias Menzies sem fóru með hlutverkin í þriðju og fjórðu seríunni. Þá eru Dominic West og Elizabeth Debicki mætt í hlutverk Karls Bretaprins og Díönu prinsessu.

Elizabeth Debicki umturnast hreinlega í Díönu.

Bæði hlutverkin eru líklega þau mikilvægustu í þetta sinn, enda hverfist söguþráður seríunnar um árin 1992 til 1997, eitt erfiðasta tímabilið í sögu bresku konungsfjölskyldunnar. Lítið er hægt að setja út á leikara í seríunni þó velta megi því upp hvort þeim Imeldu Staunton og Jonathan Pryce takist fullkomlega að setja sitt persónulega mark á hlutverk sem Claire Foy, Olivia Coleman, Matt Smith og Tobias Menzies hefur gengið svo vel að gera að sínum.

Elísabet er hér mun kunnuglegri okkur í fimmtu seríunni en við höfum séð hana áður. Serían snýst meira og minna um erfitt hjónaband og skilnað Díönu og Karls og því fær Imelda ekkert sérlega mikið að gera í seríunni, ívið minna en forverar hennar í hlutverkinu.

Dominic West er fínn sem Karl, en helst til of myndarlegur á meðan Elizabeth Debicki hreinlega eignar sér seríuna sem svo gott sem nákvæm eftirmynd Díönu prinsessu, þannig að allar hreyfingar og taktar prinsessunnar endurfæðast á skjánum.

Serían gerist eins og áður segir á einu erfiðasta tímabili konungsfjölskyldunnar og eru mörkin á milli þess sem er raunverulegt og þess sem hefur verið fært í stílinn, mjög óskýr, rétt eins og rætt hefur verið í Bíóvarpinu, hlaðvarpi Fréttablaðsins um þættina. Þannig hefur John Major, einn minnst eftirminnilegi forsætisráðherra Bretlands, meðal annars gagnrýnt framleiðendur fyrir að hafa aldrei haft samband við sig, en í þáttunum er gengið út frá nánu vinasambandi hans og skálduðum einkasamtölum við Elísabetu.

Söguþræði þáttanna hættir til að vera helst til of langdreginn á köflum og stundum fékk undirritaður á tilfinninguna að framleiðendur væru að draga söguna vísvitandi á langinn með alls konar mismikilvægum hliðarsporum. ■

NIÐURSTAÐA: Fimmta sería af The Crown er að einhverju leyti þynnri sería en forverar hennar. Imelda Staunton fær minni skjátíma á meðan Elizabeth Debicki ber af sem Díana.

Imelda Staunton er ekki Umbridge lengur, heldur Elísabet.

Bónorð í ameríkskri jólamynd kemur oftast frá karli sem í upphafi var leiðinlegur og ómögulegur, en varð svo í rauninni svarið við öllum draumum aðalpersónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ástin á amerískum jólum og játningar á ögurstundu

Ný kvikmyndategund hefur rutt sér til rúms í hjörtum landans og það er Netflix-jólamyndin. Reyndar hafa þessar kvikmyndir verið til í áraraðir undir merkjum Hallmark-stöðvarinnar og eru þekkt stærð í bandarísku sjónvarpi.

ninarichter@frettabladid.is

Aðalpersónan er hræðilegur bakari en þegar allt veltur á bakstrinum, eða söngnum, tekst viðkomandi að framleiða eitthvað stórkostlegt.

Í myndum af þessu tagi eru sterkir samnefnarar, svo mjög að það mætti hugsanlega nota þessa grein sem bingóspjald. Myndirnar eru með sérstæða uppbyggingu og eitt meginþema, sem er að sjálfsögðu hátíð ljóss og friðar. Aðrir mikilvægir þættir snúa að söguframvindu og persónusköpun. Í myndum af þessu tagi er mjög mikið jólaskraut og kunnuglegir skrautmunir dúkka gjarnan upp aftur og aftur í mismunandi senum.

Einhver leiðinlegur deyr
Það er yfirleitt stöðluð framvinda í upphafi sögu. Einhver aldraður og illa skrifaður karakter sem áhorfendur þekkja lítið, deyr. Dauðinn getur líka komið í formi sambandsslita, uppsagnar eða allsherjar niðurlægingar. Yfirleitt er hinn aðilinn í ónýta sambandinu hræðilegur, vinnan yfirborðsleg og lítið gefandi og niðurlægingin fólgin í vanþóknun fólks sem áhorfandanum líkar ekki við. Aðalpersónan okkar kemur að hrokafulla manninum sínum með annarri konu, missir leiðinlegu vinnuna sína sama dag og lendir óvart á nærbuxunum fyrir framan fullt af vondu fólki.

Allt í köku
Það er mikilvægt að baka eitthvað á ögurstundu. Stundum er baksturinn söngur en það gegnir sama hlutverki. Aðalpersónan er hræðilegur bakari, en þegar allt veltur á bakstrinum, eða söngnum, þá tekst viðkomandi að framleiða eitthvað stórkostlegt. Baksturs- eða söngvakeppnin er sigruð og að sjálfsögðu gerist það fyrir framan nýja rómantíska viðfangið.

Hjálparvana stálpaður krakki
Það er alltaf krakki einhvers staðar

> Aðalpersónan okkar kemur að hrokafulla manninum sínum með annarri konu, missir leiðinlegu vinnuna sína sama dag og lendir óvart á nærbuxunum fyrir framan fullt af vondu fólki.

í sögunni sem þarf hjálp og það strax. Í miklum meirihluta tilfella er þetta systkini eða barn rómantíska viðfangsins. Mjög oft er barnið búið að missa foreldri og á erfitt um jólin vegna þess. Upprifjunarsenur með látnu foreldri að gefa spiladós eða hengja jólaskraut á tré, eru líka nokkuð fastur liður. Aðalpersónan sem hingað til hefur verið svolítið yfirborðsleg og upptekin af vinnunni sinni eða hraða borgarlífsins, fær hér tækifæri til að þroskast og verða að betri manneskju, í tæka tíð fyrir jólin.

Skautasenan
Einhver sem kann ekki á skauta þarf mjög nauðsynlega að fara á skauta. Skautunum má skipta út fyrir skíði. Þegar persónan sem kann hvorki á skauta né skíði dettur á hausinn, er klippt yfir í senu af viðkomandi með teppi og heitan drykk. Persónan þroskast við fallið þó að hún viti það ekki strax.

Óvænt bónorð
Óvænta bónorðið sem allir bíða eftir þarf að gerast á flugvelli eða lestarstöð. Þetta er klassískt rómantískt gamanmyndaminni en í jólamyndunum kemur jólamarkaður einnig til greina, og ekki verra ef sjálfur jólasveinninn er þarna einhvers staðar á bak við, sem brýtur fjórða vegginn og blikkar myndavélina. Bónorðið kemur oftast frá karli sem í upphafi var leiðinlegur og ómögulegur, en varð svo í rauninni svarið við öllum draumum aðalpersónunnar. Karlinn er mjög oft tengdur sveitalífinu eða jörðinni með einhverjum hætti og sambandið við hann þroskar aðalpersónuna, sem í flestum tilfellum endar á því að búa með honum úti í sveit, á eyju eða fjarri ys og þys borgarinnar og sínum gömlu gildum. ■

BLACK FRIDAY

25% af öllu EN 40% af úlpum

ANDI dúnúlpa 69.995 kr
BLACK verð: 41.997 kr

HRÍÐ dúnúlpa 59.995 kr
BLACK verð: 35.997 kr

SKAFBYLUR dúnúlpa 79.995 kr
BLACK verð: 47.997 kr

KYLJA dúnúlpa 47.995 kr
BLACK verð: 28.797 kr

BYLUR dúnúlpa 69.995 kr
BLACK verð: 41.997 kr

MAGNI primaloft 39.995 kr
BLACK verð: 23.997 kr

KUL primaloft 39.995 kr
BLACK verð: 23.997 kr

ELNA dúnúlpa 59.995 kr
BLACK verð: 35.997 kr

DOFRI úlpa 24.995 kr
BLACK verð: 14.997 kr

FRISSI primaloft 19.995 kr
BLACK verð: 11.997 kr

OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í KVÖLD

AUSTURHRAUNI 3

CINTAMANI

cintamani.is - Austurhrauni 3 og Faxafeni 7

Fjör og fegurð í hátíðarförðun

Fallegar rauðar varir, svört augnlína og gerviaugnhár eru klassískur hluti af hátíðardressinu, en langt frá því að vera eina leiðin sem hægt er að fara. Það eru margar leiðir til að farða sig í hátíðargírinn og hver og ein vara hefur fjölda spennandi eiginleika. Við lítum á nokkur dæmi.

ninarichter@frettabladid.is

Það er hávetur, þú hefur ekki séð til sólar svo mánuðum skiptir og desembermataræðið einkennist af salti og sykri. Svefninn mætti vera betri og þetta Netflix-maraþon sem þú tókst í gær skilar sér í bláum baugum. En það eru tíu veislur fram undan, þú ert að fara að hitta fullt af fólki sem þú hittir einu sinni á ári og það í sparifötunum.

Við viljum gjarnan líta vel út í lok ársins og það er gaman að klæða sig upp, sérstaklega þegar jóla- og áramótaveislur síðustu tveggja ára hafa verið blásnar af. Flauelskjólar og lakkskór eru rifnir innan úr innstu myrkrum fataskápsins og nú skal dansað, borðað, sungið og stillt upp fyrir myndatökur.

Falleg förðun setur punktinn yfir i-ið í hátíðleikanum. Það má finna ákveðin stef í jólaförðun á milli ára, svokallaða klassíska jólaförðun. Hér má fá innblástur en hér eru engar reglur – eina reglan er að láta sér líða vel og gera það sem manni sýnist. Förðun er skemmtilegur og skapandi tjáningarmáti sem öll kyn geta leikið sér með. ■

Augnhár

Gerviaugnhár hafa náð gríðarlegum vinsældum á seinni árum og gera mikið fyrir hátíðlega jólaförðun. Það er örlítil kúnst að festa þau á sig og gott er fyrir byrjendur að hafa nokkur atriði í huga. Í fyrsta lagi þurfa augnharin að passa og það er gott að klippa þau til svo að þau henti stærð augnsvæðisins. Eftir að límið er borið á er gott að leyfa því að þorna stutta stund. Hægt er að kaupa „stök" augnhár og auðveldara er að koma þeim fyrir og fá náttúrulegt útlit. Þau allra hörðustu fara í augnháralengingar á snyrtistofum. Möguleikarnir eru næstum endalausir.

Maskari

Maskari er ein vinsælasta förðunarvaran og miðar að því að ýkja útlit augnháranna, lita þau, lengja og þykkja. Maskari rammar inn útlitið og er bókstaflega ómissandi þegar jólaförðunin er annars vegar. Það er hægt að fá bursta af ýmsu tagi og meðal annars eru til trefjamaskarar sem lengja. Það eru til vatnsheldir maskarar, ofnæmisprófaðir maskarar og meira að segja maskarar með glimmeri. Dökkbrúnir litir geta gefið náttúrulegra og mildara útlit á meðan svartir eru ögn dramatískari.



Varalitur

Varalitur er oft fyrsta förðunarvaran sem fólk prófar, en þrátt fyrir það hræðast margir að nota liti og fara út fyrir þægindarammann. Sé ætlunin að fara í rauðan lit er gott að fá ráðgjöf í snyrtivöruverslun þar sem grunntónn getur ráðið miklu um útkomuna. Gott er að gæta jafnvægis milli augnförðunar og varalitar og margir förðunarfræðingar telja að sé augnförðunin dramatísk sé gott að halda varalitnum hlutlausari, og öfugt.

Eyeliner

Eyeliner, augnlína sem gegnir enska heitinu í daglegu tali, er fasti í klassískri jólaförðun. Eyeliner kom til baka í hátískuna af fullum krafti á árinu, bæði í svartri og mjög ýktri útgáfu í anda Juliu Fox, en var líka áfram vinsæll í litríkum útgáfum. Ef þið eruð að prófa eyeliner í fyrsta sinn er gott að gefa sér tíma og jafnvel horfa á nokkur kennslumyndbönd. Mörgum finnst auðveldara að byrja við augnbeinið og vinna sig að auganu.

Grunnur

Grunnurinn að jólaförðuninni þinni er áferðarfalleg húð. Áferðin fæst með jafnvægi og húðin verður oft þurr á veturna. Það er því gott að dekra húðina svolítið, nota rakakrem og jafnvel skella á sig rakagefandi maska kvöldið áður en halda skal til veislu. Fljótandi meik getur verið sniðugt, sem er auðvelt að blanda og ágætt að nota til þess svamp eða bursta. Passið bara að áhöldin séu hrein svo að þið séuð ekki að dreifa bakteríum á húðina. Það er gott að fara varlega í púðrið, sem getur ýkt ásýnd þurrks.



Augnskuggi

Ef þú vilt bæta smá lit við förðunina, skaltu íhuga að nota augnskugga. Þegar þú ert að velja rétta litinn fyrir augnförðunina ættir þú að velja lit sem passar við húðlitinn þinn og dregur fram augnlitinn. Gráir og brúnir tónar klæða alla. Glitrandi augnskuggar eru vinsælir í kringum hátíðirnar og halda vinsældum sínum ár eftir ár. Svokallað smokey-útlit er líka vinsælt á þessum árstíma, kvöldförðun sem einkennist af dökkum máðum lit og þar er lykillinn að blanda og blanda svo meira.

JS WATCH CO. REYKJAVIK KYNNA

JETHRO TULL

The Prog Years

MISSTU EKKI AF EINSTAKRI KVÖLDSTUND Í ELDBORGARSAL HÖRPU 4. MAÍ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX OG MIÐASALAN HEFST Á HARPA.IS OG TIX.IS 1. DESEMBER KL. 12.

SÍÐAST SELDIST UPP Á 15 MÍNÚTUM!

SANNKÖLLUÐ TÓNLISTARVEISLA SEM ENGINN ÆTTI AÐ MISSA AF!

JS Watch co. REYKJAVIK

performer

GILBERT ÚRSMIÐUR

Lykilspurningin

Andor slær í gegn þvert yfir borðið

Tólf þátta Star Wars-serían Andor, um uppreisnarmanninn Cassian Andor, er nú öll komin á Disney+ streymisveituna. Þættirnir hafa hlotið einróma lof gagnrýnenda og álitsgjafar Fréttablaðsins eru sammála.

Hvernig fannst þér Andor?

Grímur Atlason
„Mér fannst þetta frábært. Ég nefnilega er mikill Star Wars maður og fór á fyrstu myndina '78 í Nýja-Bíó og hef horft á þetta allt saman.

Þetta var svo dark og óhlaðið og prímítívt á köflum. Söguþráðurinn var svo góður og mér fannst hann halda og mig langaði svo mikið í næstu seríu þegar ég var búinn að horfa á þetta," segir Grímur. Hann er til í að fallast á það að hér séu líklega bestu Star Wars þættirnir.

„Mér fannst Rogue One-myndin mjög góð og þetta frábært forframhald. Ég sónaði bara út í þessu Mandalorian-dóti. Ég var ekkert búinn að lesa um Andor, ekki neitt og geri það yfirleitt ekki, en eftir Mandalorian þá nennti ég varla að horfa á þetta og hélt að þessi persóna gæti alls ekki verið spennandi. En eftir að ég byrjaði þá fannst mér þetta æðislegt, Stellan Skaarsgard geggjaður og þessar tengingar allar mjög skemmtilegar."

Ösp Gunnarsdóttir
„Ég ólst upp við að elska Star Wars, en í seinni tíð hef ég hægt og rólega misst áhugann, þar sem mér finnst mest af því sem hefur verið gert síðustu tíu ár vera lélegt stöff, en undantekningarnar hafa verið Rogue One og Mandalorian.

Vinir mínir þurftu virkilega að hafa fyrir því að tala mig inn á að gefa Andor séns, en mikið er ég glöð að ég gaf þessu sjéns, því þetta er mögulega besta Star Wars-stöffið.

Þarna eru ótrúlega flottar og vel höndlaðar sögur af fólki, einir best skrifuðu þættir sem ég hef séð lengi og í rauninni bara A+ spennu/dramaþættir, sem vill svo til að eiga sér stað í Star Wars-heiminum.

Serían er nógu vel tengd við Star Wars til þess að virka fyrir Star Wars-unnendur, en stendur á sama tíma sterkum fótum ein og sér og virkar þannig mjög vel fyrir fólk sem hingað til hefur ekki fílað Star Wars. Ég gæti horft á Mon Mothma að díla við pólitískt leynimakk í tíu klukkustundir á dag.

Að auki er þetta gullfallega smíðuð gagnrýni á fasisma án þess að virka nokkurn tíma eins og predikun. Á sama tíma eru karakterarnir allir svo vel uppbyggðir og heilsteyptir að „vondu kallarnir" eru manneskjur sem erfitt er að halda ekki smá með líka á meðan þau eru á skjánum."

Framtíðin hjá Lucasfilm

Disney hyggur á landvinninga þegar kemur að framtíðarverkefnum Lucasfilm. Stúdíóið hefur tilkynnt fjöldann allan af nýjum verkefnum og þar á meðal er Indiana Jones V.

Indiana Jones V ▶
Mögulega síðustu ævintýri Indiana. Harrison Ford í aðalhlutverki. Kemur út 30. júní 2023.

Andor
Fylgir eftir **Cassian Andor** á árunum fyrir **Rogue One: A Star Wars Story**. **Diego Luna** í aðalhlutverki. Hóf göngu sína 31. ágúst og var ▼ að ljúka.

▲ **Star Wars: Skeleton Crew**
Fylgir eftir fjórum börnum sem eru týnd í geimnum. **Jude Law** í stóru hlutverki. *Kemur út 2023.*

▲ **Ahsoka**
Fylgir eftir ævintýrum næstum Jedi riddarans **Ahsoka Tano**. **Rosaria Dawson** fer með hlutverk Ahsoka. *Kemur út 2023.*

◀ **The Mandalorian**
Star Wars vestrinn með **Pedro Pascal** í aðalhlutverki. Sería 3 er væntanleg í febrúar 2023.

▲ **Obi-Wan Kenobi**
Gerist 10 árum eftir **Star Wars: Episode III - Revenge of the Sith**. **Ewan McGregor** í aðalhlutverki. *Komið út.*

Willow ▶
Gerist 20 árum á eftir upprunalegu fantasíumyndinni frá 1988. **Warwick Davis** er í aðalhlutverki. *Kemur út 30. nóvember.*

Heimildir: Disney, IGN, ReedPop
Myndir: © Disney
© GRAPHIC NEWS

Hilmir Kolbeinsson
„Ég myndi segja að þetta væri eitt það besta sem hefur komið frá Disney í Star Wars-heiminum. Þetta er svo öðruvísi. Ég man að menn voru að dissa þetta þegar þetta var að byrja, kvarta yfir því að þetta væri of rólegt og ekkert að gerast.

En ég sá strax í upphafi hvert stefndi, þetta væri kannski ekki alveg eins og allt hitt Star Wars-efnið sem allir eru vanir. Þetta er svona njósnara-, spæjarasaga. Það er verið að vinna með efni sem hefur aldrei verið fjallað um eða farið dýpra í í Star Wars.

Til að mynda þessi leyniþjónusta Keisaraveldisins, ISB. Það var svo mikið um að vera í hverjum einasta þætti. Það liggur við að mér finnist þættirnir ekki bera rétt nafn því þetta fjallar nánast ekkert um Andor.

Þeir ættu að heita eitthvað annað, Rise of the Resistance eða Rise of the Empire eða eitthvað, því þetta gefur svo til kynna að þetta sé bara um Andor. Andor gerir eiginlega ekki neitt í þessum þáttum.

Þetta var svo miklu meira en bara hann. Svo er bara fullt af flottum karakterum, eins og sá sem Skaarsgard leikur, og líka Mon Mothma. Það var verið að kafa svo mikið í þessa karaktera, eins og til dæmis Mon Mothma. ■

Gleðileg bókajól

Kláraðu jólagjafirnar snemma í ár



Kyrrþey
Arnaldur Indriðason
5.299 kr.

Saknaðarilmur
Elísabet Jökulsdóttir
4.999 kr.

Brotin
Jón Atli Jónasson
5.399 kr.

Opið haf
Einar Kárason
4.999 kr.

Tól
Kristín Eiríksdóttir
5.399 kr.

Drepsvart hraun
Lilja Sigurðardóttir
5.399 kr.

Leyniviðauki 4
Óskar Magnússon
5.399 kr.

Húðbókin
Sólveig Eiríksdóttir
& Lára G. Sigurðardóttir
4.799 kr.

Drengurinn með ljáinn
Ævar Þór Benediktsson
3.899 kr.



Bannað að ljúga
Gunnar Helgason
3.899 kr.

Syngdu jólalög með Láru og Ljónsa
Birgitta Haukdal
4.399 kr.

Fáðu betra verð og safnaðu inneign með Samkaupa-appinu

netto

Töfraformúla tóna sem trylla lýðinn

Það eru nokkur atriði sem er gott að hafa í huga þegar semja skal popplag. Bloggfærslur, bækur og bíómyndir bjóða ráð í tonnavís, en hér eru teknar saman nokkrar hugmyndir sem hugsanlega gætu gagnast þeim sem stefna á stjörnuhimininn.

ninarichter@frettabladid.is

All I want for Christmas is you, syngur Mariah Carey og er löngu komin hringinn. Nokkra hringi, í rauninni. Fólkið sem var orðið þreytt á laginu fyrir tíu árum er nú farið að taka gremjuna yfir laginu í sátt, gremju sem er orðin jafnmikill hluti af aðventunni og mandarínukassar.

Tónlistariðnaðurinn tekur stöðugum breytingum og er vafalaust ekki sá sami og árið 1994 þegar hin tuttugu og fjögurra ára Mariah sat og samdi lög á plötu sem átti eftir að verða ein vinsælasta jólaplata allra tíma, borga reikningana hennar ævina á enda og rúmlega það. Heimildum ber ekki saman, en Mariah er talin fá að minnsta kosti eina milljón Bandaríkjadala í höfundarréttargreiðslur í janúar á hverju einasta ári, bara fyrir þetta eina lag. Það eru tæpar hundrað og fimmtíu milljónir íslenskra króna.

Marga dreymir um að semja slagara en færri vita hvar á að byrja. Fyrir upprennandi lagahöfunda má finna aragrúa af heilræðum á netinu og sé til dæmis slegið inn „Hvernig á að skrifa slagara“ í alþjóðlega bókaverslun Amazon.com, koma níutíu og sjö niðurstöður með samsvarandi bókatitlum og efnistökum. Það segir sína sögu.

Æfingin skapar meistarann og hér höfum við tekið saman atriði sem geta mögulega stytt þér leiðina að því að skrifa þitt eigið Mariuh Carey-lag eða Júróvisjónsmell. ■

> **Þú þarft alltaf jafnvægi. Ef versið er svolítið sóðalegt, þá þarf eitthvað minna sóðalegt að koma strax á eftir. Það þarf að vera fjölbreytni. „Shake It Off“ með Taylor Swift er gott dæmi, þar sem stærðfræðin á bak við dramað er nokkuð skýr.**
>
> Max Martin, ofurpródúser

> **Lagasmíðar eru mín leið til að miðla tilfinningum og hugsunum. Ekki bara mínum, heldur þeim sem ég sé hjá fólkinu sem mér þykir vænt um. Höfuðið á mér myndi springa ef ég fengi ekki þessa útrás.**
>
> Dolly Parton, súperstjarna og lagahöfundur

Í nóvember 2019 sló Mariah Carey heimsmet fyrir vinsælasta jólalag í sögu Bandaríkjanna, All I Want for Christmas is You. Ekkert jólalag hefur trónað jafn lengi og jafn ofarlega á topplistum. Lagið kom út 1994 á plötunni, Merry Christmas. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Finndu þinn stíl

Því er eins farið með alla sköpun, þú þarft að vita hver þú ert, þekkja þinn persónulega stíl og finna þína eigin rödd. Stíllinn er eins konar endurtekið þema, handbragð eða stemning sem verkin þín bera. Það er eitthvað sem aðgreinir þína tónlist frá öllum hinum milljörðum laganna þarna úti. Þú þarft ekki að vera besti söngvari eða hljóðfæraleikari í heimi, en þú þarft að þekkja og skilja þitt erindi betur en nokkur annar. Flest popplög innihalda grípandi texta og það er ekki verra að textinn segi eitthvað af viti og fólk eigi auðvelt með að tengja við hann, þó að það sé ekki skilyrði.

Lærðu á hljóðfæri

Það þarf ekki að kunna á hljóðfæri til að semja vinsælt popplag, en það getur hjálpað þér mikið að skilja tónfræði og hvernig til dæmis hljómar og laglínur virka. Gítar eða píanó getur gert þér kleift að útfæra hugmyndirnar á skilvirkan máta og það verður auðveldara fyrir þig að koma hugsunum þínum og tilfinningum til skila á áhrifaríkan hátt, sem orðin ein ná ekki endilega að tjá. En þarna úti er nú samt fullt af fólki sem semur popptónlist án þess að hafa nokkru sinni haldið á hljóðfæri og það er einmitt það sem næsta atriði fjallar um.

Það geta ekki allir orðið Bítlarnir, en það má reyna.

Notfærðu þér tæknina

Það er ýmiss hugbúnaður í boði sem gerir þér kleift að búa til popplög á einfaldan hátt og bæta við mismunandi hljóðfærum og hljóðum að vild. Þú getur gripið niður í forriti eins og GarageBand, Logic eða Ableton, prófað þig áfram og keypt síðan viðbætur, hljóðgervla og stafræn hljóðfæri eftir því sem við á.



Max Martin ásamt Britney Spears árið 2017. Max hefur samið fyrir margar af frægustu stjörnum heims.

Fylgstu með meisturunum

Ef þú ert algjör byrjandi á sviði lagasmíða og popptónlistar gætirðu viljað læra af reyndari höfundum og tónlistarfólki. Prófaðu að gúggla týpur eins og Max Martin, Taylor Swift og Prince. Þú getur fundið innblástur í lögum eftir þína uppáhaldstónlistarmenn, farið á YouTube og grúskað. Hvar kemur kórinn inn? Hvaða hljóðfæri er verið að nota? Hvers konar texta er verið að skrifa? Svona spurningar geta hjálpað þér að skilja lagasmíðaferlið betur og hjálpað þér að búa til þinn eigin slagara.

Semja, semja, semja

Það er mikilvægur hluti af lagasmíðaferlinu að semja fyrir ruslafötuna. Þú þarft að semja fullt af lélegum lögum til að semja góð lög. Mistök eru besti skólinn og þegar þú sérð hvað virkar ekki geturðu áttað þig betur á því sem virkar. Svo einfalt er það. Með því að semja eins mörg lög og þú getur, bætirðu kunnáttu þína í faginu og brýnir verkfærin þín í leiðinni.

Ed Sheeran er margverðlaunaður poppkóngur og dælir frá sér ofursmellum ár eftir ár.

Finndu réttu hljómana fyrir laglínuna þína

Prófaðu þig áfram með áhugaverða og ófyrirsjáanlega hljóma. Þú getur gert þetta á ýmsan hátt en hljómabækur geta í einhverjum tilfellum stutt þig í því ferli. Næst kemur að laglínunni, sem er sá hluti lagsins sem beinist aðallega að söngvaranum. Það fer eftir því hvaða tegund af lagi þú ert að semja, þú gætir haft eina laglínu eða fleiri. Með því að finna réttu hljómana fyrir laglínuna þína geturðu leikið þér með mismunandi nótur og tónhæð þar til þú finnur lag sem virkar.

Dolly Parton er verseruð í dægurlagaheiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ekki gleyma brúnni

Klassíska uppbyggingin er vers, vers, viðlag, vers, vers, viðlag. Öðrum megin við viðlagið, oftast fyrir framan, kemur brú og hún getur verið hjartað í laginu sem lætur öll hin kerfin virka. Brúin hvílir eyrað og gefur þér tækifæri til að leika þér með fleiri hljóðfæri. Mundu að vanda trommur og bassa og fá þjálfuð eyru til að hlusta með þér aftur og aftur.

Pródúsent og þrautseigja

Þú þarft góðan pródúsent sem skilur það sem þú ert að gera. Hann vinnur ekki ókeypis og því skaltu nýta tímann og vera með heilsteypta hugmynd þegar þú ferð í hljóðver, með opinn hug fyrir samstarfi. Þá komum við aftur að fyrsta atriðinu, að þekkja sína eigin sérstöðu og sitt erindi.

Það tekur tíma og fyrirhöfn að búa til gæðalag og það krefst þrautseigju að byrja í ferlinu. Að skrifa lög er kunnátta sem þú byggir upp með tímanum, og þú batnar með hverju laginu. Sem sagt, ef þú vilt virkilega semja popplag geturðu gert það. Allir geta gert það. Þú þarft bara að halda áfram að æfa þig og þora að gera mistök.

BLACK FRIDAY

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

GILDIR ÚT 28.NÓV.- EINNIG Í VERSLUN

SPORTÍS

SPORTIS.IS
520-1000

SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK

HRINGBRAUT

Í KVÖLD

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 og KL. 20.30

ÍÞRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ

KL. 19.00 og KL. 21.00

EYFI +

KL. 20.00 og KL. 22.00

Ný Bítlabók gefur andstæðuna af glansmynd

Ný bók um Bítlana er komin út í íslenskri þýðingu. Bókin sem er í myndasöguformi er eftir finnska teiknarann og rithöfundinn Mauri Kunnas, og þýdd úr frummálinu. Bæði útgefandi og þýðandi hafa alist upp við tónlist Bítlanna og sjá þá ef til vill í örlítið breyttu ljósi eftir lesturinn.

ninarichter@frettabladid.is

Bókaútgáfan Krónika gefur bókina út. Heiða Björk Þórbergsdóttir forleggjari segir að aðdragandann megi rekja til Ólafs Páls Gunnarssonar útvarpsmanns á RÚV. „Hann fékk senda til sín enska útgáfu af bókinni frá útvarpsmanni sem vinnur í Finnlandi, sem gaf honum ensku bókina," segir Heiða. „Hann ætlaði upphaflega að þýða hana sjálfur, en þegar við höfðum samband við forlagið úti í Finnlandi vildu þau að við þýddum hana úr frummálinu. Þá heyrði ég í Erlu," segir hún.

Lennon ofdekraður leiðindapúki

Að sögn Heiðu hafa ekki komið út margar teiknimyndasögur sem sérstaklega eru ætlaðar fullorðnum. „Ég er alin upp við Bítlana. Ég vissi af fimmta Bítlinum sem hafði verið þarna með þeim, en ég vissi til dæmis ekki hvernig Ringo Starr kom inn í hans stað. Hann var þarna eldri og búinn að vera að vinna með öðrum hljómsveitum og annað," segir Heiða, um þann fróðleik sem finna má á síðum bókarinnar.

„Ég vissi heldur ekki að John Lennon hefði verið svona ofdekraður leiðindapúki og frekja. Þegar maður er búinn að lesa þetta fær maður aðra sýn á hann. Paul McCartney var síðan svona draumabarnið, draumur foreldra," segir útgefandinn.

Heiða svarar játandi, aðspurð hvort hún sjái sveitina í nýju ljósi eftir lesturinn. „Ég sé harkið hjá þeim þessi fyrstu ár. Hvað þeir voru þrautseigir og hvað þá langaði að slá í gegn. Það var aðallega John Lennon sem þráði hvað heitast að verða frægur og geta lifað á tónlist. Svo voru þeir mjög heppnir með umboðsmanninn sem þeir fengu. Hann lagði mikið í sölurnar fyrir þá til að koma þeim á kortið."

Líka fyrir þá sem lesa ekki

Heiða segist vera í skýjunum með útkomuna. „Ég er rosalega ánægð með að hafa fengið þessa bók," segir hún. Brotið á bókinni er stærra en venjuleg teiknimyndasaga. Það er rosalega margt fullorðið fólk í dag sem les ekki. Þetta er samt bók fyrir þá sem lesa ekki og eiga allt. Þú lest þetta alveg þó að þú sért ekki að fara að lesa þykka skáldsögu," útskýrir hún.

Erla Elíasdóttir Völudóttir þýðandi sneri bókinni úr finnsku yfir á íslensku. Erla segist vera gamall Bítlaaðdáandi, en þó sé langt síðan hún hlustaði á bandið með virkum hætti. „Ég hlustaði samt mjög mikið á þá sem krakki og unglingur," segir hún.

Erla segir að þó að hún hafi hlustað mikið á tónlistina hafi hún aldrei leitast sérstaklega eftir að verða sérfræðingur í sögu þeirra, en hún hafi þó haft grunnatriðin á hreinu. „Þessi bók fjallar aðallega um tímabilið áður en þeir meika það, og þegar bókinni lýkur eru þeir á þröskuldi frægðarinnar. Bókin segir frá uppvexti þeirra og því þegar þeir fara til Hamborgar," segir þýðandinn.

Litríkt líferni í Hamborg

Að sögn Erlu er bókin hreint ekki við hæfi ungra barna. „Í Bókatíðindum er hún flokkuð sem eina myndasagan fyrir fullorðna. Það er ekki reynt að draga fjöður yfir líferni þeirra í Hamborg, þeir voru á útopnu þar," segir Erla og hlær. „Og eins, hvernig þeir komu fram við konurnar í lífi sínu, það er ekkert verið að fegra það mikið."

Erla segist vita meira um persónulega sögu fjórmenninganna eftir verkefnið. „Þessi bók gefur andstæðu við glansmynd af þeim, myndi ég segja. Svo reyndar er heilmikill húmor í þessari bók og rödd höfundar er svolítið opin með að skálda í eyður. Þarna er margt sem enginn veit hundrað prósent hvernig fór fram. Þarna voru bara þeir á staðnum og engar beinar heimildir um hvernig allt fór fram," segir hún.

Höfundurinn er Mauri Kunnas, sem Erla segir að sé einn frægasti barnabókahöfundur Finna. „Hann bæði teiknar og skrifar bækur og þónokkrar bækur hafa verið þýddar eftir hann á íslensku. Kannski ekki nýlega heldur á níunda og tíunda áratugnum. Bækurnar um Olla, Polla og Alla og Börnin á Hvuttahólum, til dæmis," segir Erla. ■

Uppáhalds Bítlalag Erlu þýðanda er Happiness is a warm gun.

Erla Elíasdóttir Völudóttir

Uppáhalds Bítlalag Heiðu útgefanda er Live and let die.



Heiða Björk Þórbergsdóttir



AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrir@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Kolbeinn Kolbeinsson *kolbeinn@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

ILVA

FRÍ HEIMSENDING ÞEGAR KEYPTAR ERU
SMÁVÖRUR FYRIR 9.900 KR. EÐA MEIRA

BLACK FRIDAY

20 - 50%
AF ÖLLUM VÖRUM

*Gildir ekki af öllum sérpöntunum

ALLT OPIN - VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS - ALLTAF

ILVA Garðabæ, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18:30,
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

ILVA

ELKO

SVARTUR FÖSSARI

Tilboðin á þessari opnu gilda frá deginum í dag til sunnudags eða á meðan birgðir endast

-65.000
25 stk.

SAMSUNG
tvöfaldur kæli- og frystiskápur
- NoFrost tækni og Multiflow blástur
- Flöskuhilla og ferskvörusvæði
- LED lýsing og vatns- og klakavél
- Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð

RS68A8841B1EF

E | 409 ltr Kælir | 225 ltr Frystir | 178 cm Hæð
Orkuflokkur

Áður: 249.995 kr.
184.995
Eða **16.711 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 200.530 kr. | ÁHK 13%

-10.000
70 stk.

NINTENDO
Switch leikjatölva
- 6,2" 1280x720 snertiskjár
- Tengist við sjónvarp
- 32 GB flash geymsla
- Allt að 9 klst. rafhlöðuending

SWI32GBNEON

Áður: 59.995 kr.
49.995

-10.000
50 stk.

XBOX
Series X leikjatölva
- 4K upplausn í allt að 120 römmum/sek
- Hægt að bæta við gagnageymslu
- 1 TB SSD, 12 TFLOPS, 16 GB vinnsluminni
- Blu-Ray geisladrif sem spilar eldri XBOX leiki

XBOXSERX1TB

Áður: 97.995 kr.
87.995

-180.000
40 stk.

F | 109 kw/1000 klst
Orkuflokkur | Orkunotkun

LG
QNED81 75" UHD snjallsjónvarp (2022)
- QNED 4K 3840x2160, HDR
- WebOS snjallstýrikerfi
- ThinQ AI, Filmmaker Mode
- AMD FreeSync Premium

75QNED816QA

Áður: 379.995 kr.
199.995
Eða **18.005 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 216.055 kr. | ÁHK 13%

-40%
80 stk.

SAMSUNG
HW-B560 2.1 hljóðstöng m. bassaboxi
- 2.1 rása, 410 W
- Þráðlaust bassabox - Bluetooth
- Bass Boost, Game Mode
- Adaptive Sound Lite, OneRemote

HWB560XE

Áður: 69.995 kr.
41.995

UNAÐSTÆKI Á ALLT AÐ 40% KYNNINGAR-AFSLÆTTI

-45.000
25 stk.

ACER
Aspire Vero i7 15,6" fartölva
- 15,6" Full HD 1080p IPS skjár
- Intel Core i7-1195G7 örgjörvi
- 512 GB NVMe SSD, 16 GB vinnsluminni
- Yfirbygging úr endurunnu plasti

NXAYCED006

Áður: 179.995 kr.
134.995
Eða **12.398 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 148.780 kr. | ÁHK 16%

-70.000
15 stk.

G | 39 kw/1000 klst
Orkuflokkur | Orkunotkun

SAMSUNG
C34J791 34" boginn skjár
- Boginn 34" 1440p VA QLED skjár
- 100Hz endurnýjunartíðni
- 21:9 Widescreen skjáhlutfall
- Thunderbolt tenging

LC34J791WTUXEN

Áður: 169.995 kr.
99.995
Eða **9.380 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 112.555 kr. | ÁHK 20%

-30%
80 stk.

AÐEINS Á ELKO.IS

POLAROID
Now skyndimyndavél
- Prentar samstundis á ZINK pappír
- 2 linsur, AutoFocus og flass
- Innbyggt double-exposure
- Tímastillir og USB hleðsla

POLNOWBK

Áður: 24.990 kr.
17.495



-36%
30 stk.

HYPERX
Cloud Core heyrnartól
- Þráðlaus USB-A móttakari
- 53 mm hljóðdósir
- Hljóðeinangrandi hljóðnemi
- Allt að 20 klst. rafhlöðuending

HYPXCLOUDCORE

Áður: 21.995 kr.
13.995

-50%
150 stk.

STORYTEL
Reader lesbretti
- 6" 720p skjár
- 8 GB geymslurými
- Krafa um Storytel aðgang.
- 1 mán. áskrift fylgir

134910

Áður: 18.895 kr.
9.450

-50%
100 stk.

STORYTEL
Reader hulstur
- Fyrir Storytel Reader
- Verndar fram- og bakhlið
- Rispu- og höggvörn
- Mjúkt

STOREAHUL

Áður: 3.495 kr.
1.750

Birt með fyrirvara um myndabrengl og prentvillur. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana. Raðgreiðsluverð m.v. 12 mán. vaxtalaust lán hjá Síminn Pay: 0% vextir, 3,5% lántökugjald, 755 kr. greiðslugjald.

ELKO

STÆRSTA TILBOÐSVIKA ÁRSINS

-140.000
25 stk.

F Orkuflokkur | 96 kw/1000 klst Orkunotkun

SONY
A75K 65" UHD OLED snjallsjónvarp (2022)
- OLED 4K 3840x2160, HDR
- Google TV snjallstýrikerfi
- Dolby Vision, Dolby Atmos
- Chromecast, Apple AirPlay, Apple HomeKit

XR65A75KAEK

Áður: 439.995 kr.

299.995

Eða **26.630 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 319.555 kr. | ÁHK 10%

-35%
50 stk.

HAWS
Samsø 5,5 ltr AirFryer
- 1400 W
- 5,5 lítra
- Stafrænn skjár
- 8 eldunarkerfi

30AFRY20200

Áður: 22.995 kr.

14.895

-30%
50 stk.

DELONGHI
Magnifica S kaffivél
- 1450 W
- 15 bör
- 1,8 lítra vatnstankur
- Hljóðlát kvörn

ECAM22115B

Áður: 74.980 kr.

52.495

-30.000
35 stk.

E Orkuflokkur | 44 dB Hljóðstyrkur | 13 Manna

BOSCH
uppþvottavél
- Hljóðlát stálvél gerð í innréttingu
- Sjálfvirkt-, spar- og 65° C hraðkerfi
- SpeedPerfect+, allt að 65% tímastytting
- 100% vatnsvörn og hnífaparaskúffa

SMU4HVI72S

Áður: 99.995 kr.

69.995

Eða **6.792 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 81.505 kr. | ÁHK 27%

-38.500
60 stk.

B Orkuflokkur | 1400 Snúningar | 10,5 kg Hám.þyngd

LG
þvottavél
- Stafrænt viðmót og seinkuð ræsing
- Beintengdur mótor með 10 ára ábyrgð
- 14 kerfi m.a. hrað-, gufu- og yfirhafnakerfi
- Ullar- og hraðkerfi og vegur þvottinn

FV34JNS0A

Áður: 109.995 kr.

71.495

Eða **6.921 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 83.057 kr. | ÁHK 26%

-45.000
60 stk.

A Orkuflokkur | 1600 Snúningar | 9 kg Hám.þyngd

ELECTROLUX
PerfectCare 800 þvottavél
- AutoDose sjálfvirk skömtun á þvottamiðlum
- UltraWash 59 mín kerfi sparar tíma og orku
- 20 mín hrað-, skyrtu-, denim- og sængurkerfi
- UltraCare, lægri hiti og forblandað þvottaefni

EW8F8669Q9

Áður: 149.995 kr.

104.995

Eða **9.811 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 117.730 kr. | ÁHK 20%



-50.000
65 stk.

SAMSUNG
Galaxy Tab S8 11" spjaldtölva - WiFi
- 11" skjár, 120Hz og 1600x2560 upplausn
- 13 MP og 6 MP Ultrawide bakmyndavélar
- 128 GB minni, 8 GB vinnsluminni
- S penni fylgir, 45 W hraðhleðsla

SMX700NGRA SMX700NPIN

Áður: 129.995 kr.

79.995

Eða **7.655 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 91.855 kr. | ÁHK 24%

-20.000
100 stk.

GARMIN
Venu 2S snjallúr
- Allt að 11 daga rafhlöðuending
- Einfalt að hlaða tónlist á úrið með Spotify
- Kemur með forhlöðnum æfingum
- Fleiri æfingar með Gamin Connect

0100242910 0100242911 0100242912
0100242913 0100243010 0100243011

Áður: 72.995 kr.

52.995

-51%
100 stk.

BOSE
QuietComfort Earbuds
- Virk hljóðeinangrun (ANC)
- Vatnsvarin með IPX4
- Allt að 6 + 12 klst. rafhlöðuending
- StayHear Max

831262040

Áður: 44.995 kr.

21.995

-40%
60 stk.

BABYLISS
Compact Pro hárblásari
- 2400 W kraftur
- Ion Anti-Frizz tækni
- 2 hitastillingar + kalt loft
- 2 hraðastillingar

6715DE

Áður: 15.994 kr.

9.595

-30%
50 stk.

REVLON
Pro Collection hitabursti
- 800 W DC mótor
- Ion tækni
- Létt hönnun
- 3 hitastillingar

RVDR5222E

Áður: 10.990 kr.

7.695

-30%
50 stk.

ANOVA
Sous Vide Nano
- 750 W
- 20 hámarkslítrar
- 0° - 92° C hitastig
- Bluetooth, Anova snjallforrit

AN400EU00

Áður: 23.995 kr.

16.795

ELKO

Birt með fyrirvara um myndabrengl og prentvillur. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana. Raðgreiðsluverð m.v. 12 mán. vaxtalaust lán hjá Síminn Pay: 0% vextir, 3,5% lántökugjald, 755 kr. greiðslugjald.

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar Guðmundsdóttur

Innri friður með afslætti

Það er vor, þú sem ert á himni. Á þessum orðum hóf vinkona mín faðirvorið, á hverju kvöldi og gerir enn. Þegar hún var lítil og myrkfælin lá hún stundum andvaka og endurtók í sífellu „það er vor, það er vor, það er vor ...“, það Guð um að passa sig og náði að róa hugann, drepa ljótu kallana sem voru undir rúmi og inni í skáp.

Þetta var mantran hennar. Seinna varð hún trúlaus hamingjufræðingur, kenndi hugleiðslu í jógafötum og fótlaga skóm, bjó í íbúð með draumaföngurum og Búddalíkneskjum. Á milli sjálfshjálparbóka glitti í heilaga kú.

Sumir finna innri frið í bæn, aðrir á hugleiðslunámskeiði í jógafötum, enn aðrir við langar setur fyrir framan líkneski. Allar eiga þessar leiðir það sameiginlegt að vera hefðir sem byggja á endurtekningum, rútínu, og veita sumum kjölfestu í öldugangi lífsins. Engin þeirra er rétt, engin röng, og fátt leiðinlegra en rökræður um trú og trúleysi næsta manns.

Hátíð ljóss og friðar fer að mestu fram í Kringlunni og Smáralind, svo ekki sé minnst á erlenda netverslun, nýjasta gereyðingarvopn íslensku krónunnar. En eigi skal gráta útjaskað kreditkort, heldur safna liði, fara í Kringluna og kaupa slatta af dýrum hlutum – til að segja fólki að okkur þyki vænt um það. Finna innri frið með 20 til 40 prósenta afslætti á svörtum fössara og sigla á raðgreiðslum inn í nýtt ár.

Kannski verða þetta jólin þegar við göngum hægt um jólagleðinnar dyr, snúningsdyr verslunarmiðstöðva og gleðidyr jólabjórsins. Eða ekki. Gleðilegan föstudag! ■



20-60%

AF ÖLLUM VÖRUM

30% AFSLÁTTUR

FLORIDA

Hornsófi í svörtu leðri.
Hægra eða vinstra horn.
260 x 218 x 91 cm.

349.993 kr. ~~499.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

MANZANO

3ja sæta leðursófi. 209 x 91 x 91 cm.

167.993 kr. ~~239.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

LIAM

Tungusófi, hægra horn með gráu áklæði. 267 x 160 x 93 cm.

359.993 kr. ~~479.990 kr.~~

55% AFSLÁTTUR

MEDUSA

Borðstofustóll. Ýmsir litir, svartir fætur.

26.996 kr. ~~59.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

MICHELLE

Borðstofustóll. PU-leður (gervileður)

18.193 kr. ~~25.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

ALEXA

Borðstofustóll, svart leður.

24.493 kr. ~~34.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

MAYWOOD

3ja sæta sófi í ljósgráu áklæði.
212 x 85 x 73 cm.

160.993 kr. ~~229.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

COUVIN

Glerskápur úr svörtu birki.
120 x 42 x 210 cm.

194.993 kr. ~~259.990 kr.~~

42% AFSLÁTTUR

ALINA

Borðstofuskenkur. Spónlögð reyklituð eik. 160 x 45 x 72 cm.

98.594 kr. ~~169.990 kr.~~

42% AFSLÁTTUR

ALINA

Glerskápur. Spónlögð reyklituð eik. 72 x 36 x 145 cm.

81.194 kr. ~~139.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

GLOBE

Hægindastóll og skammel.

257.235 kr. ~~342.980 kr.~~

www.husgagnahollin.is

* Gildir ekki af Skovby né sérpöntunum.

HÚSGAGNA HÖLLIN

BLACK FRIDAY

20-60%
AF ÖLLUM VÖRUM

50% AFSLÁTTUR

JÓLATRÉ
Svart. H34 cm.
Verð ~~4.690 kr.~~
Nú 2.345 kr.

TINDÁTI
H31,5 cm. Verð ~~6.490 kr.~~ **Nú 3.245 kr.**
H22 cm. Verð ~~4.290 kr.~~ **Nú 2.145 kr.**

MINNA
Jólatré. H52 cm.
Verð ~~13.990 kr.~~
Nú 6.995 kr.

HREINDÝR
H34 cm. Verð ~~11.990 kr.~~
Nú 5.990 kr.

30% AFSLÁTTUR

KARE
Bohemian vasi, svartur og hvítur.
H19 cm. Verð ~~7.990 kr.~~ **Nú 5.593 kr.**

60% AFSLÁTTUR

DE BUYER JAVA
Saltkvörn. H21 cm.
Verð ~~5.990 kr.~~ **Nú 2.396 kr.**

50% AFSLÁTTUR

EIGHTMOOD
Creek Island vasi. 28 cm.
Verð ~~16.990 kr.~~ **Nú 8.495 kr.**

50% AFSLÁTTUR

NORDAL ARUBA
Fótavasi, 2 litir.
H19,5 cm. ~~4.990 kr.~~ **Nú 2.495 kr.**

50% AFSLÁTTUR

NORDAL AVAJI
Vasi, sitjandi líkami.
Verð ~~7.990 kr.~~ **Nú 3.995 kr.**

50% AFSLÁTTUR

RIVERDALE LUNE
Vasi. H40 cm. Verð ~~14.990 kr.~~
Nú 7.495 kr.

50% AFSLÁTTUR

NORDAL TORC
Skál. Beinhvít eða svört.
Verð ~~1.990 kr.~~ **Nú 995 kr.**

30% AFSLÁTTUR

GLYK JOY
Jólailmkerti 250 ml.
Verð ~~4.990 kr.~~ **Nú 3.493 kr.**

50% AFSLÁTTUR

NORDAL AVAJI
Tertudiskur. Ø30,5 cm.
6.495 kr. ~~12.990 kr.~~

20% AF VÖRUM FRÁ IITTALA OG BITZ Í DAG

iittala Bitz



25-40% AF DELUXE HOMEART RAFMAGNSKERTUM

30% AF SOISALO MATARSTELLI

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

Reykjavík Bíldshöfði 20
Akureyri Dalsbraut 1
Ísafjörður Skeiði 1

OPIÐ TIL KL. 22
Í ÖLLUM VERSLUNUM Í DAG

* Gildir ekki af Skovby né sérpöntunum.

HÚSGAGNA HÖLLIN